

**SKOÐUN** Einar Steingrímsson skrifar um epli og gerviepli í Háskóla Íslands. 25



**MENNING** Kristín Gunnlaugsdóttir fjallar um kvensköp í sýningu sinni í Listasafni Íslands. 48



**SPORT** Leikjaálag á efnilegustu knattspyrnustúlkur þjóðarinnar er mikið áhyggjuefni. 53







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
7. nóvember 2013
262. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Segir lán hafa verið mútur

Halldór Bjarkar Lúðvígsson, fyrrverandi viðskiptastjóri á útlánasviði Kaupþings, sagði í héraðsdómi í gær að 50 milljóna dollara lán bankans til Al-Thanis hafi verið mútur. 6

**Fatlaðir njóta ekki verndar** Ekkert mál hefur borist nefnd sem á úrskurða um hvort beita megi fatlað fólk nauðung á því ári sem liðið er frá því nefndinni var komið á laggirnar. Ástæðan er fjárskortur. 4

**Standa ekki vaktina** Keppinautur Íslandspósts telur Póst- og fjarskiptastofnun vanhæfa til að taka á „lögbrotum“ Íslandspósts og hafi árum saman engar athugasemdir gert við brotalamir í rekstri félagsins. 10




24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | NA | 13 |
| Akureyri | -1° | NA | 7 |
| Egilsstaðir | 0° | NA | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | NA | 6 |
| Reykjavík | 3° | NA | 8 |

**VÍÐA ÚRKOMA** Norðaustan 8-18 m/s, hvassast á Vestfjörðum. Víða él N-til og slydda SA-lands, en þurrt að mestu V-til. Hiti víðast í kringum frostmark en að 5 stigum syðst. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Trú á olíufund myndi strax bæta lánstraust Íslendinga

Sterk rök fyrir olíufundi á yfirráðasvæði Íslands gætu bætt lánstraust þjóðarinnar og því haft meiriháttar áhrif á fjárhag ríkisins. Forsætisráðherra segir að norðurslóðamál séu efst á lista ríkisstjórnar sinnar í utanríkismálum.

**EFNAHAGSMÁL** Aðeins möguleikinn á olíufundi á Drekasvæðinu felur í sér mikil sóknarfæri fyrir Austurland, og reyndar landið allt. Þetta er mat Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra. Að setja undirbúningsvinnu af stað vegna hugsanlegs olíufundar leiðir til jákvæðrar keðjuverkunar og gæti jafnvel bætt lánstraust Íslands.

„Ég hef mikla trú á framtíð Íslands og hún byggist ekki hvað síst á þessum risastóru tækifærum sem við erum að ræða hér í dag,“ sagði Sigmundur á atvinnumálaráðstefnu Austurbrúar á Hallormsstað í gær, en hugsanlegt olíuævintýri á Drekasvæðinu og norðurslóðamál voru þar í forgrunni á öðrum degi ráðstefnunnar. Hann sagði reyndar að „norðurslóðamál væru ofarlega, jafnvel efst á lista, í forgangsröðun ríkisstjórnarinnar – sérstaklega í utanríkismálum. Á hverjum einasta fundi sem ég hef átt með fulltrúum erlendra ríkja hefur þetta verið eitt aðalmálið – og ekki endilega að mínu frumkvæði.“

Sigmundur sagði að útlendingar hefðu orðið fyrri til að sjá um hversu stórt tækifæri sé um að ræða og því megi Íslendingar engan tíma missa við að hefja undirbúning. Ekki síst í ljósi þess að ráðamenn annarra þjóða, ekki síst Kínverja, séu afar áhugasamir um norðurslóðir og hlutverk Íslands í því samhengi.

Sigmundur sagði reyndar að trúin ein gæti dugað til að mikilla áhrifa. Undirbúningsvinna og rannsóknir hafi áhrif á fjárfestingu og uppbyggingu og jafnvel fjárhag ríkisins. „Þau vaxtakjör sem þjóðast á þessar skuldir sem við erum að reyna að greiða niður, þau ráðast af framtíðarhorfum í íslensku atvinnulífi. Og það að 320 þúsund manna þjóð væri komin með sterk rök fyrir því að verulegar olíu- og gaslindir væri að finna í lögsögunni myndi væntanlega auka lánstraust Íslands til mikilla muna og hefði þannig strax mikil bein fjárhagsleg áhrif. Bara það að menn hafi trúna og setji vinnuna af stað getur leitt til jákvæðrar keðjuverkunar.“ - shá



> **Á hverjum einasta fundi sem ég hef átt með fulltrúum erlendra ríkja hefur þetta verið eitt aðalmálið – og ekki endilega að mínu frumkvæði.**
>
> *Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra*



**KOMIN AÐ BRYGGJU** Varðskipið Þór dró flutningaskipið Fernöndu til hafnar á Grundartanga síðdegis í gær, viku eftir að eldur kom upp í skipinu. Þar með lauk afskiptum Landhelgisgæslunnar af Fernöndu en lögregla og slökkvilið koma til með að ljúka rannsókn á eldsupptökum. Í baráttunni við eldinn um borð í Fernöndu reyndi í fyrsta skipti að fullu á getu varðskipsins til slökkvistarfs á hafi úti. Sjá bls. 8 FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Mannekla í sænsku líkhúsi:

## Húsvörðurinn í krufningum

**SVÍÞJÓÐ** Í líkhúsinu í Kristianstad í Svíþjóð hefur húsvörður í afleysingastarfi krufið að minnsta kosti tvö lík. Áður hafði hann tekið líffæri og hornhimnur úr látnum einstaklingum.

Í frétt á vef Sydsvenska Dagbladet segir að í júlí síðastliðnum hafi verið mannekla vegna sumarfría en í kjallaranum hafi legið lík sem þurfti að kryfja. Yfirmenn ákváðu að leita til húsvarðarins. Honum fannst þetta í lagi, að því er hann segir í viðtali á fréttavefnum.

Deildarstjórinn Leif Gillving kveðst hafa verið efins og leitað ráða annarra áður en hann tók ákvörðunina þar sem húsvörðurinn hafi ekki haft menntun í faginu. Hann hafi hins vegar aðstoðað við krufningar um langt skeið. - ibs

Magni Ágústsson er reyndur kvikmyndatökustjóri búsettur í Bretlandi:

# Skaut One Direction-myndband

**FÓLK** „Lagið heitir Story of My Life og myndbandinu er leikstýrt af Ben Winston. Hann var svo hrifinn af myndbandi við lagið When We Were Young sem ég skaut fyrir hljómsveitina Take That og þannig var ég fenginn í verkefnið,“ segir Magni Ágústsson kvikmyndatökustjóri en hann stjórnaði tökum á nýjasta myndbandi hljómsveitarinnar One Direction.

Breska strákahljómsveitin One Direction er ein frægasta hljómsveit heims um þessar mundir.

„Þessir strákar eru rosalega ungir, allir um tvítugt. Harry Styles, sem ég var í mestum samskiptum við, var mjög almennilegur og hann spjallaði mikið. Hann spurði mikið um Ísland,“ segir Magni. „Honum fannst gaman að heyra að dætur mínar tvær væru aðdáendur númer eitt á Íslandi,“ útskýrir Magni.

Myndbandið kom út síðastliðinn sunnudag.

„Það er gaman að sjá hvað myndbandinu gengur vel, það virðist sem einhverjar milljónir hafi skoðað það fyrsta sólarhringinn,“ segir Magni, en rúmar átján milljónir höfðu séð myndbandið í gær. - ósk/sjá síðu 58



> **Honum fannst gaman að heyra að dætur mínar tvær væru aðdáendur númer eitt á Íslandi.**
>
> *Magni Ágústsson kvikmyndatökustjóri*







## SPURNING DAGSINS



Björgólfur, eruð þið ekki í skýjunum?

**„Jú, við erum í sjöunda himni.“**

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, býst við áframhaldandi vexti félagsins en það skilaði nýverið hagnaði upp á rúma átta milljarða króna.

Maður sem hélt ástralskri konu nauðugri í iðnaðarhúsnæði í Reykjavík dæmdur í héraðsdómi:

# Fimm ára fangelsi fyrir árás og nauðgun

**DÓMSMÁL** Wojciech Marcin Sadowski var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í fimm ára fangelsi fyrir nauðgun, sérstaklega hættulega líkamsárás og frelsissviptingu. Wojciech, sem er pólskur ríkisborgari, var ákærður fyrir að hafa í apríl á þessu ári haldið ástralskri konu nauðugri í iðnaðarhúsnæði í 30 til 40 mínútur og beitt hana ofbeldi. Þá var hann einnig ákærður fyrir að hafa, meðan á frelsissviptingu stóð, krafið konuna um kynlíf, ítrekað slegið og sparkað í höfuð hennar og líkama, þröngvað hana til munnmaka og haldið áfram árás sinni eftir það.

Wojciech neitaði sök í málinu en dómarar í málinu telja að framburður konunnar sé trúverðugur. Hún gaf skýra og greinargóða lýsingu á atvikum við aðalmeðferð málsins, sem var í öllum meginatriðum í samræmi við frásögn hennar við skýrslutöku hjá lögreglu og við réttarlæknisfræðilega skoðun á Neyðarmóttöku í kjölfar atburðarins.

Wojciech var dæmdur fyrir alla þá liði sem hann var ákærður fyrir og segir í dómnum að árás hans hafi verið mjög alvarleg og til þess fallin að valda konunni miklum ótta og vanlíðan. Þá beitti hann stórfelldu ofbeldi.

Hann þarf að greiða konunni rúmlega 3 milljónir króna í miskabætur. - ebg



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Wojciech Marcin Sadowski var í gær dæmdur fyrir frelsissviptingu, sérstaklega hættulega líkamsárás og nauðgun. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR SIGURÐSSON



**ÁSÝNDIN BÆTT** Hraunavinir stungu niður fánum í gær til að bæta ásýnd hraunsins. Reynir Ingibjartsson hraunavinur stingur niður fána í hraunið skammt frá Kjarvalsklettunum svokölluðu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hraunavinir halda áfram baráttu fyrir vernd Gálgahrauns:

## Kjarvalsdagar standa yfir

**NÁTTÚRUVERND „Einn hraunavinur kom með þessa fána og okkur fannst við hæfi að stinga þeim niður til að reyna að bæta ásýnd svæðisins aðeins,“ segir Reynir Ingibjartsson hraunavinur og segir svæðið stórskemmt eftir að 40 tonna ýta ruddist yfir það.**

**„Annars köllum við þessa daga Kjarvalsdaga. Við höfum óskað eftir því við myndlistarfólk að það leggi okkur lið við verndun hraunsins. Það mættu hins vegar fáir myndlistarmenn í gær enda viðraði ekki til að standa úti og mála. Það var rok og á tímabili gekk á með éljum,“ segir Reynir og bætir við að spáð sé betra veðri þegar líður að helgi.**

**Hann segir að nokkrir myndlistarmenn hafi boðið hraunavinum myndir sem þeir geti selt til að fjármagna starfsemi sína. Fyrir það séu hraunavinir afar þakklátir.** -jme

Endurskoðun heldur áfram:

## Ný nefnd um stjórnarskrána

**STJÓRNMÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra skipaði í gær nýja stjórnarskrárnefnd í samræmi við samkomulag allra þingflokka frá því í sumar.**

**„Í nefndinni sitja fulltrúar tilnefndir af þeim stjórnmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi, nánar tiltekið fjórir fulltrúar tilnefndir af ríkisstjórnarflokkunum og fjórir af stjórnarandstöðu,“ segir í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu. Sigurður Líndal, prófessor emeritus, er formaður nefndarinnar.** - gar

Söfnun KFUM lýkur brátt:

## Börn í Úkraínu fá jólagjafir

**SAMFÉLAGSMÁL** „Jólapakkarnir fara til Úkraínu á svæði þar sem er mikil fátækt og mikið atvinnuleysi. Pakkarnir fara til munaðarlausra barna og til barna sem eiga fátæka að,“ segir Salvar Geir Guðgeirsson, verkefnisstjóri fyrir Jól í skókassa, sem er á vegum KFUM. Nokkur hundruð gjafir hafa borist en söfnuninni lýkur á laugardag.

„Við biðjum fólk um að láta svolítinn pening fylgja með gjöfinni, 500 til 1.000 krónur. Peningarnir fer upp í sendingarkostnað,“ segir Salvar. - jme

# Skólastjóri er sjálfboðaliði á leikskóla

Gunnar Þór Jónsson hafði lengi langað til að kynna sér og aðstoða við lestrarkennslu í leikskóla. Hann lét verða af því þegar hann fór á eftirlaun síðastliðið vor.

**SAMFÉLAG** „Það eru endalausir nýir fletir til að upplifa og sjá,“ segir Gunnar Þór Jónsson sem starfar sem sjálfboðaliði á leikskólanum Tjarnarseli í Reykjanesbæ. Hann fór á eftirlaun síðasta vor eftir fjörutíu ára starf sem kennari og skólastjóri, nú síðast sem skólastjóri Heiðarskóla í Reykjanesbæ.



**RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR**

„Þetta á sér langan aðdraganda. Konan mín hefur verið leikskólastjóri á Tjarnarseli í 18 ár. Þetta var einn af fyrstu leikskólunum sem fór markvisst í lestrar- og skriftarkennslu og ég hef fylgst með starfi þeirra lengi, bæði hjá konunni og svo barnabörnunum sem hafa komið nánast læs upp úr leikskólanum.“

Gunnar langaði að sjá hvernig unnið er með lestur, skrift og íslenskukennslu í leikskólanum og hjálpar til með lestrarkennslu fyrir elstu börn leikskólans fyrir hádegi alla virka daga.

„Það er frábært að fylgjast með þeim og fá að taka þátt af fullum krafti. Svo get ég líka kannski lagt eitthvað til málanna. Það er líka alltaf gaman að vinna með börnum og fá að kenna þeim. Mín reynsla og áhugi liggur fyrst og fremst á sviði skólamála,“ segir Gunnar.

Hann segir lítið mál fyrir þau hjónin að starfa saman. „Við höfum unnið mikið saman í gegnum tíðina en ég veit svo sem ekki hvernig það er fyrir hitt starfsfólkið að kallinn sé kominn í starfsmannahópinn.“



**LESTUR Í GEGNUM LEIK** Gunnar aðstoðar leikskólakennara við að kenna börnunum lestur í gegnum alls kyns leiki

Gunnar þvertekur fyrir að hann hafi tekið að sér starfið af því að honum leiddist eftir að hann fór á eftirlaun. „Alls ekki. En mig hefur lengi langað til að taka þátt í verkefninu og loksins fékk ég tíma fyrir það.“

Ragnhildur Sigurðardóttir, aðstoðarleikstjóri Tjarnarsels, hefur stýrt lestrarkennslunni í leikskólanum og fagnar framlagi Gunnars. „Það er alveg yndislegt að fá hann hérna inn. Hann kennir okkur nýjar leiðir og hann kynnist leiðum leikskólans. Svo finnst börnunum óskaplega gaman að hafa hann með,“ segir Ragnhildur.

Tjarnarsel hefur í tíu ár lagt áherslu á lestrarnám. Markmiðið er að styrkja sjálfstraust barnanna og sporna við sérkennslu í grunnskólum. Það er gert með því að kynna börnin fyrir lestri í gegnum leik og vekja forvitni þeirra.

> **Það er frábært að fylgjast með þeim og fá að taka þátt af fullum krafti. Svo get ég líka kannski lagt eitthvað til málanna.**
>
> *Gunnar Þór Jónsson, fyrrverandi skólastjóri og sjálfboðaliði á Tjarnarseli.*

erlabjorg@frettabladid.is




Eigendur farþegaferjunnar Norrænu íhuga að hætta að sigla til Seyðisfjarðar

# Skoða Eskifjörð og Reyðarfjörð

**SAMGÖNGUR** „Norræna hefur verið þungamiðja í atvinnulífi bæjarins,“ segir Vilhjálmur Jónsson, bæjarstjóri Seyðisfjarðar.

Rekstraraðili Norrænu, Smyril Line, hefur til athugunar að sigla ferjunni til Fjarðabyggðar í stað Seyðisfjarðar.

Forsvarsmenn Smyril Line hafa sent bæjar- og hafnarstjórn Fjarðabyggðar erindi vegna þessa og verður það skoðað á næstu dögum.

Valdimar Hermannsson, formaður stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, segir að erindið hafi komið á óvart. Hann segir að stjórnendur Fjarðabyggðar vilji styðja við bakið á nágrönnum sínum á Seyðisfirði.

„En ef stjórnendur Smyril Line eru búnir að taka ákvörðun um að fara frá Seyðisfirði, þá verðum við að ræða við þá.“ Tvær hafnir þykja koma til greina í Fjarðabyggð, Reyðarfjöður og Eskifjörður.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra og fyrsti þingmaður kjördæmisins, hitti bæjarstjóra Seyðisfjarðar á fundi í gær og á fundinum voru þessi mál rædd. - jme,bl




**SMYRIL LINE** Eigendur Norrænu hafa sent bæjaryfirvöldum í Fjarðabyggð erindi og óskað eftir viðræðum um að Norræna hefji siglingar annaðhvort til Eskifjaðar eða Reyðarfjarðar.

*Við elskum jólin*

# Konukvöld

## Blómavals í Skútuvogi í kvöld

## kl. 18.00 til 21.00



**25%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Í BLÓMAVALI! EINNIG AF ALLRI JÓLAVÖRU, JÓLALJÓSUM, ÚTIVISTARFATNAÐI OG BÚSÁHÖLDUM

**25%** AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM OG 10% AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM Í HEILSUTORGI.

### Dagskrá hefst kl. 18.00

**Kynnir kvöldsins er Svansí (Svanhildur Þórsteinsdóttir)**

- Tískusýning á útivistarfatnaði kl. 19.00.
- Helgi Björns tekur lagið kl. 19.30 og áritar nýja diskinn sinn.
- Elísabet Margeirsdóttir áritar bók sína Út að hlaupa.
- Blómaskreytar Blómavals sýna jólaskreytingar.
- ...og margt fleira!



Svansí kynnir



Helgi Björns tekur lagið

**Happdrætti**

*Fjöldi glæsilegra vinninga!*

*Allir fá miða!*

- Aviken vöfflujárn
- Remington hársnyrtitæki
- Snyrtivörur frá Avon
- Snyrtivörur frá Weleda
- Barnafatnaður frá Kátum krökkum
- Bækur frá Eddu útgáfu
- Tveggja metra lifandi jólatré frá Blómavali

### Vörukynningar:

*Remington hársnyrtivörur, Noel jólailmurinn, sokkabuxur og Dr. Hauska snyrtivörur, snyrtivörur frá Avon, Crabtree and Evelyn, Weleda, Ditto, Purity Herbs, Lavera, Benecos, Sóley, snyrtivörur og ilmkerti frá Önnu Rósu, hárlitunarefni frá Blóm í eggi, Blómadropar Stefaníu og reykelsi frá Búlandi.*

*Konfekt frá Nóa Síríus, Kötlu vöffludeig og Aviken vöfflujárnið, Egils Jólaöl, Sólheima kökur og brauð, Macintosh konfekt, Pottagaldrar, te, safar og snakk frá Arka, AME social drykkurinn, fjallagrös, þari, söl og berjasaft frá Íslenskri hollustu, Saga Memo og Saga Pro, Alpha Daily safi og hunang, Rautt eðalginseng og Hrákökufreistingar frá Organic Jóa.*

*Kátir krakkar barnafatnaður, Núrgis íslensk fatahönnun, JK Design fatahönnun og bókakynningar frá Eddu: Afmælisveislubókin, Förðun skref fyrir skref, Í tilefni dagsins, Lokkar.*





**599** SÚPERTILBOÐ! TAKMARKAÐ MAGN FULLT VERÐ, 1.699 KR.

*AFSLÁTTUR gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar og tilboðsvörum.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

DYNAMO REYKJAVÍK

## SVONA ERUM VIÐ



**22,3%** **heimila fengu netið í gegnum ljósleiðara á síðasta ári**

**en 70,8% í gegnum ADSL eða sambærilega tengingu.**

Ljósleiðaravæðingin hefur gengið hratt, því árið 2009 voru aðeins 3,7% heimila með ljósleiðaratengingu.

Góðgerðarleikur á Facebook vekur jákvæð viðbrögð:

# Vinir Vísis styrkja Barnaspítala

**GÓÐGERÐARMÁL** Fréttavefurinn Vísir stefnir að því að gefa Barnaspítala Hringsins veglega peningagjöf rétt fyrir jól. Hversu há upphæðin verður veltur á Facebook-vinum Vísis því að við hvert „like“ sem Vísir fær renna 25 krónur til spítalans.

„Leikurinn hefur farið afar vel af stað og í raun og veru hraðar en við hefðum þorað að vona,“ segir Tinni Sveinsson, vefstjóri Vísis. „Nú þegar hafa nokkur þúsund manns bæst í vinahóp okkar á Facebook og þar með bæst í hóp þeirra sem styrkja Barnaspítalann án þess þó að borga krónu.“

Í upphafi átti að fara af stað með leik þar sem fólk gæti unnið vinninga eins og vinsælt er á Facebook. Niðurstaðan varð hins vegar sú að verja peningunum í gott málefni.

„Við fylgjumst spennt með þróun mála en leikurinn verður í gangi þangað til líða fer að jólum. Þannig að vonandi getum við gefið Barnaspítalanum mjög veglega jólagjöf,“ segir Tinni. - ebg



**Leikurinn fer mjög vel af stað og í raun og veru hraðar en við hefðum þorað að vona.**

*Tinni Sveinsson vefstjóri Vísis*

Vífilfell hljóp á sig:

# Risaauglýsing án heimildar

**SKIPULAGSMÁL** Flennistór auglýsing fyrir Coca-Cola á húsi Hótels Borgar við Pósthússtræti vakti athygli vegfarenda á þriðjudag en í gær var auglýsingin á bak og burt.

„Það voru bara ekki öll tilskilin leyfi komin í hús hjá þeim sem seldi okkur auglýsingasvæðið, Hótel Borg,“ segir Jón Viðar Stefánsson, markaðsstjóri hjá Vífilfelli. Hann segir að auglýsingin hafi hangið uppi í sólarhring en síðan verið fjarlægð. Hann vonist til að auglýsingin verði sett upp aftur. - hva



**VEIÐI** Stangveiði hér á landi veltir um 20 milljörðum króna á ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Enginn VSK af stangveiðum:

# Veiðileyfi teljast fasteignaleiga

**VEIÐI** Enginn virðisaukaskattur er innheimtur af sölu stangveiðileyfa þar sem sala á veiðileyfum flokkast undir fasteignaleigu. Þetta kemur fram í svari Frosta Sigurjónssonar, formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, við fyrirspurn á vefnum spyr.is.

Stangveiði á Íslandi veltir um 20 milljörðum króna á ári, að því er fram kemur í ársskýrslu Veiðimálastofnunar fyrir síðasta ár.

Fasteignaleiga er undanþegin virðisaukaskatti og þar með útleiga á fasteignatengdum réttindum eins og veiðirétti. - bj

Allir leggja sitt af mörkum:

# Standi saman gegn einelti

**SAMFÉLAG** Dagur gegn einelti er á morgun. Eru landsmenn hvattir til að standa saman gegn einelti í samfélaginu, ekki síst í skólum og á vinnustöðum.

Allir eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að einelti fái ekki þrifist í samfélaginu og að beina sjónum að jákvæðum samskiptum, jákvæðum skólabrag og starfsanda.

Verkefnastjórn um aðgerðir gegn einelti stendur að hátíðardagskrá í Verzlunarskóla Íslands á morgun í tilefni dagsins. - ebg

# Nefnd sem vernda á fatlaða gegn nauðung er í fjársvelti

Allar líkur eru á að fatlaðir séu enn beittir nauðung þótt nýleg lög banni það. Engar undanþágur hafa verið veittar frá því lögin tóku gildi fyrir ári. Sérfræðingar fjalla um undanþágubeiðnir í aðeins sex tíma í mánuði.

**FÉLAGSMÁL** Ekkert mál hefur borist nefnd sem ætlað er að úrskurða um hvort beita megi fatlað fólk nauðung á því ári sem liðið er frá því henni var komið á laggirnar. Ástæðan er fjárskortur sérfræðinga sem fjalla um málin.

Um 80 mál eru í vinnslu hjá hópi sérfræðinga sem undirbýr mál sem berast til nefndarinnar, skoðar tillögur og kemur með ábendingar um mögulegar leiðir aðrar en valdbeitingu, segir Felix Högnason, formaður hópsins.

Sérfræðingarnir sinna verkinu í hlutastarfi og fá aðeins laun í sex klukkustundir í mánuði til að vinna að málunum. Það er allt of lítill tími til að þoka þessum mikla fjölda mála áfram, segir Felix.

Lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk var breytt um mitt síðasta ár með það að markmiði að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk, til dæmis á sambýlum, í dagvistun og skammtímavistun. Undir nauðung fellur til dæmis að loka hluta íbúðar fyrir íbúa hennar, geyma mat eða aðrar eigur í læstum hirslum, skammta peninga, halda manneskju eða flytja hana nauðuga milli staða.

Eftir lagabreytinguna er starfsmönnum sambýla, þroskaþjálfum og öðrum sem vinna með fólki með fötlun gert að sækja um undanþágu telji þeir nauðsynlegt að beita manneskju með fötlun einhvers konar nauðung.

Þar sem engin undanþága hefur verið veitt frá þeirri meginreglu að ekki skuli beita fólk með fötlun nauðung eru allar líkur á því að starfsmenn sem telja sig þurfa að beita nauðung geri það áfram þrátt fyrir að lögin banni það, segir Felix.

„Það er auðvitað óheppilegt og óeðlilegt að það sé niðurstaðan,“ segir Felix. Hann segir þó engan afslátt gefinn af faglegum kröfum sem gerðar eru til sérfræðingahópsins. Betra sé að taka lengri tíma til að afgreiða mál en að slaka á kröfum um faglega meðferð.

Á því ári sem liðið er frá því sérfræðihópurinn var skipaður hafa um 80 mál borist, en í greinargerð með lögunum segir að búast megi við um 200 málum fyrsta árið. Felix reiknar með að mun fleiri umsóknir séu væntanlegar og mikilvægt að auka verulega við starfsemi sérfræðihópsins til að losa um flöskuhálsinn.

**brjann@frettabladid.is**



**NAUÐUNG** Fatlað fólk er beitt ýmiss konar nauðung, og af ýmsum ástæðum. Í sumum tilvikum er eigum haldið frá einstaklingum, hluti íbúða þeirra lokaður af eða þeir færðir milli staða gegn eigin vilja.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Mikil nauðung í þjónustu við fatlað fólk



„Það er almennt mikil nauðung og mikil þvingun í þjónustu við fatlað fólk,“ segir Freyja Haraldsdóttir hjá NPA-miðstöðinni. Hún segir að leggja eigi aukna áherslu á að skoða hvers vegna þurfi að beita nauðung.

„Það eru mörg dæmi um fólk sem hefur fengið viðeigandi aðstoð og í kjölfarið hefur dregið úr því að það missi stjórn á hegðun sinni og þar með því að það sé beitt nauðung,“ segir Freyja. Hún segir augljóst að það hafi áhrif á hegðun fólks sem eigi erfitt með að tjá sig hversu litlu það ráði um eigin aðstæður, til dæmis búsetu og starfsfólk sem aðstoði það.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SLYDDA EÐA ÉL** Dregur úr vindi á landinu á morgun og léttir til um vestanvert landið en má búast við lítils háttar éljum við norður- og austurströndina.




**Á morgun**
8-15 m/s, hvassast A-til.




**Laugardagur**
Hæg breytileg átt í fyrstu.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Billund | 9° | Gautaborg | 9° | London | 15° | Orlando | 28° | San Francisco | 15° |
| Basel | 19° | Frankfurt | 15° | Kaupmannahöfn | 9° | Mallorca | 26° | Ósló | 4° | Stokkhólmur | 6° |
| Berlín | 13° | Friedrichshafen | 16° | Las Palmas | 23° | New York | 16° | París | 17° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


50% AFSLÁTTUR
Jólatilboð á arineldstæðum
20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM
Sérfræðingar í heilsurúmum
12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing*
* Einungis er greitt 3,5 % lántökugjald.
Að vakna endurnærð/ur eftir góðan svefn er ein besta stund dagsins
FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGU-GREINING
Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!
SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM
RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is
VERSLUNIN
RúmGott
ÍSLENSK HEILSURÚM

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er sóknarprestur í Langholtskirkju?
**2.** Hvaða hátíðahöldum tekur Margrét Danadrottning þátt í hér á landi þegar hún kemur hingað í heimsókn í næstu viku?
**3.** Hve hátt hlutfall af viðmælendum í íslenskum fréttamiðlum eru karlar?

**SVÖR:**
**1.** Guðbjörg Jóhannesdóttir. **2.** Hátíðahöldum vegna 350 ára fæðingarafmælis Árna Magnússonar handritasafnara. **3.** 70 prósent.

Starfsmenn kampavínsklúbbsins Strawberries lausir úr gæsluvarðhaldi

# Eigandinn situr enn í fangelsi

**LÖGREGLUMÁL** Þrír starfsmenn kampavínsklúbbsins Strawberries eru lausir úr haldi en eigandinn situr enn inni að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirlögregluþjóns á höfuðborgarsvæðinu.

Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir eigandanum rennur út á miðvikudag.

Lögregla lét til skarar skríða á Strawberries í lok október vegna gruns um að á staðnum færu fram vændiskaup og milliganga um vændi.

Þegar lögreglu bar að garði voru nokkrir gestir á staðnum og handtók hún fáeina karla vegna gruns um vændiskaup. Þeim var sleppt að loknum yfirheyrslum.

Í kjölfar lögregluaðgerðarinnar voru fimm starfsmenn úrskurðaðir í gæsluvarðhald til áttunda nóvember auk eigandans en tveimur var fljótlega sleppt.

Strawberries var í kjölfarið lokað um óákveðinn tíma í þágu rannsóknarinnar og verður veitingaleyfi klúbbsins skoðað í ljósi málsins. - jme




**LOKAÐ** Strawberries var lokað vegna gruns um að þar færu fram vændiskaup og milliganga um vændi.

Lést í miðju skilnaðarferli:

# Erfir mann sem vildi skilnað

**DÓMSMÁL** Eiginkona manns, sem hafði ítrekað reynt að skilja við hana, telst samt lögerfingi hans samkvæmt úrskurði Hæstaréttar.

Maðurinn lést í október 2012 en hafði óskað eftir skilnaði að borði og sæng í júlí sama ár. Konan mætti aftur á móti aldrei í viðtal til sýslumanns þrátt fyrir ítrekaðar boðanir. Var krafa konunnar um opinber skipti á dánarbúi mannsins tekin til greina og hún taldist því lögerfingi mannsins. - fbj



**BERGUR MÁR ÁGÚSTSSON** Réðist var á Berg í kjölfar árásanna og fengu tíu menn dóma fyrir þá árás. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Kveikjan að fleiri árásum:

# Bergur játaði líkamsárásir

**DÓMSMÁL** Bergur Már Ágústsson játaði fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær tvær líkamsárásir sem gerðar voru 4. janúar 2012.

Báðar árásirnar eru taldar sérstaklega hættulegar en í ákæru segir að Bergur Már hafi slegið karlmann í höfuðið með kylfu og slegið kylfu í rúðu þannig að glerbrot höfnuðu í andliti og auga annars karlmanns.

Í kjölfar árásanna var ráðist á Berg en fyrir þá árás hlutu tíu menn dóma. Þyngstu dómana hlutu Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson, sjö og sex ára fangelsi. - ebg



**SMÁSKILABOÐ** Færri börn senda andstyggileg skilaboð í dag en árið 2009 FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM GUNNARSSON

Ný könnun SAFT:

# Færri senda ljót skilaboð

**SAMFÉLAG** Færri börn virðast senda ljót skilaboð eða myndir í gegnum farsíma en áður.

Í könnun sem SAFT stóð fyrir hér á landi kemur fram að 3 prósent íslenskra barna og unglinga sögðust hafa sent skilaboð, texta eða mynd í gegnum farsíma sem voru andstyggileg í garð annars einstaklings. Þegar spurt var sömu spurningar árið 2009 svöruðu 8,7 prósent því játandi. - fbj

## STÉTTARFÉLAGSMÁL

### Formannskosningar KÍ

Kosið verður í embætti formanns Kennarasambands Íslands í almennri kosningu félagsmanna fyrir lok nóvembermánaðar. Núverandi formaður, Þórður Árni Hjaltested, býður sig fram ásamt Einari Þóri Karlssyni grunnskólakennara.

# Getgátur um mútugreiðslu

Þriðji dagur í Al Thani-réttarhöldunum fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Halldór Bjarkar Lúðvígsson, eitt af lykilvitnum sérstaks saksóknara, svaraði spurningum varðandi starf sitt hjá Kaupþingi.

**DÓMSMÁL** Halldór Bjarkar Lúðvígsson, fyrrverandi viðskiptastjóri á útlánasviði Kaupþings, sagðist fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær hafa talið að fimmtíu milljóna dala lán sem Al Thani fékk í gegnum Kaupþing í Lúxemborg hafi verið eins konar mútugreiðsla fyrir að ljá nafn sitt við kaup á 5,01% hlut í Kaupþingi.



**HALLDÓR BJARKAR**

„Það var engin ábyrgð á fimmtíu milljónum dollara. Hann átti að fá peninginn til baka. Ég held að það hafi aldrei komið króna frá sjeiknum,“ sagði Halldór Bjarkar í hljóðrituðu símtali við Lilju Steinþórsdóttur, fyrrverandi innri endurskoðanda Kaupþings, sem saksóknari í málinu spilaði.

Varðandi það að Al Thani hafi átt að fá hagnaðinn greiddan fyrirfram, sem saksóknarinn telur að 50 milljóna dala greiðslan hafi verið, sagði Halldór Bjarkar: „Það má kalla það mútur, þegar ég horfði á strúktúrinn eftir á. Þetta voru mínar getgátur en mér þótti sérkennilegt að hann fengi greitt.“

Saksóknari spurði hvort reynt hafi verið að fela þátt Ólafs Ólafssonar í málinu og sagðist Halldór telja að svo hefði verið. „Þetta voru Maggi [Magnús Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg] og Hreiðar [Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings] sem voru að semja allt saman.“

Saksóknari spurði Halldór Bjarkar hver hefði samþykkt að Al Thani fengi lánið. Svaraði hann því til að Hreiðar Már hefði gert það. „Hreiðar Már gaf mér þau fyrirmæli að greiða þetta út strax. Hann sagði að ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur af samþykktum.“ Hreiðar Már er ósammála því að þetta samtal hafi átt sér stað og verjandi hans benti á að engin gögn væru til um samskipti Halldórs og Hreiðars Más.

Verjandinn reyndi að rýra trúverðugleika Halldórs með því að sýna frétt frá breska blaðinu The Guardian sem birtist þegar Halldór starfaði hjá slitastjórn Kaupþings. Í greininni stóð að starf hans hjá stjórninni væri vandræðalegt vegna aðildar hans að Al Thani-málinu. Eftir rannsókn sérstaks saksóknara var Halldór ekki lengur í réttarstöðu sakbornings. Hann er núna framkvæmdastjóri Arion banka. Verjandi spurði hvort hann hefði fengið það starf ef hann hefði haft réttarstöðu sakbornings. „Mér þykir það ólíklegt,“ svaraði Halldór. freyr@frettabladid.is



**HREIÐAR OG HÖRÐUR** Hörður Felix Harðarson er verjandi Hreiðars Más Sigurðssonar. Hann spurði Halldór Bjarkar hvort hann hefði fengið framkvæmdastjórastöðu hjá Arion ef hann hefði verið sakborningur í málinu. FRÉTTABLSÐIÐ/GVA

## Dagur 3 í Al Thani-málinu

➜ Fyrsta vitnið í gærmorgun var Lara E. Schweiger sem starfaði sem lögmaður í Lúxemborg. Saksóknari spurði hana á hvaða forsendum 50 milljóna dala lánið sem Al Thani fékk hafði verið veitt. „Ég vissi ekki fyrst hverjar ástæður lánveitingarinnar voru. Svo var mér sagt að grundvöllurinn fyrir láninu væri fyrirframgreiðsla hagnaðar lánshæfistengds skuldabréfs,“ sagði hún. Spurð hvort hún hafi verið undrandi á þessu játaði hún því. „Vegna þess að okkur virtist ekkert vit vera í þessu.“

➜ Vörubílstjórinn Sturla Jónsson, sem var áberandi í fjölmiðlum í kringum hrunið, gekk inn í réttarsalinn skömmu áður en skýrslutökunni yfir Halldóri Bjarkari lauk um hádegisbilið. Hann fékk sér sæti á fremsta bekk og hlýddi með athygli á það sem fram fór.

➜ Gianni De Bortoli, fyrrverandi starfsmaður á lagasviði hjá Kaupþingi í Lúxemborg, bar vitni í gegnum síma. Dómtúlkurinn Torfi Tulinius sá til þess að allar upplýsingar kæmust til skila á milli Bortoli annars vegar og hins vegar dómara, saksóknara og verjenda.

Hannes og Jón Ásgeir gengu í persónulegar ábyrgðir fyrir milljarða endurgreiðslu til FL Group:

# Beitti þrýstingi til að fá endurgreitt

**DÓMSMÁL** Ragnhildur Geirsdóttir, þáverandi forstjóri FL Group, beitti þrýstingi svo að tæplega þrír milljarðar, sem millifærðir voru af reikningum félagsins, yrðu endurgreiddur. Þetta kemur fram í greinargerð með ákæru gegn Hannesi Smárasyni sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Hannes Smárason er samkvæmt ákærunni sakaður um fjárdrátt fyrir að hafa látið millifæra 46,5 milljónir bandaríkjadala af reikningi FL Group hf. inn á annan reikning félagsins sem hann hafði látið stofna nokkrum dögum fyrr í Kaupþingi í Luxemborg.

Fjármunirnir voru síðan færðir yfir á reikning Fons eignarhaldsfélags hf. en þá ráðstöfun telur sérstakur saksóknari ekki hafa verið í þágu FL Group. Þá hafi hún verið framkvæmd án vitundar, og þar með samþykkis, þáverandi forstjóra, fjármálastjóra og annarra lykilstjórnenda FL Group.



**HANNES SMÁRASON**

Í greinargerð saksóknara með ákærunni kemur fram að Hannes hafi gefið Sveinbirni Indriðasyni fjármálastjóra og Val Stefáni Ásgeirssyni, forstöðumanni fjárreiðudeildar, fyrirmæli um að millifæra fjármunina inn á reikninginn í Lúxemborg, sem þeir gerðu. Í greinargerðinni segir einnig að Hannes hafi haldið millifærslunni leyndri fyrir stjórnendum og stjórn FL Group en aðrir en hann hafi ekki haft aðgang að reikningnum í Lúxemborg.

Þá kemur einnig fram að fjármunirnir hafi ekki skilað sér aftur á reikning FL Group frá Fons fyrr en rúmum tveimur mánuðum síðar, eftir þrýsting, meðal annars frá þáverandi forstjóra félagsins, Ragnhildi Geirsdóttur. Fyrir þann tíma var millifærslan ekki færð í bókhald félagsins.

Endurgreiðslan kom frá Fons með láni frá Kaupþingi í Lúxemborg og gengust Hannes og Jón Ásgeir Jóhannesson í persónulegar ábyrgðir fyrir endurgreiðslu lánsfjárhæðarinnar. - fbj

## ➜ Björn leysir Hannes af hjá Nextcode

Hannes Smárason hefur ákveðið að víkja til hliðar úr forstjórastóli fyrirtækisins Nextcode um stundarsakir. Hann segist ekki vilja að málefni hans varpi skugga á fyrirtækið. „Þess utan vil ég ekki að sá tími, sem ég kann að þurfa á að halda til þess að verja mig gegn þessari undurfurðulegu ákæru, dragist frá þeim tíma sem notaður er í að hlúa að fyrirtækinu,“ segir Hannes í yfirlýsingu sinni. Daglegum rekstri Nextcode, sem er nýstofnað systurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, verður sinnt af dr. Jeffrey Gulcher og nýráðnum framkvæmdastjóra Nextcode á Íslandi, Birni Zoëga, fyrrverandi forstjóra Landspítalans.

# BARNADAGAR

## 20% AFSLÁTTUR

af öllum leikföngum, barnafatnaði og barnaskóm

7. - 10. nóvember




**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 31.10.13 - 06.11.13






1 Skuggasund
Arnaldur Indriðason

2 Læknirinn í eldhúsinu
Ragnar Freyr Ingvarsson







3 Hlustað
Jón Óttar Ólafsson

4 Grimmd
Stefán Máni







5 Árleysi alda
Bjarki Karlsson

6 Andköf
Ragnar Jónasson







7 Maður sem heitir Ove
Fredrik Backman

8 Sæmd
Guðmundur Andri Throsson







9 Iceland small world
Sigurgeir Sigurjónsson

10 Vísindabók Villa
Vilhelm Anton Jónson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson




Skýrsla vísindamanna staðfestir að eitrað var fyrir Jasser Arafat:

# Arafat lést úr póloneitrun

**FRAKKLAND** Arabíska fréttastöðin Al Jazeera hefur birt skýrslu svissneskra vísindamanna, sem hafa komist að því að eitrað hafi verið fyrir Jasser Arafat, leiðtoga Palestínumanna.

Arafat lést í október árið 2004 í Ramallah á Vesturbakkanum, þar sem hann var að mestu einangraður í bústað sínum í tvö ár vegna umsáturs Ísraelshers.

Hann var jarðaður í París, en í nóvember á síðasta ári var lík hans grafið upp vegna gruns um eitrun.

Rannsóknir hafa nú staðfest að geislavirka efnið pólon fannst í miklu magni í líkamanum. Nánar tiltekið er magnið átjánfalt það sem eðlilegt má teljast, að því er Al Jazeera hefur eftir Dave Barcley, breskum vísindamanni.

„Jasser Arafat lést úr póloneitrun,“ segir Barcley.

Suha Arafat, ekkja Jassers, fékk skýrsluna afhenta á þriðjudag, en það var hún sem fór upphaflega fram á að lík hans yrði grafið upp og rannsókn gerð. **- gb**



**JASSER ARAFAT** Leiðtogi Palestínumanna blaðar í pappírum á skrifstofu sinni í Ramallah árið 2002, þar sem hann var að mestu einangraður í tvö ár vegna umsáturs Ísraelshers. NORDICPHOTOS/AFP

## Ferðir Fernöndu og varðskipsins Þórs




# Fernanda loksins komin að bryggju

Viku eftir að eldur kom upp í flutningaskipinu Fernöndu úti fyrir Vestmannaeyjum er hún komin að bryggju við Grundartanga. Enn er óljóst með framhaldið. Viðræður við eigendur og tryggingafélag skipsins eiga eftir að fara fram.

**BJÖRGUN** Flutningaskipið Fernanda var dregið til hafnar á Grundartanga í Hvalfirði í gær, réttri viku eftir að eldur kom upp í því suður af Vestmannaeyjum.

Slökkvistarf hófst strax og skipverjum var bjargað um borð í þyrlu Landhelgisgæslunnar. Varðskipið Þór tók Fernöndu í tog og dró inn í Hafnarfjarðarhöfn.

Skömmu eftir að þangað var komið blossaði eldur upp á ný. Þar sem mikið af olíu var enn í tönkum skipsins var það dregið frá landi, þangað sem minnst hætta var talin á umhverfisslysi.

Eftir langvinnt slökkvistarf var ályktað á sunnudag að eldur í skipinu væri kulnaður. Eftir að gengið hafði verið úr skugga um það var skipið dregið í átt að landi og loks norður í Hvalfjörð þar sem það var bundið við bryggju á Grundartanga síðdegis í gær.

Hrafnhildur Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, segir í samtali við Fréttablaðið að nú sé afskiptum gæslunnar af skipinu lokið og lögregla og slökkvilið muni nú ljúka rannsókn í skipinu.

Aðspurð segir Hrafnhildur að gæslan hafi ekki verið í samskiptum við eigendur skipsins og óvíst sé hvernig þau mál muni þróast á næstu dögum.

Þetta er ein allra umfangsmesta aðgerð varðskipa Landhelgisgæslunnar síðustu ár, að sögn Hrafnhildar, og þarna reyndi í fyrsta sinn að fullu á getu varðskipsins Þórs til slökkvistarfs á hafi úti. Búnaður og vélar skipsins hafi reynst afar vel. **thorgils@frettabladid.is**

Alls bíða 124 aldraðir eftir að komast í hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu:

# 47 bíða á spítala á hverjum degi

**HEILBRIGÐISMÁL** Að meðaltali hafa 47 sjúklingar beðið á Landspítalanum á hverjum degi eftir að hjúkrunarrými losnaði á höfuðborgarsvæðinu. Þetta kemur fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Bjarkar Vilhelmsdóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi.

Þar segir ennfremur að sjúklingar bíði að meðaltali 50 daga eftir hjúkrunarrými.

Alls voru 124 aldraðir á biðlista eftir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu í lok september. Að meðaltali biðu 100 eftir rými á síðasta ári. Biðlistinn hefur því lengst um 20 prósent á einu ári.

Til viðbótar við hjúkrunarrými sem tekin hafa verið í notkun í ár er gert ráð fyrir því að rýmum fjölgi um 76 á árinu 2015. Nákvæm tímasetning liggur ekki fyrir.

Miðað við mannfjöldaspá og áætlaða fjölgun hjúkrunarrýma er búist við að biðlistinn styttist í 78 á árinu 2015 en lengist síðan í 270 árið 2020. **- bj**



**LÖNG BIÐ** Aldraðir sjúklingar bíða að meðaltali í 50 daga á Landspítalanum eftir hjúkrunarrými. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# DEBENHAMS



# 25% AF*

## KÁPUM & ÚLPUM

HERRA DÖMU BARNA

**Opið** 11 - 21 í dag

*Gerðu lífið skemmtilegra*

*Gildir út sunnudaginn 10. nóvember



Að auki KAUPTU 1 FÁÐU 1 Á HÁLFVIRÐI* AF ÖLLUM **PEYSUM** Á DÖMUR, HERRA OG BÖRN

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
*Greitt er fullt verð fyrir dýrari peysuna.

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**FYRSTU SKÓFLUSTUNGURNAR** Tíu þurfti til að taka fyrstu skóflustungurnar að nýju hátæknisetri í Vatnsmýri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

25 milljarða fjárfesting:

## Hátæknisetur í Vatnsmýri

**FRAMKVÆMDIR** Fyrstu skóflustungurnar voru teknar að nýju hátæknisetri líftæknifyrirtækisins Alvogen í Vatnsmýri í gær. Sjálft húsið er talið kosta um sex milljarða króna en aðrar fjárfestingar tengdar fyrirtækinu hljóða upp á 19 milljarða.

Alþjóðlegar skrifstofur Alvogen verða í húsinu svo og þróunarsetur líftæknilyfja.

Með tilkomu nýja hátæknisetursins í Vatnsmýri er talið að um 200 ný störf skapist hér á landi. - jme

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Ólöglegt tóbak

Sala á ólöglegu tóbaki hefur aukist á áströlskum mörkuðum eftir að lög voru sett þar í landi um að vörumerki tóbaksframleiðanda megi ekki sjást á tóbakspökkum. Með einsleitum pökkum hefur markaðshlutdeild hins ólöglega tóbaks Manchester vaxið um eitt prósent. Einnig hafa skatttekjur áströlsku ríkisstjórnarinnar minnkað um 115 milljarða vegna tapaðra tekna í tóbakssölu.

# Áttu að vakta Póstinn betur

Keppinautur Íslandspósts telur Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) vanhæfa til að taka á „lögbrotum“ Íslandspósts. Árum saman hafi engar athugasemdir verið gerðar við brotalamir í fjárhagslegum aðskilnaði í rekstri félagsins.

**VIÐSKIPTI** Keppinautar Íslandspósts (Póstsins) telja að ekki hafi verið nóg að gert í eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) með félaginu síðustu ár. Þannig hafi verið látið athugasemdalaust að kostnaður sé þannig færður að samkeppnisrekstur njóti niðurgreiðslu frá einkaréttarstarfsemi.

Í nýlegri ákvörðun PFS (18/2013) kemur fram að frekari vinna við kostnaðargreiningu standi yfir, en ekki hafi fundist dæmi um að staðfærsla kostnaðar í kostnaðarbókhaldi félagsins feli í sér „beina niðurgreiðslu einkaréttar á kostnaði vegna samkeppnisrekstrar“.

Gunnar Bjarnason, framkvæmdastjóri InExchange, fyrirtækis sem annast sendingu og móttöku reikninga, segir svör sem honum hafi borist frá PFS í sumar varðandi starfsemi Póstsins staðfesta það sem hann hafi haldið fram „að stofnunin væri vanhæf til að taka á lögbrotum Íslandspósts“.

Í lögfræðiáliti sem hann aflaði sér í framhaldinu er vísað til þess að lög um póstþjónustu mæli með skýrum hætti fyrir um skyldu rekstrarleyfishafa til að skila alþjónustu frá öðrum rekstri og skyldu PFS til að hafa eftirlit með því að þeim reglum sé fylgt. Er í álitinu komist að þeirri niðurstöðu að Íslandspósti hafi verið óheimilt að nýta einkarétt sinn á bréfasendingum til að þróa þjónustuna „Möppu“ sem snúist um rafræna sendingu reikninga.

„Þá verður að telja að það falli einnig innan hlutverks PFS að gæta þess að einkarétturinn sé ekki nýttur til þess að styrkja stöðu Íslandspósts ohf. á samkeppnismörkuðum, óháð því hvort um bein fjárframlög er að ræða,“ segir í álitinu sem Hörður Felix Harðarson hæstaréttarlögmaður skrifar undir.

> **Þá verður að telja að það falli einnig innan hlutverks PFS að gæta þess að einkarétturinn sé ekki nýttur til þess að styrkja stöðu Íslandspósts.**
>
> *Hörður Felix Harðarson hæstaréttarlögmaður*

Reynir Árnason, framkvæmdastjóri Póstmarkaðarins, segir einnig alvarlegt mál að PFS hafi ekki sinnt eftirlitsskyldum sínum með fjárhagslegum aðskilnaði í rekstri Íslandspósts betur en raun beri vitni og vísar þar til niðurstöðu síðustu ákvörðunar PFS.

„Eins og málið horfir við þá hefur í reynd verið um fullkomið aðgerðarleysi stofnunarinnar að ræða að þessu leyti um langt árabil. Skyldur stofnunarinnar standa klárlega til þess að tryggja að aðskilnaðurinn sé í fullnægjandi horfi á hverjum tíma,“ segir hann. Stofnunin hafi þvert á móti tekið margar ákvarðanir á síðustu árum þar sem beinlínis sé byggt á því að núverandi rekstur sé í réttu horfi að þessu leyti.

„Þetta aðgerðarleysi er til þess fallið að valda tjóni fyrir notendur póstþjónustu og á samkeppnismörkuðum.“ olikr@frettabladid.is




**SENDIBÍLAR ÍSLANDSPÓSTS** Keppinautar Póstsins telja að á sig halli í samkeppni við félagið vegna einkaréttarstarfsemi Póstsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Úrskurðarnefnd fer yfir ákvörðun PFS

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra segir málefni Íslandspósts lengi hafa verið til umfjöllunar og meðferðar bæði hjá PFS og Samkeppniseftirlitinu. „Ákvörðun PFS í nýlegu máli vegna bókhaldslegs aðskilnaðar Íslandspósts var umfangsmikil og niðurstaðan sú að kostnaðarskipting Íslandspósts væri innan marka.,“ segir hún, en bætir um leið við að ákvörðun hafi verið kærð til úrskurðarnefndar póst- og fjarskiptamála og sé því í lögformlegu ferli. „PFS hefur kynnt ráðuneytinu niðurstöður sínar og tillögur að aðgerðum, sem nú eru til skoðunar. Þar til þeirri vinnu lýkur er ekki tímabært að fella frekar dóma um framhaldið,“ segir hún.



Varðandi framtíðarskipan mála segir Hanna Birna að lengi hafi staðið til að afnema einkarétt á póstdreifingu. „Einkaréttur á þessari þjónustu hefur auðvitað verið takmarkaður jafnt og þétt á undanförnum árum og samkeppni aukin. Nú er svo komið að einungis er einkaréttur á að dreifa bréfum allt að 50 gr. Það hlýtur að vera markmið okkar að afnema þennan einkarétt að fullu, auk þess sem okkur ber samkvæmt tilskipun ESB að ganga lengra í þá átt,“ segir hún. Tilskipunin geri bæði ráð fyrir afnámi einkaréttar og ráðstöfunum til að tryggja lágmarksþjónustu til allra landsmanna. „Vilji til breytinga er því til staðar, en ákvörðun um tímasetningu og fyrirkomulag liggur ekki fyrir.“








**FRÁ HELLU** Oddviti hreppsnefndar í Rangárþingi ytra segir að hert verði á vinnubrögðum við innkaup hreppsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftirköst deilna í hreppsnefnd Rangárþings ytra:

# Herða á vinnulagi í öllum innkaupum

**STJÓRNSÝSLA** Oddviti hreppsnefndar í Rangárþingi ytra heitir bættum vinnubrögðum í kjölfar þess að farið var á svig við innkaupareglur við kaup á tölvubúnaði fyrir Grunnskólann á Hellu af Skakkaturni, umboðsaðila Apple á Íslandi, í sumar.

Málið kom til tals á síðasta hreppsnefndarfundi þar sem fulltrúar Á-listans, sem eru í minnihluta, gagnrýndu að með kaupunum, sem námu tæpum 3,7 milljónum króna fyrir utan virðisaukaskatt, hafi verið farið um 300.000 krónum yfir þau mörk sem kveðið er á um í reglum sveitarfélagsins að útheimti útboð.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti D-lista sem er í meirihluta í hreppsnefnd, segir í samtali við Fréttablaðið að viðmiðunarupphæðir hafi ekki verið uppreiknaðar lengi og úr því þurfi að bæta, en eigi að síður liggi fyrir ströng viðmið um að fylgja reglunum.

Drífa Hjartardóttir sveitarstjóri lýsti á fyrrnefndum fundi yfir ábyrgð á hendur sér. Hún hafi ekki vitað til þess að aðrir aðilar byðu upp á sömu vöru og þjónustu.

Fulltrúar minnihlutans gagnrýndu þá útskýringu og sagði Magnús H. Jóhannsson, fulltrúi Á-lista, að í opinberri stjórnsýslu væri ekki hægt að nota slík rök.

„Aðalmálið er að það var ekki athugað, en opinber stjórnsýsla þarf að athuga og kanna málið. [...] Til hvers eru þá innkaupareglurnar og hvernig stjórnsýslu eigum við að hafa? Eigum við að segja: „Ég vissi ekki betur,“ og láta það nægja? Mér finnst það alveg afleitt.“

Guðmundur Ingi segist ekki ætla að hafa frumkvæði að því að fara lengra með málið að öðru leyti en því að herða á vinnubrögðum.

„Það sem þarf að gera er að árétta við alla sem standa í innkaupum að fara eftir reglum í einu og öllu og láta það ekki henda að fara yfir. Það er eftirtekjan, að allir vandi sig enn meir.“ - þj

### ➜ Ekki viss hvort hún vissi af tengslum

Skólastjóri Grunnskólans á Hellu er tengdafaðir framkvæmdastjóra Skakkaturns. Drífa segir í samtali við Fréttablaðið að hún þori ekki að fullyrða hvort hún hafi vitað af tengslunum þegar kaupin voru til umfjöllunar.

„Ég er bara þori ekki að fara með hvort ég vissi það fyrir,“ segir hún.

Aðspurð hvort hún hefði, eftir á að hyggja, viljað viðhafa önnur vinnubrögð í málinu, svarar Drífa að útboð hefði kostað mikið.


Space Exploration
Space
Math: Hard
Tech
20th & 21st Century History
Physics
Science
Modern History
Transportation
US Presidents
Movie Quotes
Name the Flag
The X-Files
Chemistry
Celebrities
Golf
Science Fiction Movies
The Human Body
Movies: General
TV: General
Poetry
US History
Literature Classics
YFIR 150 ÞÚSUND SPURNINGAR
Í YFIR 250 FLOKKUM
Plain Vanilla kynnir stærsta spurningaleik
allra tíma. Kemur út í dag!
Download on the
App Store
QuizUp



**AVIGDOR LIEBERMAN** Brosmildur að loknum sýknudómi í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lieberman rís upp aftur:

## Sýknaður af spillingarákæru

**ÍSRAEL, AP** Avigdor Lieberman, fyrrverandi utanríkisráðherra Ísraels, var í gær sýknaður af ákærum um spillingu. Verði dómnum ekki áfrýjað getur Lieberman tekið aftur við ráðherraembættinu.

Þetta er í fyrsta sinn sem dómsmál hefur verið höfðað á hendur Lieberman fyrir spillingu, þótt ásakanir um slíkt hafi oft verið viðraðar opinberlega.

Lieberman hefur stundum verið pólitískur andstæðingur Benjamíns Netanjahús en þeir eru nú samherjar.

Netanjahú hefur beðið með að skipa nýjan mann í embætti utanríkisráðherra, og sagst ætla að ganga frá því þegar dómur væri fallinn í máli Liebermans. - gb



**HVERAHLÍÐ** Holurnar nýttar fyrir Hellisheiðarvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Orðið við ósk Orkuveitu:

## Virkjun tengd við Hverahlíð

**ORKUMÁL** Borgarstjórn samþykkti í fyrradag fyrir sitt leyti ósk stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um að Hellisheiðarvirkjun verði tengd við borholur í Hverahlíð.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna lagði til að málinu yrði frestað í eitt ár „til að kanna allar hliðar þess og aðra möguleika í þaula".

Allir aðrir sögðu að sá kostur sem Orkuveitan valdi væri farsælastur. Nýtt væri gufa úr holum sem þegar væru til. Ekki þyrfti „að kaupa viðbótarorku frá Landsvirkjun fyrir hundruð milljóna á ári". - gar



**HEILSUGÆSLA** Sjálfstæðismenn vilja fjölbreytt rekstrarform. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrirkomulag heilsugæslu:

## Beðið eftir mati á yfirtöku

**REYKJAVÍKURBORG** Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar í borgarstjórn ásamt borgarfulltrúa VG vísaði á þriðjudag frá tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokks um að óska eftir viðræðum við ríkið um framtíðarfyrirkomulag heilsugæslunnar í Reykjavík.

Leggja átti áherslu á fjölbreytni í rekstrarformum og að tryggja greiðan aðgang almennings að heimilislækningum.

Meirihluti borgarfulltrúa sagði að samþykkt hafi verið 2010 að ræða við ríkisvaldið um yfirtöku á heilsugæslunni. Nú sé beðið mats á því hvernig til hafi tekist við yfirtöku á þjónustu við fatlaða. - gar

Fjölskylda Tolokonnikovu vissi ekkert um hana í hálfan mánuð:

# Komin í fjarlægari fangabúðir

**RÚSSLAND** Í hálfan mánuð vissi fjölskylda Nadesjdu Tolokonnikovu ekkert hvar hún væri niðurkomin. Í gær fréttist svo af því að hún væri líklega komin í aðrar fangabúðir, alla leið til Síberíu.

Tolokonnikova var handtekin á síðasta ári eftir að hún og félagar hennar í kvennapönksveitinni Pussy Riot höfðu efnt til mótmæla gegn Vladimír Pútín forseta í kirkju í Moskvu. Hún fór í hungurverkfall í fangabúðunum í haust til að mótmæla aðstæðum þar, miklu vinnuálagi og hörku fangavarða. Það var eiginmaður hennar, Petja Versilov, sem skýrði frá því á Twitter-síðu sinni að hún væri á leiðinni í fangabúðir númer 50 í Nishní Ingash í héraðinu Krasnojarsk, en þær búðir eru í um þrjú þúsund kílómetra fjarlægð frá Moskvu, þar sem ættingjar hennar og vinir búa.

Versilov segist sannfærður um að með þessu sé verið að refsa henni fyrir mótmælasveltið og koma henni sem lengst frá kastljósi fjölmiðla. - gb



**NADESJDA TOLOKONNIKOVA** Við réttarhöld í Moskvu fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Krafa öryggislögreglu:

## Vill aðgengi að farsímanotkun

**SVÍÞJÓÐ** Sænska öryggislögreglan vill fá sjálfkrafa upplýsingar úr farsímum einstaklinga vegna rannsókna á gröfum afbrotum. Nú meta fjarskiptafyrirtæki hvert tilfelli áður en upplýsingar eru gefnar. Slíkt getur orðið dýrt og tímafrekt.

Sænska öryggislögreglan vill að fjarskiptafyrirtækin taki upp nýtt kerfi þannig að lögreglan fái beint samband við gagnabanka með upplýsingum úr farsímum. Fyrirtækið Tele2 neitar og önnur fyrirtæki hika, að því er kemur fram í sænskum fjölmiðlum. - ibs

# Nýr borgarstjóri í New York hyggst skattleggja ríka íbúa

Úrslit í ríkis- og borgarstjórakosningum í Bandaríkjunum sýna umrót í bandarískum stjórnmálum. Bill de Blasio tekur við af Michael Bloomberg í New York. Terry McAuliffe vann teboðsmanninn Ken Cuccinelli í Virginíu.

**BANDARÍKIN** Demókratinn Bill de Blasio segist ætla að leggja megináherslu á að draga úr ójöfnuði í New York, nú þegar hann tekur við af auðkýfingnum Michael Bloomberg sem borgarstjóri.

Hann vann yfirburðasigur í borgarstjórakosningum á þriðjudag, hlaut 73 prósent atkvæða, en mótherjinn Joe Lhota fékk innan við fjórðung atkvæða.

Bloomberg hefur stjórnað borginni í tólf ár og verið gagnrýndur fyrir að sinna viðskiptalífinu og auðugum borgarbúum betur en hinum, sem standa ekki eins vel, enda sjálfur sprottinn úr heimi viðskipta sem færðu honum mikil auðæfi.

Eitt meginkosningaloforð de Blasios var að leggja sérstakan skatt á auðuga borgarbúa, og yrðu tekjurnar notaðar til að fjármagna leikskóla.

De Blasio tekur við um áramótin, og þá tekur demókrati við stjórnartaumum borgarinnar í fyrsta sinn síðan repúblikaninn Rudy Giuliani tók við árið 1994.

Úrslitin voru tvísýnni í ríkisstjórakosningum í Virginíu, þar sem demókratinn Terry McAuliffe rétt náði að sigrast á Ken Cuccinelli, íhaldssömum repúblikana sem hefur haft stuðning teboðshreyfingarinnar. McAuliffe hafði verið spáð öruggum sigri en Cuccinelli skýrði útkomuna sem svo að dyggur stuðningur McAuliffes við heilbrigðislöggjöf Baracks Obama forseta hefði fælt einhverja kjósendur frá honum. Að minnsta kosti virðist vinátta McAuliffe og Obama ekki hafa hjálpað McAuliffe í þessum kosningum.

Afgerandi persónusigur repúblikanans Chris Christie í ríkisstjórakosningum í New Jersey bendir hins vegar til þess að teboðshreyfingin yst til hægri í Repúblikanaflokknum geti engan veginn reiknað með miklu fylgi á næstu árum.

Gott gengi Christies í þessu gamalgróna demókrataríki hefur vakið vonir hófsamari afla innan Repúblikanaflokksins um að áhrif teboðshreyfingarinnar séu að dvína.

Christie hefur þegar verið orðaður við forsetaframboð og tekur undir slíkar vangaveltur: „Ef við getum gert þetta í Trenton í New Jersey, þá ætti fólkið í Washington kannski að kveikja á sjónvarpstækjunum sínum og skoða hvernig þetta er gert," sagði hann á þriðjudagskvöldið, þegar úrslitin voru orðin ljós. gudsteinn@frettabladid.is




**BILL DE BLASIO FAGNAR SIGRI** Næsti borgarstjóri New York faðmar son sinn og dóttur eftir að úrslit voru orðin ljós á þriðjudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

➜ Bill de Blasio verður fyrsti demókratinn í borgarstjórastólnum í New York síðan 1994.



**NAUMUR SIGUR Í VIRGINÍU** Terry McAuliffe, fyrir miðri mynd, fagnar sigri ásamt öldungadeildarþingmönnum Demókrataflokksins í Virginíu, þeim Mark Warner og Tim Kaine. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ástralski Guantanamo-fanginn David Hicks leitar til áfrýjunardómstóls í Bandaríkjunum:

# Reynir að fá dómi fyrir stríðsglæpi hnekkt

**ÁSTRALÍA, AP** Ástralinn David Hicks, sem varð fyrstur Guantanamo-fanganna til að fá á sig dómsúrskurð, hefur nú áfrýjað dómnum.

Ástralinn David Hicks varð fyrstur fanganna í Guantanamo til þess hljóta dóm. Hann hefur nú áfrýjað þeim dómi.

Hicks sótti á sínum tíma þjálfunarbúðir Al-Kaída í Afganistan. Hann var dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir stríðsglæpi, eftir að hann hafði í mars 2007 játað á sig brot gegn því að verða látinn laus eftir stutta afplánun.

Hann hafði þá setið fimm ár í fangabúðunum og lögmaður hans segir ekkert að marka játninguna.

➜ Hicks sótti á sínum tíma þjálfunarbúðir Al-Kaída í Afganistan. Hann var dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir stríðsglæpi.

„Hann hafði bókstaflega ekkert val undir þessum kringumstæðum," hefur bandaríska fréttastofan AP eftir Wells Dixon, lögmanni hjá bandarísku mannréttindasamtökunum Center for Constitutional Rights í New York.

Í áfrýjuninni er vísað til máls annars Guantanamo-fanga, Salims Hamdan, sem í október árið 2012 var sýknaður í áfrýjunarrétti í Washingtonborg. - gb



**DAVID HICKS** Var sleppt úr haldi stuttu eftir að hann játaði á sig brot. NORDICPHOTOS/AFP

CLARINS

# BB

*Skin Perfecting Cream*
*sólvarnarstuðull (SPF) 25*
*Endurnærir. Verndar. Fullkomnar.*

*Einstök samblanda af dagkremi og farða.*
*Dregur úr roða, gefur raka og orku ásamt*
*því að veita ljóma, ferskleika og útgeislun.*






# Clarins dagar í verslunum Hagkaups 7. - 13. nóvember



**20% kynningarafsláttur** af öllum jólagjafaöskjum og BB kremum frá Clarins. Fallegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru 2 vörur frá Clarins.*

Einnig aðrar gerðir af gjafaöskjum.



**Wonder Perfect**

Vinsælasti maskarinn frá Clarins, ásamt fallegri tösku, lúxusprufu af augnkremi og Instant Smooth.

Verð án afsláttar: 3.999



**Extra Firming**

Extra Firming dagkrem ásamt fallegri tösku, ferðastærð af serumi og næturkremi.

Verð án afsláttar: 10.899

*gildir 7.-13. nóvember á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Áfram Ísland!
## Einn kubbur í einu!

**20% afsláttur**




Byggingarkrani
**Verð kr. 1.199**
Verð áður kr. 1.499




Slökkvistöð & bíll
**Verð kr. 1.199**
Verð áður kr. 1.499




Ísbíll
**Verð kr. 1.119**
Verð áður kr. 1.399

## Grafix kubbar

Flottir kubbar á frábæru verði fyrir 6 ára og eldri. Passar við aðra kubba.




Lögreglubíll
**Verð kr. 1.519**
Verð áður kr. 1.899




Garðskáli
**Verð kr. 1.119**
Verð áður kr. 1.399




Brunabíll
**Verð kr. 1.359**
Verð áður kr. 1.699




Slökkvistöð
**Verð kr. 2.559**
Verð áður kr. 3.199




Trukkur
**Verð kr. 1.199**
Verð áður kr. 1.499







Geimskip 2 tegundir
**Verð kr. 1.359**
Verð áður kr 1.699




Lögregluþyrla
**Verð kr. 1.519**
Verð áður kr. 1.899

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% aukaafsláttur af tilboðunum! Skráðu þig í næstu heimsókn.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd










**Kamilla Vindmylla og leiðinn úr Esjunni**
Einstaklega fyndin og hugmyndarík bók.
Verð kr. 3.999

**Árleysi alda**
Fjórða prentun metsöluverð-launabókarinnar komin!
Verð kr. 2.999

**Ferðin að miðju jarðar**
Ein þekktasta saga Jules Verne, skyldulesning.
Verð kr. 5.999










**Rökkurhæðir 5: Gjöfin**
Bók sem beðið er eftir!
Verð kr. 3.999

**Afbrigði**
Æsispennandi metsölubók, kvik-mynd væntanleg eftir sögunni 2014
Verð kr. 4.999

**Gengið með fiskum**
Yndislega ljúf bók.
Verð kr. 5.699

# Gríðarlegt úrval af erlendum gjafabókum




Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 07. nóvember til og með 10.nóvember eða á meðan birgðir endast.




**VARÐLIÐAHÓPUR Í MEXÍKÓ** Sjálfskipaðir varðliðar í Michoacan-héraði í Mexíkó bíða átekta á varðstöð í bænum Las Colonias. Tveir leiðtogar varðliðahópsins sögðust í gær ætla að hætta baráttu sinni gegn fíkniefnasamtökum, sem nefna sig Musterisriddarana, eftir að Mexíkóstjórn gaf loforð um að hrekja fíkniefnasmyglara burt af svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**ÚLFALDAHIRÐAR HVÍLA SIG Á INDLANDI** Indverskir úlfaldahirðar hafa sest niður til að hvíla sig innan um dýrin sín, nýkomnir til Pushkar í Rajastan-héraði eftir mislangt ferðalag frá ýmsum stöðum í landinu. Þar taka þeir þátt í úlfaldakeppni á hinum árlega búfjármarkaði, sem jafnan dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




## ÁSTAND HEIMSINS




**MAMMA KOMIN TIL NEW YORK** Wang Jinxiang, móðir kínverska andófsmannsins Chen Guangcheng, kom til New York í gær ásamt nokkrum ættingjum sínum til að heimsækja soninn. Chen, sem er blindur, slapp úr stofufangelsi í Kína í apríl á síðasta ári, leitaði hælis í sendiráði Bandaríkjanna og býr nú í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FORELDAR Á PRÓFDEGI Í SUÐUR-KÓREU** Foreldrar tóku þátt í bænastund í Jogye-hofinu í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, sem efnt var til á prófdegi barnanna þeirra. Alls tóku 650 þúsund framhaldsskólanemar, ýmist á lokaári eða nýútskrifaðir, þátt í hæfnisprófi til undirbúnings háskólanámi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP







**GRÆNFRIÐUNGAR MÓTMÆLA Í MOSKVU** Grænfriðungar sigla fram hjá Kremlarmúrum til að mótmæla fangelsun nokkurra félaga sinna, sem handteknir voru nýverið þegar þeir reyndu að klifra upp á rússneskan olíuborpall. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**ÞOTUFLUG Í JAPAN** Svissneski flugkappinn Yves Rossy sést þjóta fram hjá Fuji-fjalli í Japan, með vængi á bakinu og knúinn þotuhreyflum. Hann stökk út úr þyrlu í 3.600 metra hæð og flaug í kringum Fuji-fjall, sem er hæsta fjall Japans, 3.776 metrar á hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**Á GRILLINU Í MUMBAÍ Á INDLANDI** Dýravinurinn Ingrid Newkirk, einn stofnenda dýraverndarsamtakanna PETA, liggur þarna á platgrilli til að hvetja fólk til að hætta að borða dýr og gerast grænmetisætur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**GENGIÐ Í ÖSKUNNI Á SÚMÖTRU** Skólastelpa gengur á öskubleikum vegi í Tiga Nderket á Norður-Súmötru í Indónesíu. Fjallið Sinabung lét enn á ný á sér kræla á sunnudag og hefur dælt ösku yfir nágrennið. Fjallið hefur gosið nokkrum sinnum síðan 2010 en hafði þá legið í dvala í 400 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BOSCH

# Öllum nýjum Bosch kæliskápum fylgir Hagkaups-gjafabréf að verðmæti 35.000 kr.

Gildir aðeins í þrjá daga, 7. til og með 9. nóvember.






Hlíðasmára 3 | www.bosch.is | Sími 520 3090

BOSCH
BÚÐIN



**GRAUTUR** Tryggja þarf fjölbreytni í vali á graut. NORDICPHOTOS/GETTY

Ráðleggingar Landlæknis:

## Gefið börnum mismunandi drykki og grauta

Til að tryggja fjölbreytni í vali á ungbarnagraut á að velja graut úr mismunandi korntegundum og breyta á milli vörumerkja. Þetta segir í ráðleggingum Landlæknis og Matvælastofnunar til foreldra ungra barna sem gefnar voru í kjölfar sænskrar rannsóknar á þungmálmum og steinefnum í barnamat.

Ekki er þörf á að útiloka graut úr hrísmjöli en einnig ætti að velja graut úr t.d. maís, hirsi eða bókhveiti sem fyrsta graut. Eftir sex mánaða aldur má byrja að gefa graut úr höfrum, byggi, hveiti eða rúgi.

Foreldrum er ráðlagt að gefa ekki börnum undir sex ára aldri drykki úr hrísgrjónum, t.d. hrísgrjónadrykk, vegna arseninnihalds þeirra.

# Aðsókn í Foreldrahús eykst

Sífellt fleiri leita ráðgjafar og aðstoðar vegna kannabisneyslu ungmenna. Sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir foreldra og börn sem glíma við ýmis vandamál. Námskeið einnig haldin fyrir börn krabbameinsveikra foreldra og aðra aðstandendur. Hundruð á námskeiðum í fyrra. Opinbert fé til starfseminnar hefur verið skorið niður.

**SAMFÉLAG** „Hópurinn sem leitar til okkar vegna kannabisneyslu ungmenna stækkar stöðugt og virðist sá vandi vera orðinn töluvert stór,“ segir Guðbjörg Erlingsdóttir, ráðgjafi og starfandi framkvæmdastjóri hjá Vímulausri æsku - Foreldrahúsinu.

Hún getur þess að í fyrra hafi verið tekin 1.180 viðtöl við foreldra og ungmenni í Foreldrahúsinu, sem er í Borgartúni 6, og af þeim hafi um 900 verið vegna vímuefnavanda unglinga. „Önnur viðtöl eru sálfræðiviðtöl en fjöldi þeirra er einnig vegna vímuefnavanda. Það sem af er þessu ári virðist fjöldi þeirra sem leitar til Foreldrahússins fara vaxandi eins og undanfarin ár. Þörfin fyrir aðstoð og úrræði eykst stöðugt.“

Að sögn Guðbjargar voru 97 foreldrar í fyrra í stuðningshópum fyrir foreldra barna sem eru í vímuefnaneyslu eða hafa verið það. „Þá var farið í gang með sérstakt sjálfstyrkingarnámskeið fyrir foreldra til að styrkja sjálfsmynd þeirra og efla vitund þeirra í foreldrahlutverkinu, sem og færni til að skapa og viðhalda heilbrigðum og nánum tengslum við börnin sín. Fullbókað hefur verið á þessi námskeið.“

Guðbjörg tekur það fram að þótt að mestu hafi verið unnið með vímuefnavanda unglinga áður fyrr sé þjónustan fjölbreyttari nú. Unnið sé með ýmiss konar önnur vandamál, t.d. einelti, félagslega erfiðleika og hegðunarvanda. Fyrirlestrar hafa verið víðsvegar um landið í samstarfi við foreldrafélög, skólayfirvöld og sveitarfélög. „Við höfum auk þess haldið sjálfsstyrkingarnámskeið gegnum verkefnið Starfskraft sem er fyrir ungmenni sem eru hvorki í námi né vinnu og einnig fyrir Kvennasmiðjuna. Námskeið hafa jafnframt verið haldin í samstarfi við Ljósið fyrir börn og aðra aðstandendur þeirra sem greinst hafa með krabbamein. Það er því mjög stór hópur sem nýtur þjónustu okkar á einn eða annan hátt.“

**97** foreldrar voru í fyrra í stuðningshópum fyrir foreldra barna sem eru í vímuefnaneyslu eða hafa verið það.

Í fyrra sóttu nær fimm hundruð börn og unglingar sjálfsstyrkingarnámskeið á vegum Foreldrahúss í Reykjavík og Hafnarfirði.

Samtímis því sem eftirspurn eftir þjónustu eykst hefur reynst erfiðara að afla fjár til starfseminnar, að sögn Guðbjargar. „Það hefur þrengt að okkur eins og mörgum félagasamtökum. Nægilegt fé er því ekki tryggt og fjáröflun er stöðugt vandamál. Þó hefur gengið að halda úti grunnstarfsemi hingað til eins og áður. Fé sem við fáum frá ríkinu og Reykjavíkurborg til starfseminnar hefur verið skorið niður. Við höfum því þurft að reiða okkur á velvilja fyrirtækja og einstaklinga.“

ibs@frettabladid.is



**Í FORELDRAHÚSI** „Þjónustan sem Foreldrahúsið veitir er fjölbreyttari nú en verið hefur,“ segir Guðbjörg Erlingsdóttir, ráðgjafi og starfandi framkvæmdastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## Góð tannhirða dregur úr sýkingum



Góð tannhirða á sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu í Danmörku hefur dregið úr sýkingum hjá sjúklingum. Í frétt á vef Jótlandspóstsins segir að fjöldi lungnabólgutilfella á fjórum gjörgæsludeildum hafi minnkað um helming vegna átaksins í tannhirðu sjúklinganna.

Vitnað er í niðurstöður eldri rannsókna sem sýndu að hættan á hjartavandamálum eykst um 70 prósent bursti maður ekki tennurnar tvisvar á dag. Slæm munnhirða og blæðandi gómar geta leitt til þess að bakteríur komist í blóðrásina.

Niðurstöður rannsóknar á vinnustöðum í Danmörku:

## Yfirmaðurinn getur valdið þunglyndi

Þunglyndi stafar ekki af miklu vinnuálagi. Starfsmenn geta hins vegar orðið þunglyndir ef yfirmaður er ekki réttlátur og ef vinnuumhverfið er slæmt. Þetta eru niðurstöður danskrar rannsóknar sem nýlega hafa verið birtar í þremur vísindaritum.

Vísindamennirnir sendu spurningar til 4.500 opinberra starfsmanna á ýmsum vinnustöðum í Árósum, eins og til dæmis í skólum, leikskólum, á sjúkrahúsum og skrifstofum. Jafnframt voru tekin viðtöl við fjölda þátttakenda til þess að ganga úr skugga hvort þeir væru með klínískt þunglyndi. Vísindamennirnir rannsökuðu einnig magn streituhormónsins kortísóls í munnvatni þátttakenda.

Þátttakendur voru meðal annars spurðir um vinnuálag og hvort þeim fyndist komið fram við þá af sanngirni og hvort framkoma yfirmanna væri eins við alla á vinnustaðnum.

Rannsóknin leiddi í ljós að meiri hætta er á þunglyndi njóti starfsmenn ekki sanngirni, heldur en ef vinnuálag er mikið. Fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós tengsl milli vinnuálags, mikils magns streituhormónsins kortísóls og hættunnar á þróun þunglyndis. Danska rannsóknin leiddi ekki í ljós slíkt samhengi.



NORDICPHOTOS/GETTY

**➜ Þunglyndi**
Meiri hætta er á að starfsmenn verði þunglyndir ef yfirmaðurinn er ósanngjarn, heldur en ef vinnuálagið er mikið.




## JÓLAHLAÐBORÐIÐ BYRJAR 21. NÓV

Á jólahlaðborði Spírunnar verður ferskur jólaandi ríkjandi. Boðið verður uppá fjölda ljúffengra rétta að hætti Spírunnar með jólalegum blæ. Hlaðborðið verður í boði í hádeginu á fimmtudögum og föstudögum frá 21. nóv. til 13. des. Verð aðeins 3.500kr

SPÍRAN
BORÐUM VEL

Skoðaðu matseðilinn
á spiran.is

OPIÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR
fjölskyldufyrirtæki í 22 ár

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

## Óverðmerktar vörur í bakaríum

Verðmerkingum var ábótavant í 16 af 49 bakaríum á höfuðborgarsvæðinu sem Neytendastofa gerði könnun hjá 18. til 23. september síðastliðinn. Athugað var hvort verðmerkingar væru í lagi í borði og í gos- og mjólkurkælum.

Á vef Neytendastofu segir að vörur í kæli hafi verið sérstaklega illa verðmerktar. Tekið er fram að ástandið sé langt frá því að vera viðunandi og þurfi fyrirtækin að fara vel yfir verðmerkingar og verðlag í bakaríum sínum.

## Rúmlega þrjú þúsund fyrir tösku



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Af þeim fimm flugfélögum sem halda úti reglulegu áætlunarflugi frá Keflavík í vetur rukka þrjú þeirra fyrir töskur og val á sætum. Í frétt á vef Túrista, turisti.is, segir að hæsta farangursgjaldið sé hjá Wow Air og nemi það nú 3.495 krónum hvora leið. Hjá Easy Jet eru gjöldin aðeins lægri. Haft er eftir upplýsingafulltrúa Icelandair að ekki séu uppi áform um að taka upp þess háttar gjöld hjá félaginu en að fylgst sé með þessari þróun.

## Verslun með dýr á válista óheimil



Brögð hafa verið að því að stöðva hafi þurft sendingar í tollafgreiðslu sem innihéldu afurðir dýra sem eru á válista. Á vef Tollstjóra er bent á að flutningur dýra og plantna sem flokkuð eru í útrýmingarhættu eða afurða þeirra milli landa er ekki leyfilegur nema að fengnu leyfi hjá Umhverfisstofnun. Sem dæmi um innihald sendinga sem stöðvaðar hafa verið eru nefndir fílabeinsmunir, fuglshamir, munir unnir úr skinni af pýtonslöngum og haus af krókódíl. Einnig eru dæmi um hlébarðaskinn, tígrisdýraskinn, kórala, eðlur, ísbjarnarskinn og sæskjaldböku, að því er segir á vef embættisins.

## Bráðalifrarbólga vegna neyslu fæðubótarefna

Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA) hefur sent út viðvörun vegna hættu á bráðalifrarbólgu eftir neyslu á fæðubótarefninu Oxy Elite Pro. Vitað er um fjölda sjúkdómstilfella í Bandaríkjunum sem talin eru tengjast vörunni og af þeim hafa tveir þurft að fá nýja lifur. Hægt er að rekja eitt dauðsfall til neyslu á vörunni. Frá þessu er greint á vef Matvælastofnunar.

Þar segir jafnframt að ólöglegt sé að flytja fæðubótarefnið inn og/eða selja það hér á landi vegna óleyfilegra innihaldsefna. Þó hafi verið hægt að nálgast vöruna í gegnum netverslun og því varar Matvælastofnun neytendur við neyslu hennar.

**NEYTANDINN** Jónína Leósdóttir

## Keypti of lítið hlaupabretti



„Ég gæti talið upp langan lista yfir góð kaup sem ég hef gert. Ekki vegna þess að ég sé svona glúrin í innkaupum heldur kaupi ég fáa hluti og reyni því að velja vandlega og helst eitthvað sígilt," segir Jónína Leósdóttir rithöfundur. „Svo hef ég líka alltaf farið vel með það sem ég á, þótt ég segi sjálf frá."

Það eina sem Jónína kaupir mikið af eru bækur en hún lætur þær þó ganga áfram til annarra fremur en að safna þeim. „Orðabækur hef ég þó alltaf innan seilingar, enda eru þær í stöðugri notkun, ekki síst íslensk samheitaorðabók. Ég gæti eiginlega ekki unnið án hennar. En nýlega gerðist ég áskrifandi að Snöru.is þar sem ótal orðabækur eru saman komnar á einu vefsvæði – og þar bættust enn ein góð kaup við.

Mín mislukkuðustu kaup voru hlaupabretti frá Asíu sem reyndist ekki hannað fyrir fullorðna Vesturlandabúa. Ég prófaði tækið ekki almennilega í búðinni, fannst það svo vandræðalegt. Og saup seyðið af því."

➜ Mín mislukkuðustu kaup voru hlaupabretti frá Asíu.



**BREYTINGAR** Nú þurfa þeir sem óska eftir bílaláni að gera grein fyrir fjárhagsstöðu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

# Neytendur fá meiri gögn um kostnað

**Ný lög um neytendalán gera ríkari kröfur til bæði neytenda og fjármálastofnana. Lánveitendur þurfa að veita ítarlegar upplýsingar um lánskostnað og lántakendur í fleiri tilvikum að greina frá fjárhagsstöðu.**

„Lögin ganga út á að auka neytendavitund og vernd þeirra sem taka lán og í þeim tilgangi eru settar ýmsar nýjar kvaðir á lánveitendur varðandi upplýsingagjöf áður en lánin eru veitt," segir Jóna Björk Guðnadóttir, lögfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja. Hún vísar þar til nýrra laga um neytendalán sem tóku gildi 1. nóvember síðastliðinn og ná meðal annars til íbúða- og bílalána, yfirdráttarheimilda, raðgreiðslusamninga og smálána.

Samkvæmt lögunum þurfa bankar og aðrir lánveitendur að veita ítarlegar upplýsingar um kostnað og skilmála þessara lána áður en þau eru veitt. Þannig á að auðvelda samanburð á mismunandi valkostum í neytendalánum.

„Lántakendur fá til að mynda eyðublöð þar sem eru settar fram ákveðnar upplýsingar á stöðluðu formi. Þar má nefna gildistíma samnings og heildarlántökukostnað. Þeir eiga einnig rétt á að fá samninginn í hendurnar eins og hann myndi á endanum líta út," segir Jóna.

Hún bendir einnig á að neytendur geti nú hætt við að taka lán og fallið frá samningi í allt að fjórtán daga eftir að lán er veitt.

„Á því tímabili má lánveitandi ekki krefjast svokallaðs uppgreiðslugjalds, sem hefur í vissum tilvikum verið innheimt þegar fólk kýs að greiða lán sín upp. Hins vegar þarf að greiða áfallna vexti og verðbætur og auðvitað lánið sjálft."

➜ Samkvæmt lögunum þurfa bankar og aðrir lánveitendur að veita ítarlegar upplýsingar um kostnað og skilmála þessara lána áður en þau eru veitt. Þannig á að auðvelda samanburð á mismunandi valkostum í neytendalánum.

Lögin fela einnig í sér aðrar breytingar frá fyrri lögum um neytendalán sem gera ekki eingöngu auknar kröfur til fjármálastofnana heldur einnig til neytenda. Þar á meðal er krafa um að lántakendur standist lánshæfismat, sem er byggt á viðskiptasögu og upplýsingum um vanskil, þegar einstaklingar sækja um lán undir tveimur milljónum króna eða þegar hjón eða fólk í sambúð óska eftir láni undir fjórum milljónum.

„Þegar neytendalán fara yfir tvær milljónir króna þarf að skila inn enn ítarlegri upplýsingum um fjárhagsstöðu. Það þýðir að fólk þarf nú að gangast undir ítarlegt greiðslumat ef það óskar eftir bílaláni upp á meira en tvær milljónir," segir Jóna að lokum.

haraldur@frettabladid.is


JEPPAR Í GÓÐU ÚRVALI




▶Tilboð: 3.650.000 kr.
**Ford Escape** Limited AWD LDB02
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 66.000 km.
Ásett verð: 3.950.000 kr.

Vertu með!
FERÐAFJÖR NOTAÐRA BÍLA
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna
400.000 KR.
GJAFABRÉF FRÁ WOWair *
Hvert myndir þú fara?

▶ FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS




▶Tilboð: 2.590.000 kr.
**Ford Edge** SEL Plus AWD SIS80
Skráður ágúst 2007, 3,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.




▶Tilboð: 3.790.000 kr.
**Ford Kuga** Titanium S AWD HYL84
Skráður apríl 2012, 2,0 dísil, beinskiptur
Ekinn 71.000 km.
Ásett verð: 4.140.000 kr.
Í ábyrgð

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar – Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 7. nóvember 2013 til og með 20. desember 2013 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2013 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umboðssölubíla.



A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
VELKOMIN
Í THE PIER
Haag
199.900
Svartur/Brúnn. Fæst með lengri
tunguna hægra eða vinstra megin
Skilrúm
14.990
Kommóður
49.900
Boston 299.900
Náttborð
39.900
Málverk frá 990
Kerti 3 fyrir 2 frá 590
3
fyrir
2
Kerti 30 cm
1 stk. 129
10 stk 1.000
Kertastjakar frá 590
Geisladiskar 2.690
CAFÉ LATINO
India
CHRISTMAS AROUND THE WORLD
Jólakúlur frá 790
Jólatré
990, 1.290, 1.690, 1.990
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Flutningatölur Icelandair:

## Farþegum fjölgaði milli ára

Icelandair flutti um 185 þúsund farþega í millilandaflugi í síðastliðnum októbermánuði. Farþegar voru þá átta prósentustigum fleiri en í sama mánuði árið 2012.

Farþegum flugfélagsins fjölgaði mest í ferðum á milli Norður-Ameríku og Evrópu, eða um 17,8%, að því er fram kemur í tilkynningu Icelandair. Þar segir einnig að farþegum í innanlands- og Grænlandsflugi hafi fækkað um 8%. - hg

Frá byrjun alþjóðlegu fjármálakreppunnar 2007 hafa viðskiptakjör út- og innflutnings versnað um 17%:

# Viðskiptakjör landsins ekki verri síðan 1964

Viðskiptakjör inn- og útflutnings Íslands eru í sögulegu lágmarki og ráð gert fyrir áframhaldandi rýrnun þeirra á næstu ár. „Aðallega vegna lægra sjávarafurðaverðs,“ segir Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans. Hann kynnti þjóðhagsspá bankans á fundi í Seðlabankanum í gær.

„Viðskiptakjörin hafa verið okkur afar óhagstæð og hafa nú rýrnað um 17 prósent frá árinu 2007,“ sagði Þórarinn og kvað kjörin ekki hafa verið jafnslæm síðan 1964. „Eftir að efnahagskreppan skall á núna fyrir nokkrum árum þá hafa þau nánast samfellt verið að rýrna.“

Í umfjöllun í Peningamálum kemur fram að í fyrra hafi viðskiptakjör landsins verið um sjö prósentum undir því sem þau hafa að meðaltali verið frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Bankinn gerir ráð fyrir því að viðskiptakjör haldi áfram að rýrna á spátímabilinu sem nær til ársins 2016, og verði þá komin ellefu prósent undir langtímameðaltal. Rýrnunina megi fyrst og fremst rekja til slaks hagvaxtar í helstu viðskiptalöndum Íslands og mikillar lækkunar á verði sjávarafurða.

Þróun viðskiptakjara segir Þórarinn að skýri að nokkru leyti hvers vegna efnahagsbati hér hafi verið jafnhægur og raun ber vitni. Þróunin hafi grafið undan gengi krónunnar og gert úrlausn núverandi greiðslujafnaðarvanda erfiðari en ella. - óká



**FARIÐ YFIR PENINGAMÁL** Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, kynnir Peningamál, efnahagsrit bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Viðskiptaráð birti skýrslu um getu atvinnulífsins til verðmætasköpunar:

# Spá hægum bata næstu árin



**BATAMERKI** Viðskiptaráð segir heilbrigði atvinnulífsins hafa batnað síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

„Þegar skýrslan er skoðuð má sjá hægan bata á þessum helstu sviðum atvinnulífsins,“ segir Viðar Ingason, hagfræðingur hjá Viðskiptaráði Íslands.

Ráðið birti í gær skýrslu þar sem svokölluð heilbrigðisvísitala atvinnulífsins er tekin saman. Vísitölunni er skipt í sex undirvísitölur sem saman eiga að veita einfalt yfirlit yfir getu íslenskra atvinnulífs til aukinnar verðmætasköpunar.

„Ef við skoðum þessar sex vísistölur þá hafa þær undanfarin ár þróast með mismunandi hætti og þegar heildarvísitalan er tekin saman er vöxturinn ekkert gríðarlega mikill,“ segir Viðar.

Hann segir að heilbrigðisvísitalan frá árinu 2009 hafi sýnt ákveðinn viðsnúning en að spá Viðskiptaráðs fyrir næstu tvö ár geri áfram ráð fyrir hægum bata.

„Á heildina litið gefur þessi vísitala til kynna að heilbrigði atvinnulífsins sé nú um sjö prósentustigum lakara en það var árið 2003.“ - hg




**SEÐLABANKASTJÓRI** Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynnti ákvörðun peningastefnunefndar um óbreytta stýrivexti á kynningarfundi í húsakynnum Seðlabanka Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Hagvöxtur er umfram spár

**Stýrivextir Seðlabankans eru óbreyttir. Þeir hafa ekki verið óbreyttir jafnlengi síðan 2004. Horfur á mjög hægfara verðbólguhjöðnun. Seðlabankinn hækkar vexti ef launahækkanir þrýsta um of á verðbólgu.**

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans eru horfur á að hagvöxtur í ár verði nokkru meiri en bankinn spáði í ágúst, eða 2,3 prósent. Næstu tvö ár gerir bankinn engu að síður ráð fyrir svipuðum vexti og áður hafði verið spáð.

Kynnt var í gær ákvörðun Peningastefnunefndar Seðlabankans um að halda stýrivöxtum bankans enn óbreyttum og efnahagsritið Peningamál með nýrri þjóðhagsspá.

Vöxtum Seðlabankans var síðast breytt í nóvember í fyrra. „Er þetta lengsta samfellda tímabil óbreyttra stýrivaxta bankans síðan 2004,“ segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka.

Í yfirlýsingu Peningastefnunefndar kemur fram að verðbólguhorfur hafi batnað nokkuð frá síðustu spá bankans. „Eftir að hafa aukist nokkuð á þriðja fjórðungi ársins hefur verðbólga minnkað á ný,“ sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri við kynningu á ákvörðun peningastefnunefndar í gær.

„Samkvæmt spá bankans eru horfur á hægfara hjöðnun verðbólgu á næstu misserum. Hún verður minni á næstunni en áður var reiknað með en verðbólguhorfur til ársins 2016 eru í stórum dráttum svipaðar.“ Már segir ráð gert fyrir að verðbólga hnígi að markmiði undir lok árs 2015.

Hjöðnun verðbólgunnar sagði Már auðvitað mjög hægfara og um margt óásættanlega hæga, auk þess sem hún væri næm fyrir þróun gengis og launa á næstu misserum. „Hafa verður í huga að í spánni er gert ráð fyrir því að launahækkanir verði nokkuð umfram það sem samrýmist verðbólgumarkmiði,“ sagði Már, en í yfirlýsingu peningastefnunefndar kemur fram að verði launhækkanir í komandi kjarasamningum í samræmi við spána þá sé líklegt að nafnvextir bankans muni að óbreyttu hækka í framhaldinu. „Launahækkanir umfram það auka líkur á vaxtahækkunum enn frekar,“ sagði Már, en áréttaði um leið að launahækkanir sem samrýmdust verðbólgumarkmiði hefðu þau áhrif að verðbólga hjaðnaði hraðar en spá bankans gerir ráð fyrir og vextir gætu þar af leiðandi orðið lægri en ella.

> **Mikilvægt er að eftir meðferð Alþingis á frumvarpi til fjárlaga verði aðhald í ríkisfjármálum að minnsta kosti jafn mikið og boðað er í frumvarpinu.**
> *Már Guðmundsson seðlabankastjóri.*

Þá hafi áhrif stefnan í ríkisfjármálum. „Mikilvægt er að eftir meðferð Alþingis á frumvarpi til fjárlaga verði aðhald í ríkisfjármálum að minnsta kosti jafn mikið og boðað er í frumvarpinu.“

Auk óvissu vegna komandi kjarasamninga, nefndi Már að viðskiptakjör Íslands hefðu versnað á undanförnum misserum og það rýrt viðskiptaafgang og sett þrýsting á gengi krónunnar. Þá sé enn óvissa um hvaða áhrif þung greiðslubyrði erlendra lána, uppgjöra búa föllnu bankanna og losun fjármagnshafta hafi á gengi krónunnar. olikr@frettabladid.is




## NÝ LED SMART TV
## 7005 & 8005 LÍNUR FRÁ SAMSUNG




UExxF7005ST 800 CMR

### Meðal nýjunga frá Samsung:

- Sjónvarpið mælir með sjónvarpsefni byggt á áhorfi þínu.
- Innbyggð myndavél sem þekkir andlit, hentar vel í Skype myndsímtöl.
- Stjórnaðu tækinu með rödd og handarhreyfingum.
- Uppfærslu möguleiki með „Smart Evolution" kubbnum.
- Auðvelt að streyma efni frá sjónvarpinu yfir á spjaldtölvuna og snjallsímann og öfugt.
- Snjallsjónvarp (Smart-TV) sem stjórnað er með háþróuðum aðferðum.

40" = 329.900.-
46" = 389.900.-
55" = 599.900.-
60" = 849.900.-

# Njóttu glæsilegrar hönnunar og framúrskarandi myndgæða

SJÓNVÖRPIN FRÁ SAMSUNG ERU EINSTÖK GÆÐATÆKI OG MARG VERÐLAUNUÐ UM HEIM ALLAN




UExxF8005ST 1000 CMR

EISA AWARD
Best Product 2013-2014
SMART TV
Samsung UE55F8000

## Glæsilegt verðlaunatæki

40" = 379.900.-
46" = 479.900.-
55" = 699.900.-
65" = 999.900.-
75" = 1.890.000.-

HLJÓMTÆKI
HW-F751




Bluetooth

Hágæða heimabíóstæða – "Soundbar" við sjónvarp og hljómtæki með afspilun frá snjallsíma og USB. Stútfull af hátækni. Til í mörgum stærðum.
Verð: 189.900

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

Er gagnrýni ekki partur af stjórnmálaumræðunni?

# Aðförin að Ólafi

Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, sakaði Steingrím J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson um „aðför“ að forseta Íslands í ræðu á Alþingi í fyrradag. Skrif þessara tveggja fyrrverandi ráðherra í bókum um síðasta kjörtímabil kallar hún „forkastanleg“, af því að þar er að finna harða gagnrýni á forsetann.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

„Það er ekki lýðræðinu eða stjórnskipun vorri til framdráttar að ráðast á forseta Íslands með þessum hætti né bætir það stjórnmálaumræðuna í landinu,“ sagði Sigrún. „Á góðum stundum tala og töluðu þessir stjórnmálamenn um nauðsyn þess að gera stjórnmálaumræðu hófstilltari, málefnalegri og opnari. Öllum þeim gildum er kastað fyrir róða til að koma höggi á forseta Íslands.“

Þessi ræða hefði vel getað átt við fyrr á árum, þegar á stóli forseta Íslands sátu einstaklingar sem töldu það ekki hlutverk sitt að blanda sér í pólitísk deilumál og lögðu meira til samstöðu en sundrungar meðal þjóðarinnar. Forsetinn lét pólitíkina í friði og pólitíkin lét forsetann í friði.

Ólafur Ragnar Grímsson forseti hefur hins vegar blandað sér með afgerandi hætti í pólitísk deilumál. Hann hefur tekið fram fyrir hendurnar á Alþingi með því að synja lögum staðfestingar í þrígang. Í viðtali við Fréttablaðið eftir forsetakosningarnar í fyrra sagði Ólafur Ragnar að í kosningaúrslitunum fælist „sú krafa að forsetinn sé virkur þátttakandi í samræðum þjóðarinnar um hin stærstu mál“. Hann túlkaði úrslitin þannig að þjóðin hefði veitt honum umboð til að láta meira að sér kveða og tala skýrt um umdeild mál á borð við stjórnarskrána og Evrópusambandið.

Það má deila um þessa túlkun kosningaúrslitanna en þetta er síðan einmitt það sem forsetinn hefur gert. Hann hefur tjáð sig með afgerandi hætti um bæði þessi stóru mál; um stjórnarskrána í síðasta nýársávarpi sínu og um Evrópusambandið í þingsetningarræðu sinni í sumar.

Eins og ýmsir urðu til að benda á eftir forsetakosningarnar getur forsetinn ekki búizt við að vera virkur þátttakandi í stjórnmálaumræðunni án þess að honum sé svarað og málflutningur hans og framganga gagnrýnd. Þá gildir einu hvort fólki finnst að hann fari út fyrir stjórnskipulegt hlutverk sitt með málflutningi sínum eða ekki. Hann setur fram rök fyrir máli sínu og þá hljóta þeir sem eru á öndverðum meiði að svara – vonandi líka með vönduðum rökum.

Málefnaleg stjórnmálaumræða getur að minnsta kosti alls ekki átt að fara þannig fram að áhrifamikill talsmaður eins sjónarmiðs tali og kveði fast að skoðunum sínum, en talsmenn öndverðra sjónarmiða þegi bara þunnu hljóði af því að þeir beri svo mikla virðingu fyrir andstæðingnum, stöðu hans vegna. Gagnrýni og skoðanaskipti eru nú einu sinni alveg bráðnauðsynlegur hluti af stjórnmálaumræðunni.

Sennilega er algjör óþarfi að þingflokksformaður Framsóknarflokksins komi forseta Íslands til varnar. Hann er gamalreyndur í stjórnmálunum. Hann veit vel að sá sem blandar sér í pólitískar deilur verður að þola andmæli og gagnrýni. Í því felst engin aðför.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hefðu ekki átt að hafna Flóka

Málefni Langholtskirkju, sem voru mjög í deiglunni undir lok síðustu aldar, voru deilur séra Flóka í Langholtskirkju við organistann og kórinn um kaup á orgeli, sem Flóka fannst óráð, en hann hraktist á endanum úr stóli. Forsíðufrétt blaðsins í gær, um blankheit Langholtskirkju, vakti upp þann draug, enda er téðum orgelkaupum að hluta til kennt um vandræðin. Sigurður G. Guðjónsson, sem var málsvari Flóka á sínum tíma, segir á bloggi sínu: „Nú veldur orgelið sókninni fjárhagsvanda sem boðskapur klerksins hefði aldrei gert. Svona fer þegar gera á guðshús að öðru en þau eru ætluð til.“



### Einvígi í Eymundsson

Þeir Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson halda báðir útgáfuhóf vegna nýútkominna bóka sinna á morgun. Veislurnar hefjast á sama tíma, klukkan fimm, Össur verður í Eymundsson á Skólavörðustíg og Steingrímur í Eymundsson í Austurstræti. Þangað ættu áhugasamir að geta mætt til að lesa í pólitískar víglínur út frá gestum í hvorri veislu.

### Eitt fyrir alla

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, vék máli sínu á þingi í vikunni að innflutningi á ferskum kjötvörum. Þar lét hann eftirfarandi orð falla: „Mér er sagt að íslenskir innflytjendur á kjöti leiti eftir ódýrasta kjötinu, ekki því besta, og það sé síðan flutt inn. Kjötið er síðan unnið, jafnvel úrbeinað og þvegið upp úr íslensku vatni, pakkað í íslenskar umbúðir og selt á sama verði og kjúklingar sem eru ræktaðir á Íslandi.“ Það er gott að þingmaður hefur jafn tryggt land undir fótum og: „mér er sagt“ þegar hann fullyrðir svona nokkuð um kjötinnflytjendur án þess að tiltaka neitt frekar.

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR





# Ríkisstjórn gegn framförum?

VÍSINDI



Svandís Svavarsdóttir
alþingismaður

Ein mikilvægasta forsendan fyrir framförum og velsæld í samfélögum er að vel sé hlúð að opinberum samkeppnissjóðum sem veita fé til vísindarannsókna. Slíkar rannsóknir eru grundvöllur verðmætasköpunar sem byggist á hugviti en ekki nýtingu á takmörkuðum náttúruauðlindum. Veruleg aukning á fjárframlögum til samkeppnissjóða á sviði vísinda varð því eðlilega eitt af meginatriðum fjárfestingaáætlunar ríkisstjórnar Vinstri grænna og Samfylkingarinnar. Aukningin var reyndar algjörlega nauðsynleg því fjárframlög til þeirra höfðu staðið í stað frá því fyrir hrun og því hefði í raun þurft að gera enn betur. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks virðist þó ekki hafa skilning á þessu og hefur með fyrsta fjárlagafrumvarpi sínu ákveðið að draga aukninguna að verulegu leyti til baka.

Að undanförnu hefur mikil umræða farið fram á Alþingi og í samfélaginu um stöðu Rannsóknasjóðs í ljósi þess niðurskurðar sem fjárlagafrumvarpið boðar. Komið hefur fram að niðurskurðurinn mun hafa þær afleiðingar að sjóðurinn mun ekki geta stutt við ný verkefni á árunum 2014 og 2015. Það þýðir að starf fjölda rannsóknahópa er í hættu og að fjöldi ungs vísindafólks gæti neyðst til að flytja af landi brott til að geta sinnt starfi sínu. Það er hætt við því að rannsóknarnemar þurfi að hætta í miðju kafi og að samfella í mikilvægum verkefnunum rofni þannig að gríðarlegir fjármunir fari í súginn. Það er verið að spá neyðarástandi og til þess má ekki koma.

Það sem er dapurlegast við þennan niðurskurð er að hann er ekki nauðsynlegur heldur er hann birtingarmynd þeirrar forgangsröðunar sem ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks stendur fyrir. Hún er í þágu stórútgerðarinnar á kostnað framfara og eðlilegs vísindastarfs í íslensku samfélagi. Niðurskurðurinn er til kominn vegna þess að ríkisstjórnin og meirihluti Alþingis ákváðu að gera það sitt fyrsta verk að lækka sérstaka veiðigjaldið og þannig afsala samfélaginu eðlilegum hluta í arði af sjávarauðlindinni. Arði sem til stóð að nota til að byggja upp og treysta innviði íslensks samfélags.

Útlitið er ekki bjart en enn þá er hægt að skipta um áherslu og skila fjármagninu aftur til sjóðanna. Það er of mikið í húfi til að verjandi sé að hunsa raddir vísindasamfélagsins og þverpólitíska sátt um mikilvægi rannsókna og þróunar í þágu samfélagsins alls.

# Epli og gervepli í Háskóla Íslands

VÍSINDI



Einar Steingrímsson
stærðfræðingur

Til að bregðast við frétt í Fréttablaðinu um bloggpistil sem ég birti 25. október skrifaði Eiríkur Smári Sigurðarson grein í blaðið 30. október með yfirskriftinni „Epli og könglar“. Það er ánægjuefni, þar sem markmiðið með skrifum mínum um háskólamálin er að hvetja til opinberrar umræðu um það sem gott er og vont í íslenska háskólakerfinu.

Það eru hins vegar nokkur vonbrigði að Eiríkur (eins og aðrir sem gagnrýnt hafa staðhæfingar mínar opinberlega) lætur sér nægja að halda fram að sá samanburður sem ég gerði milli fræðasviða Háskóla Íslands sé ekki marktækur. Betra væri að Eiríkur útskýrði hver hinn eðlilegi samanburður sé, sem ætti að vera auðvelt fyrir hann, þar sem hann sýslar einmitt með slík mál í starfi sínu hjá HÍ.

## Tvítugfaldur munur

Það sem er sláandi við þessar staðhæfingar Eiríks er að ég hef annars vegar margtekið fram í skrifum mínum að þessi samanburður sé ekki nákvæmur, og að til þess að hann yrði það þyrfti að taka tillit til ýmissa þátta, eins og þeirra sem Eiríkur nefnir. En, eins og ég hef einnig bent á er augljóst öllum sem til þekkja, eins og Eiríki, að þeir þættir sem hann nefnir geta með engu móti útskýrt þann gríðarlega mun sem er á birtingatíðni ólíkra fræðasviða HÍ í svokölluðum ISI-tímaritum, samkvæmt tölum sem HÍ birtir sjálfur. Það er nefnilega fráleitt eðlilegt að munurinn sé tífaldur, eins og gildir um Félagsvísindasvið í samanburði við Verkfræði- og Náttúruvísindasvið, hvað þá tvítugfaldur, eins og gildir um Menntavísindasvið.

Það er rétt að taka fram að í hugvísindum er munurinn á birtingatíðni trúlega meiri á alþjóðavettvangi, vegna ólíkra hefða, en Eiríkur er ekki bara að fjalla um hugvísindin, heldur líka félags- og menntavísindin, sem eru þau svið sem gagnrýni mín hefur fyrst og fremst beinst að. Það virðast líka vera talsverðar ýkjur hjá Eiríki að það vanti „stóran hluta virtustu tímarita í þessum greinum í grunninn“ þegar félags- og menntavísindi eru annars vegar, enda styður hann þá staðhæfingu engum gögnum.

Það eru fleiri gögn aðgengileg á netinu sem sýna svart á hvítu að Eiríkur er að reyna að verja óverjandi meðferð rannsóknafjár, miðað við yfirlýsta stefnu HÍ um að komast í fremstu röð. Þar á meðal eru ritaskrár allra starfsmanna Menntavísindasviðs, en eina slíka skrá, frá 2007, má finna í heilu lagi á netinu. Þar er allt tínt til sem hver starfsmaður telur til rannsóknaframlags. Fyrir utan örfáa starfsmenn sem greinilega eru duglegir, og sem sumir virðast öflugir á alþjóðavettvangi, er birtingaskráin aðallega eyðimörk, ef litið er til þess sem gjaldgengt er í alþjóðasamfélaginu. Og sú afsökun að íslensk menntavísindi séu svo sérstök að þau eigi ekki erindi á alþjóðavettvang er jafn fáránleg og kenningarnar um hin sérstöku lögmál sem útskýrðu snilld Íslendinga í fjármálum.

**➜ Með þessu er verið að fegra bókhald skólans, en vinna tjón á gæðum rannsóknastarfs hans.**

## Að fegra bókhald

Talið um að koma HÍ í hóp hundrað bestu háskóla í heimi er óraunsætt miðað við þær aðferðir sem forysta skólans notar. (Og það segir sína sögu að ekki ein einasta af manneskjunum í æðstu akademísku valdastöðum skólans hefur reynslu af starfi við erlendan háskóla.) Það er líka beinlínis skaðlegt að einblína á að komast hátt á tilteknum mælikvörðum, í stað þess að leggja áherslu á að byggja upp gæði þeirrar starfsemi sem tryggir hátt mat á slíkum kvörðum til langframa. Eitt dæmi um skaðlega áherslu er fjöldaframleiðsla á doktorsgráðum, þar sem leiðbeinendur eru í sumum tilfellum alls ekki hæfir til starfs síns. Með þessu er verið að fegra bókhald skólans, en vinna tjón á gæðum rannsóknastarfs hans.

Það er hins vegar mun auðveldara en margir halda að byggja upp miklu öflugri rannsóknir á Íslandi en nú er raunin. Og þótt það þurfi mikið fé til að byggja upp stóran og öflugan háskóla væri hægt að efla rannsóknastarfið til muna með því fé sem háskólar fá nú til þess. En þá þarf að nota féð í gott rannsóknastarf, ekki dreifa því á alla akademíska starfsmenn ríkisháskólanna, líka þá sem aldrei hafa stundað rannsóknir, eða bara rannsóknir sem alls ekki ná máli í því alþjóðasamfélagi sem nánast öll vísindi eru. Til að það megi verða þarf hins vegar að hætta að segja ósatt um hvað er gott og hvað slakt í háskólastarfinu.

# Listamannalaun í áskrift

MENNING



Lára Óskarsdóttir
frambjóðandi í 4. sæti í komandi prófkjöri sjálfstæðismanna

Vörður, Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, hefur staðið fyrir fundaherferð í Valhöll í haust. Þar stíga í pontu sérfræðingar um ákveðin málefni með það að markmiði að fræða áhugasama um sín sérsvið. Hinn 10. október síðastliðinn var umfjöllunarefnið menningarmál. Framsögumenn á fundinum voru Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við LHÍ, og Pjetur Stefánsson listamaður. Eftir þeirra ágætu framsögu áttu sér stað líflegar umræður, m.a. um listamannalaun.

Þar sem mér er málið hugleikið á vissan hátt fannst mér áhugavert að heyra álit manna sem þekkja vel til. Þannig vill til að faðir minn, fæddur 1924, var talinn efnilegur listamaður á sínum yngri árum. Hann valdi að stofna fjölskyldu og kom ekki til greina að leggja það á fjölskylduna að búa við svo bág kjör sem listamenn lifðu við á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar. Það hefur setið í mér að faðir minn, sem er látinn, hafi ekki látið drauminn rætast og fannst því áhugavert að heyra þá Guðmund Odd og Pjetur tjá sig um listamannalaun.

Þeir voru nokkuð samtaka í svörum sínum um að listamannalaun væru sjálfsögð en settu báðir spurningu við aðferðina sem notuð er við úthlutun. Það kom fram í máli þeirra að aðferðin skapar hættu á spillingu sé málið í höndum tengdra aðila. Sú skoðun kom einnig fram að listamannalaun ættu frekar að tryggja nýliðum rými til að fóta sig í sköpun sinni en að verða eins konar áskriftargjörningur til þroskaðra listamanna. Einnig kom fram að meira réttlæti væri í því að tengja umsóknir verkefnum eða sýn, eins og Guðmundur Oddur orðaði það, frekar en nöfnum listamanna.

**➜ Með því að steypa saman einkafjármagni við fjármagn frá ríki og borg mætti stofna óháðan úthlutunarsjóð.**

Það er mikilvægt að styðja við menningu og listir en það er hægt með öðrum leiðum en að greiða út listamannalaun í því formi sem gert er í dag. Með því að steypa saman einkafjármagni við fjármagn frá ríki og borg mætti stofna óháðan úthlutunarsjóð. Mikilvægt væri í slíku fyrirkomulagi að skipa úthlutunarnefnd sem tengdist ekki listamönnunum sem fengju úthlutun. Einnig mætti fara aðrar leiðir, s.s. að greiða frekar af húsnæði eða annan fastan kostnað eins og rafmagn og hita.

Menning og listir eru hornsteinar samfélagins eins og móðurmálið og má aldrei líta á þessa þætti sem kostnað. „Að vera gift listamanni er eins og að vera gift happdrættismiða,“ eru eftirminnileg orð sem Guðmundur Oddur hafði eftir eiginkonu listamanns. Þennan happdrættismiða kaus pabbi minn ekki að kaupa og er ég honum þakklát fyrir. Jafnframt er ég sorgmædd yfir að hann náði ekki að verða hluti af arfinum en verkin hans bera vitni um að hann hafði hæfni til. Okkur ber skylda til að hlúa að upprennandi listamönnum. Við vitum aldrei hverjir þeirra verða hluti af dýrmætum menningararfi okkar í framtíðinni.

Mikið úrval og hagstæð verð!



Sturtuklefar, sturtuhorn og sturtuveggir sem setja má beint á gólf



Baðkarshlífar
margar gerðir
verð frá 14.900

Sturtuveggir
öryggisgler 6,8,10mm
Verð frá 25.900

Sturtuhorn
með botni
verð frá 29.900



Innréttingar og tæki
Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332
i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

# Kosningar um breytingar á stjórnarskránni eins árs

STJÓRNARSKRÁ



Andrés Magnússon
læknir

Það sem er talið ráða úrslitum varðandi velgengni þjóða er hversu hratt og fumlaust samfélagið getur brugðist við breyttum aðstæðum. Forngrikkir sköruðu fram úr á fjöldamörgum sviðum, þeir voru sífellt að þreifa fyrir sér varðandi lýðræðið og voru óhræddir við að breyta lýðræðisskipulaginu og færa það til betri vegar.

Þegar þeir sáu að fulltrúalýðræðið hafði alvarlega annmarka, t.d. að ráðandi öflum í samfélaginu tókst að stjórna hverjir yrðu kosnir, eða ná tangarhaldi á kjörnum fulltrúum á annan hátt, hikuðu þeir ekki við að breyta stjórnskipulaginu til þess að bregðast við þeim vanda.

Í dag hafa 9% Íslendinga tiltrú á Alþingi. Skoðanakannanir hafa endurtekið sýnt að mikill meirihluti þjóðarinnar hefur verið á móti kvótakerfinu en sá þjóðarvilji hefur verið blokkeraður á Alþingi áratugum saman. Þjóðin hefur á tilfinningunni að fulltrúarnir vinni fyrir flokkinn sinn og hagsmunaöflin sem komu þeim á þing. Það getur varla talist eðlilegt að stjórnmálaflokkarnir og þingmenn setji sjálfum sér leikreglurnar. Því var nýverið reynt að bregðast við þverrandi tiltrú almennings á íslensku lýðræði með almennum kosningum til stjórnlagaþings. Niðurstöðurnar urðu að færa ætti meiri völd frá stjórnmálaflokkum til fólksins, í flestum tilfellum lýðræðisumbætur sem þegar hafa verið gerðar í nágrannalöndunum, eins og rétt á þjóðaratkvæðagreiðslum, rétt á að velja sína þingmenn á kjörseðli o.s.frv. Auk þess sem stjórnlagaráðið var einróma í þessum umbótum þá var einnig mikill meirihluti fyrir þessum umbótum í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir réttu ári síðan. Nú er að sjá hvort kjörnir fulltrúar okkar á Alþingi líti á sig sem verkfæri til þess að koma á vilja þjóðarinnar, eða hvort þeir vilji vinna fyrir einhver önnur öfl.

**Ný samfélagsleg ógn**

Mig langar að víkja að öðru atriði varðandi stjórnarskrá sem lítið var rætt á stjórnlagaþinginu en mér er hugleikið. Til eru þeir sem vilja, líkt og Grikkir forðum, vera sveigjanlegir og bregðast við nýrri, óþekktri samfélagslegri ógn með róttækum breytingum á stjórnarskrá. Ísland er í miklum vanda núna, nær allar eignir landsins eru í höndum erlendra aðila, þjóðin að sligast undan vaxtagreiðslum sem ekki sér fram úr, og lánin sem voru tekin til þess að fresta Hruninu eru að komast á gjalddaga og öngvir peningar til.

Þeir einu sem eitthvað eiga eru þeir sem urðu ríkir við að búa til Blekkinguna Miklu. Öllum þessum eignum má ná til baka með því að setja eina klausu í stjórnarskrá. Dæmi: Haldið var verndarhendi yfir bönkunum með því að stjórnvöld og fjölmiðlar (í eigu bankamanna) leyndu fyrir almenningi hversu illa bankarnir stóðu, þess vegna gátu bankarnir fengið fólk, fyrirtæki og lífeyrissjóði til þess að veðja á móti sér að krónan myndi styrkjast. Mörg hundruð milljarðar fóru yfir í vasa fjárplógsmanna, nóg til þess að byggja tug hátæknispítala. Þessu fé má ná tilbaka með því að setja 99% eignarskatt á það fé sem græddist við krónuveðmál.

Ef það stríðir gegn lögum þá má setja ný lög; ef þau lög stríða gegn stjórnarskrá þá má breyta henni. Ef þetta myndi t.d. stranda á hinu sérkennilega séríslenska stjórnarskrárákvæði að eignarréttur sé heilagur, þá má einfaldlega fella það ákvæði úr stjórnarskrá. Gífurlegur arður var greiddur úr fjármálafyrirtækjum sem engin innistæða var fyrir, meira en allur kostnaður við tækjakaup Landspítalans til 100 ára. Þessu fé má öllu ná til baka með lagasetningu. Þá segir kannske einhver; það er ekki hægt að setja afturvirk lög (sem reyndar stendur hvergi). Þá getur meirihluti almennings ákveðið að setja í stjórnarskrá: „Setja má afturvirk lög.“ Svo einfalt er það. Fólk er búið að gleyma því að lýðræði þýðir bara eitt; meirihlutinn ræður, ekkert annað; meirihluti almennings ræður einnig öllum greinum stjórnarskrár. Spurningin er því ekki hvort það sé hægt að ná til baka þeim Bólugróða sem ennþá er í landinu (þar með talið í þrotabúum bankanna) heldur hvort það sé rétt að fara í slíkar óhefðbundnar aðgerðir með beinar tilvísanir í atburði líðandi stundar í stjórnarskrá. Það hvort fólki finnst það vera rétt fer eftir því hversu mikið áfall fólk telur Bóluna/Hrunið vera, fjárhagslegt og siðferðilegt; var það bara hundsbit sem við náum að læra af og rétta úr kútnum, eða var það varanleg und og nema leiðrétt sé? Forngrikkirnir hefðu ekki verið lengi að hugsa sig um hvað gera skyldi.

**➜ Því var nýverið reynt að bregðast við þverrandi tiltrú almennings á íslensku lýðræði með almennum kosningum til stjórnlagaþings. Niðurstöðurnar urðu að færa ætti meiri völd frá stjórnmálaflokkum til fólksins, í flestum tilfellum lýðræðisumbætur sem þegar hafa verið gerðar í nágrannalöndunum, eins og rétt á þjóðaratkvæðagreiðslum, rétt á að velja sína þingmenn á kjörseðli o.s.frv.**

# Hvar og hvernig eiga lífeyrissjóðir að ávaxta fjármuni sína?

LÍFEYRISSJÓÐIR



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Í viðskiptaháskólum í Bandaríkjunum og víðar er notuð sú aðferð að kenna „case“, þ.e. farið er yfir frásagnir þar sem lýst er tilteknum aðstæðum sem nemendur eiga síðan að draga raunhæfar ályktanir af. Ein þessara frásagna, sem orðin er klassík og kennd í mörgum skólum vestanhafs, greinir frá vinnuvélaframleiðanda í borg einni í miðríkjum Bandaríkjanna þar sem verksmiðjan var nánast eini vinnuveitandinn í borginni og nágrenni hennar. Allt gekk eins og í sögu, vélarnar seldust í stórum stíl, starfsmennirnir voru vel launaðir og lífeyrissjóður þeirra efldist að sama skapi.

Á meðan allt lék í lyndi þótti forráðamönnum lífeyrissjóðsins einsýnt að heppilegast væri að fjárfesta í verðbréfum vinnuvélaframleiðandans sjálfs, bæði var fyrirtækið arðbært og með því væri verið að senda rétt skilaboð um tiltrú starfsmannanna á fyrirtækinu sem þeir unnu hjá.

Síðan fór allt á versta veg. Vinnuvélaframleiðandinn varð gjaldþrota, verksmiðjunni var lokað, starfsmennirnir töpuðu störfum sínum og einnig áunnum lífeyrisrétti þar sem lífeyrissjóðurinn hafði nær eingöngu fjárfest í verðbréfum vinnuveitandans. Þegar hér er komið sögu í umfjölluninni í viðskiptaháskólanum brosa stúdentarnir góðlátlega að ráðamönnum lífeyrissjóðsins og umræða hefst um það hvernig þeir gátu verið svo skammsýnir að fylgja ekki einföldustu reglum fjárstýringar um að dreifa áhættu og hafa ekki öll eggin í sömu körfunni.

**Hvar er norski olíusjóðurinn ávaxtaður?**

Norðmenn tóku snemma þá ákvörðun að ávinningur þeirra af olíuvinnslu yrði að stærstum hluta ávaxtaður í tryggum fjárfestingum annars staðar en í Noregi. Þannig yrðu þeir best varðir fyrir áföllum þegar grípa þyrfti til fjármunanna í sjóðnum. Íslendingar guma oft af íslenska lífeyriskerfinu sem því fullkomnasta í heimi þar sem það er fjármagnað að fullu með iðgjöldum sjóðfélaga. Reglulega eru uppi kröfur um að lífeyrissjóðirnir leggi fé í alls kyns verkefni innanlands sem aðrir fjárfestar sjá sér ekki hag í að leggja fjármuni sína í. Hversu skynsamlegt er að íslenskir lífeyrissjóðir leggi fjármuni sína yfirleitt í íslenskar fjárfestingar? Gildir einu hvort það eru verðbréf ríkissjóðs eða fyrirtæki í nýsköpun því allt saman eru þetta fjárfestingar góðra gjalda verðar. Eigum við kannski að láta frásögnina af vinnuvélaframleiðandanum í miðríkjum Bandaríkjanna verða okkur víti til varnaðar?

**➜ Reglulega eru uppi kröfur um að lífeyrissjóðirnir leggi fé í alls kyns verkefni innanlands sem aðrir fjárfestar sjá sér ekki hag í að leggja fjármuni sína í.**

Tal
LÚXUSNET TALS
FYLGIR ÖLLUM NETPÖKKUM
Góðar fréttir fyrir fólk sem fílar Netflix.
Bættu smá lúxus í netið þitt

# Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð

Þriðja árið í röð er 8. nóvember helgaður baráttunni gegn einelti. Markmiðið með deginum er að vekja sérstaka athygli á málefninu sem á sér ýmsar birtingarmyndir. Ein þeirra birtingarmynda er rafrænt einelti. Þrátt fyrir að á yfirborðinu virðist ríkja sátt um að einelti sé óásættanlegt og ólíðandi ofbeldi þá gengur illa að útrýma þessari meinsemd. Vissulega hefur árangur náðst en betur má ef duga skal. Hvert tilfelli er einu of mikið.

EINELTI



Hrefna Sigurjónsdóttir
framkvæmdastjóri Heimilis og skóla

## Bara grín?

Síðustu misseri hafa fjölmiðlar fjallað um alvarlegustu afleiðingar eineltis þegar ungt fólk í blóma lífsins ákveður að binda enda á líf sitt eftir slíkt ofbeldi. Iðulega er um að ræða einhvers konar rafrænt einelti og sláandi er að sjá hve mörg þessi tilfelli eru. Við skulum ekki ímynda okkur að þetta sé bara eitthvað sem gerist í útlöndum. Ekki ratar allt í fréttirnar og margir þjást að óþörfu.

Rafrænt einelti getur falið í sér illkvittin skilaboð og skeytasendingar, niðrandi ummæli og myndbirtingar á samfélagsmiðlum. Einnig er til í dæminu að stofnaðir séu falskir prófílar í nafni þess sem fyrir eineltinu verður og þar fram eftir götunum. Þeir sem taka þátt í eineltinu eru í raun allir sem dreifa slíku efni og samþykkja það. Það sem gerir rafrænt einelti enn svæsnara er að þú veist ekki alltaf hver stendur á bak við það. Auðvelt er að sigla undir fölsku flaggi á netinu og þar eru jafnvel gerendur sem væru hugsanlega ekki gerendur augliti til auglitis.

En hver er rót vandans? Hvað fær fólk til að halda að svona andstyggileg hegðun sé leyfileg? Grín er oft notað sem afsökun, einkum hjá börnum og ungmennum. „Þetta var bara djók!“ eða „Við tölum bara svona á netinu, þetta er bara grín.“ En hvernig getur þú verið viss um að einhver „fatti djókið“? Eða fylgir gríninu kannski alvara? Rafræn samskipti eru vandmeðfarinn tjáningarmáti þar sem þeim fylgja ekki svipbrigði. Þú heyrir sjaldnast tóninn eða raddblæinn og þessi fínni blæbrigði mannlegra samskipta sem eiga sér stað augliti til auglitis eru ekki til staðar. Samskiptin verða því mun beinskeyttari og geta auðveldlega misskilist eða virkað harkalegri en ætlunin var. En því miður er þeim oft ætlað að særa.

## Ekkert hatur

SAFT og Heimili og skóli eru í hópi stofnana og samtaka á Íslandi sem standa á bak við átakið „Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð“. Átakið er unnið út frá verkefni Evrópuráðsins, No Hate Speech Movement, og er ætlað að stuðla að jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Því er beint gegn hatursáróðri, kynþáttafordómum og mismunun á netinu. Markmiðin eru m.a. að: stuðla að vitundarvakningu um hatursáróður og hatursorðræðu á netinu meðal ungs fólks, kynna mikilvægi miðlalæsis, styðja ungmenni í að verja mannréttindi á netinu og utan þess og auka vitund gegn hatursáróðri á netinu.

Fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis annast eftirtaldir aðilar útfærslu verkefnisins á Íslandi: SAFT, Heimili og skóli – landssamtök foreldra, SAMFÉS, Landssamband æskulýðsfélaga, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Æskulýðsvettvangurinn. Rafrænt einelti flokkast undir hatursáróður þar sem orðræðan sem þar viðgengst hefur það að markmiði að koma höggi á einhvern, særa og beita andlegu ofbeldi. Mikilvægt er að vekja ungt fólk til vitundar um að orð eru til alls fyrst og að þeim fylgir ábyrgð. Við erum ábyrg fyrir því sem við segjum og gerum og við erum líka ábyrg fyrir því sem við samþykkjum.

**➜ Rafrænt einelti getur falið í sér illkvittin skilaboð og skeytasendingar, niðrandi ummæli og myndbirtingar á samfélagsmiðlum. Einnig er til í dæminu að stofnaðir séu falskir prófílar í nafni þess sem fyrir eineltinu verður og þar fram eftir götunum. Þeir sem taka þátt í eineltinu eru í raun allir sem dreifa slíku efni og samþykkja það. Það sem gerir rafrænt einelti enn svæsnara er að þú veist ekki alltaf hver stendur á bak við það.**

## Hverjar eru fyrirmyndirnar?

Þegar byggja skal friðelskandi lýðræðissamfélag er virðing í samskiptum grundvallaratriði. Þrátt fyrir að foreldrum finnist sér oft ofaukið í netsamskiptum barnsins eða unglingsins þá skiptir máli að þau fylgjast með og eiga samtal um rafræn samskipti. Foreldrar þurfa að leiðbeina og gæta þess að börnin þeirra komist ekki í tæri við skaðlegt efni. Uppeldi nær yfir alla hegðun, bæði á netinu og utan þess. Einnig er rétt að benda á að fullorðnir eru fyrirmyndir og það skiptir ekki síst máli hvernig þeir haga sér á netinu og í fjölmiðlum. Verum góðar fyrirmyndir, tökum ábyrgð og stuðlum að samfélagi þar sem ekkert hatur þrífst.

# Baráttudagur gegn einelti og kynferðisofbeldi

Allir dagar eiga að vera baráttudagar gegn einelti og kynferðisofbeldi. Morgundagurinn, 8. nóvember, er þó sérstakur að því leyti að hann hefur verið helgaður þessari baráttu, fyrir alla aldurshópa.

EINELTI



Helga Björk Magnúsdóttir Grétudóttir
tónlistarkennari og aktívisti



Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Við, sem undirritum þetta greinarkorn, sendum frá okkur svipaða sameiginlega herhvöt fyrir réttu ári, á þessum sama degi. Þá var annað okkar aktívisti og hitt innanríkisráðherra. Enn er annað okkar aktívisti og hitt er alþingismaður. Viðfangsefnið hefur ekki breyst: Að hvetja alla sem vettlingi geta valdið til að hringja bjöllum eða þeyta flautur, um allt land, helst um allan heim, á slaginu 13:00 í sjö mínútur, eina mínútu fyrir hvern dag vikunnar.

Þetta er hugsað sem táknrænn stuðningur við baráttuna gegn einelti og gegn þögninni sem hefur lengi umleikið einelti. Þá þögn verður að rjúfa.

Undir einelti flokkast ofsóknir, þrálát áreitni, stríðni og ofbeldi. Í einelti felst að niðurlægja, móðga, særa, mismuna og ógna manneskju ítrekað. Kynferðisofbeldi fellur hér undir, en einnig andlegt og líkamlegt ofbeldi.

Fátækt í ríku samfélagi er gróf mismunun, viðvarandi ástand eineltis því fátækt niðurlægir, særir, mismunar og ógnar manneskju ítrekað.

**➜ Hringjum bjöllum og þeytum horn klukkan eitt á morgun. Vekjum samfélagið, vöknum sjálf. Baráttan gegn einelti og kynferðisofbeldi veltur á okkur öllum.**

Einelti fær aðeins þrifist að samfélagið leyfi það, að hinir þöglu áhorfendur aðhafist ekki, horfi í aðra átt, oftast fremur vegna andvaraleysis en illvilja. Þess vegna getum við, hvert og eitt, lagt okkar lóð á vogarskálarnar í að útrýma einelti. Það gerum við með því að hafa góð áhrif á okkar eigin umhverfi, beita ekki valdi í samskiptum, bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum og neita að taka þátt í þögninni.

Hringjum bjöllum og þeytum horn klukkan eitt á morgun. Vekjum samfélagið, vöknum sjálf. Baráttan gegn einelti og kynferðisofbeldi veltur á okkur öllum. Sendum áskorun með rafrænum hætti á ýmsum tungumálum um heim allan og hvetjum ábúendur jarðar til virkrar þátttöku um gjörvalla heimsbyggð.

Sjá nánar: www.gegneinelti.is/

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

Landamæralaust internet

Vefsíður á borð við Netflix og Hulu eru nú aðgengilegar án sérstakra stillinga sem bjóða upp á hafsjó af afþreyingu fyrir alla aldurshópa.

Aukið öryggi með netsíu Lúxusnetsins

Á lúxusnetinu er öryggisnetsía sem stöðvar för viðskiptavina okkar inná óæskilegar og varasamar netsíður. Það eru netsíður sem eru af einhverjum ástæðum þekktar fyrir að dreifa vírusum eða öðrum leiðindum.

Enginn hugbúnaður. Engar stillingar. Ekkert vesen. Bara lúxus.

Lúxusnetið er fyrir okkur hin sem viljum hafa hlutina auðvelda. Það þarf engan hugbúnað eða stillingar til að njóta Lúxusnetsins. Einungis virkja það á vefnum.

Virkjaðu þitt Lúxusnet á **luxusnet.tal.is**

*aðeins fyrir netviðskiptavini Tals



25% afsláttur fylgir netáskrift

Loksins virkar Apple TV eins og það á að gera.

Og vegna þessa fá allir viðskiptavinir Tals með netáskrift 25% afslátt af þessu tæki.

17.175 kr. með afslætti

Með internetþjónustu Tals getur viðskiptavinur fengið aðgang að erlendum efnisveitum og heimasíðum. Notkun á erlendum efnisveitum og heimasíðum er ávallt á ábyrgð viðskiptavinar og viðskiptavinurinn semur við erlendu efnisveituna og greiðir fyrir áskrift sína beint til hennar. Tal selur ekki slíkar áskriftir og eru þær Tali óviðkomandi.

# Nýsköpun hjá opinberum stofnunum vekur athygli erlendis

NÝSKÖPUN

Í fljótu bragði er erfitt að koma auga á hvað embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra eiga sameiginlegt. Jú, verkefnin Lögreglan á samfélagsmiðlum og Sign Wiki sem þessar stofnanir hafa þróað og hrint úr vör hafa hlotið sérstaka viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberum rekstri. Þau eru meðal 15 verkefna í úrslitum til Evrópskra nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri (European Public Sector Award 2013) sem afhent verða í lok nóvember. Alls voru 230 verkefni tilnefnd til verðlaunanna frá 26 ríkjum og stofnunum ESB, svo árangur Íslands er eftirtektarverður.

Til viðbótar má nefna að verkefnið Librodigital frá Hljóðbókasafni Íslands hefur þegar verið valið meðal 47 verkefna sem fengu sérstaka viðurkenningu sem framúrskarandi verkefni í keppninni. Þessi þrjú verkefni höfðu áður fengið verðlaun og viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu á Íslandi 2011 og 2012, en að því framtaki standa fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís.



**Ásta Möller**
forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við HÍ



**Pétur Berg Matthíasson**
sérfræðingur hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu



**Anna Guðrún Björnsdóttir**
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**Barnahús varð útflutningsvara**

Nýsköpun í opinberri þjónustu á Íslandi er hvorki ný af nálinni né stundarfyrirbrigði. Hægt er að nefna mörg dæmi, en hér er kosið að nefna stofnun Barnahúss 1998, þar sem börn sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi eiga skjól.

Stofnun Barnahúss fól í sér nýja hugsun og nýja nálgun á hvernig eigi að leysa krefjandi verkefni með betri hætti og með virðingu fyrir þeim sem minna mega sín. Þessi nýsköpun hefur orðið útflutningsvara, en barnahús hafa verið opnuð á öllum Norðurlöndum og í nokkrum öðrum löndum Evrópu að íslenskri fyrirmynd. Hugmyndafræði Barnahúss hefur jafnframt haft áhrif á alþjóðasáttmála um verndun barna.

**Nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu**

Þrátt fyrir eða jafnvel í einhverjum tilvikum vegna efnahagsþrenginga síðustu ára er mikill kraftur hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga að leita nýrra lausna. Starfsmenn opinberra stofnana eru vel menntaðir og metnaðarfullir, með víðtæka þekkingu og yfirsýn. Rannsóknir sýna að þeir stunda nýsköpun í töluverðum mæli og standa jafnvel kollegum sínum annars staðar á Norðurlöndunum framar. Fjölmargar lausnir sem þróaðar hafa verið hjá opinberum stofnunum hér á landi eru framúrskarandi og til eftirbreytni. Nú er verið að auglýsa eftir tilnefningum til verðlauna fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu sem veitt verða í þriðja sinn á ráðstefnu sem haldin verður 24. janúar 2014.

**➜ Á síðustu tveimur árum hafa um 100 verkefni verið tilnefnd til nýsköpunarverðlauna.**

Á síðustu tveimur árum hafa um 100 verkefni verið tilnefnd til nýsköpunarverðlauna. Lýsingu á þeim má finna á vefnum www.nyskopunarvefur.is. Frestur til að skila tilnefningum er til 8. nóvember nk. Ríkisstofnanir og sveitarfélög eru hvött til að senda inn tilnefningar. Það þarf að vekja athygli á nýsköpun hjá hinu opinbera á Íslandi. Það er hvatning og lærdómur fyrir aðra opinbera aðila og íbúar landsins þurfa að fá að vita um það sem vel er gert í opinberri þjónustu og stjórnsýslu.

# Vörugjöld eru ekki eðlileg gjaldtaka

VIÐSKIPTI

Félag atvinnurekenda hefur undanfarið kynnt fyrir stjórnvöldum Falda aflið sem eru tólf tillögur til aðgerða og umbóta fyrir íslenskt atvinnulíf. Við viljum að stjórnvöld hrindi þeim í framkvæmd fyrir þinglok 2014 og leggi þannig lið minni og meðalstórum fyrirtækjum sem eru 90% fyrirtækja landsins.



**Guðný Rósa Þorvarðardóttir**
framkvæmdastjóri Parlogis og situr í stjórn FA

Tvær tillögur FA fjalla um aðflutningsgjöld ríkissjóðs og við ég vekja athygli á þeim í tveimur pistlum, annars vegar þeim sem hér fer á eftir og fjallar um fimmtu tillögu FA um afnám vörugjalda. Í öðrum pistli verður fjallað um elleftu tillögu FA um lögfestingu fleiri gjalddaga virðisaukaskatts í tolli.

**Mismunun vara í samkeppni**

Ríkissjóður hefur lengi notað vörugjöld á innfluttar vörur sem tekjuöflunarleið. Í tíð fyrri ríkisstjórnar var samþykkt að fjölga vöruflokkum með þessum tollum, enda allra leiða leitað til að auka tekjur ríkissjóðs. Fljótt á litið virðist hugmyndafræðin hafa snúist um að setja toll á lúxusvörur sem fólk gæti verið án. Vörugjöld voru því ekki sett á þær vörur sem embættismenn töldu vera nauðsynlegar neysluvörur, heldur sérvaldar vörur sem hugsanlega væru óhollar eða gætu flokkast sem óþarfar. Dæmi um þetta eru sykurvörur í flokki matvara sem bera vörugjöld og sambærilegar vörur sem innihalda ávaxtasykur án vörugjalda.

Í vörugjaldafrumskóginum bera tölvur og fylgihlutir engin vörugjöld. Hins vegar er lagt 25-30% vörugjald á hljómflutningstæki, útvörp og sjónvörp. Erfitt er að sjá af hverju þessi munur stafar enda tölvur notaðar til að horfa á sjónvarp auk þess sem hægt er að nota sjónvarp til að vafra á netinu. Þetta eru skýr dæmi þess að vörugjöld skekki samkeppnisstöðu sambærilegra vara.

**➜ Í vörugjaldafrumskóginum bera tölvur og fylgihlutir engin vörugjöld.**

**Mismunun þegnanna**

Sjálfstæðisflokkurinn hefur í gegnum tíðina barist gegn innflutningshömlum en vörugjöldin eru klárlega hluti þeirra. Í september 2012 var viðtal við einn þingmann Sjálfstæðisflokksins, Guðlaug Þór Þórðarson, í útvarpsþættinum Reykjavík síðdegis. Þar sagði hann innflutningstolla á vörur fela í sér hrópandi mismunun þeirra sem eru efnaðir og þeirra sem hafa lítið milli handanna. Í því samhengi nefndi hann að flugfarþegar sem ferðast til annarra landa geta keypt ódýran varning þar upp að ákveðinni fjárhæð og flutt hann til landsins án þess að borga af honum tolla. Þeir sem heima sitja þurfa hins vegar að greiða tolla og vörugjöld af öllu sem þeir flytja til landsins. „Þetta er náttúrlega ótrúleg mismunun og skrítið hvað þetta er lítið í umræðunni," sagði Guðlaugur og taldi löngu tímabært að lækka gjöld og bæta lífskjör fólks. Aðspurður taldi hann ekki rétt að ríkið missi af tekjum ef það lækki tolla. Það eina sem tollarnir geri sé að færa verslun burt úr landinu. Þarna hefur þingmaðurinn rétt fyrir sér. Nú þegar flokkur þingmannsins er kominn í stjórn ætti að vera lag að gera breytingar á tollakerfinu sem myndi jafna samkeppnisstöðu innflytjenda og fela um leið í sér kjarabætur fyrir landsmenn alla. Mikill kostnaður er fólginn í því að viðhalda núverandi eftirlitskerfi og spurning hvort ríkissjóður tapi miklu við að afnema þessi gjöld þar sem eftirspurn innanlands myndi án efa aukast mikið við samkeppnishæfara verð.

Það má lesa meira um Falda aflið á atvinnurekendur.is

# Í hverju felst sveigjanleiki krónunnar?

Í umræðu um framtíðarskipan peningamála á Íslandi ber iðulega á góma mikilvægi sveigjanleika íslensku krónunnar. Er þar átt við þann sveigjanleika sem felst í því að geta aðlagað vexti og gengi krónunnar að efnahagslegum raunveruleika með því markmiði að jafna út hagsveiflur og viðhalda ytra jafnvægi hagkerfisins.

Fáir virðast draga í efa mikilvægi þessa eiginleika. Þeir sem eru fylgjandi krónunni tala um að sveigjanleiki krónunnar hafi bjargað Íslandi eftir hrun, en þeir sem kalla eftir notkun alþjóðamyntar segja sveigjanleikann of dýru verði keyptan. En hversu mikilvægur er sveigjanleikinn?

Eistland og Lettland eru smáríki í Evrópu sem líkt og Ísland lentu í miklum hremmingum í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar árið 2008. Ólíkt Íslandi þá höfðu þessar þjóðir á árunum 2004-2005 gengið í EMR II myntsamstarfið þar sem gjaldmiðlar landanna voru festir við evru. Þessar þjóðir gátu því ekki nýtt sér sveigjanlegt gengi til að auka útflutning og örva eftirspurn eftir innlendri framleiðslu. Gengið var blýfast.

Þrátt fyrir fast gengi hefur útflutningur þessara tveggja Eystrasaltsríkja aukist talsvert umfram útflutning Íslands frá árinu 2007. Gengi íslensku krónunnar lækkaði um 49% miðað við Evru, milli áranna 2007 og 2009, en þrátt fyrir það voru íslensk útflutningsverðmæti ársins 2010 einungis 3% meiri heldur en árið 2007. Eftir það hefur útflutningur aukist nokkuð (m.a. vegna veiða á makríl), en þó verulegum mun minna en í áðurnefndum Eystrasaltsríkjum.

Þá má spyrja sig hvort sveigjanleiki krónunnar hafi leitt til þess að neytendur hafi skipt innfluttum vörum út fyrir innlenda framleiðslu. Þrátt fyrir að innflutningur hafi dregist verulega saman hefur sá samdráttur í tiltölulega litlum mæli leitt til staðkvæmdaráhrifa fyrir innlenda framleiðslu. Vandfundnir eru t.d. þeir Íslendingar sem skiptu úr íslenskum í erlendar landbúnaðarvörur þegar gengi krónunnar hækkaði á árunum 2004-2007 og jafnframt fáir sem keyptu íslenska bíla í stað japanskra eða notuðu íslenskt timbur við húsbyggingar á árunum þegar gengi krónunnar var lágt.




FJÁRMÁL



**Leifur Þorbergsson**
sérfræðingur hjá Viðskiptaráði Íslands

**➜ Þeir biðja um stöðugleika, ekki sveigjanleika.**

**Neikvæð áhrif augljós**

Staðreyndin er því sú að sveigjanleiki krónunnar hefur sögulega fyrst og fremst lýst sér í því að ytra jafnvægi hagkerfisins er aðlagað í gegnum lækkun á alþjóðlegum kaupmætti íslenskra neytenda. Þetta er vissulega ákveðin tegund sveigjanleika, en líklega ekki sú framleiðsludrifna aðlögun sem flestir sækjast eftir með sveigjanlegu gengi. Reynsla Eistlendinga og Letta sýnir að ýmsir aðrir þættir spila inn í þá jöfnu en fyrirkomulag gjaldeyrismála.

Af þessu má ætla að sveigjanleiki gjaldmiðils gegni ekki jafn mikilvægu hlutverki í litlu hagkerfi sem byggir útflutning sinn í megindráttum á nýtingu náttúruauðlinda. Á sama tíma eru neikvæðu áhrifin augljós. Í Íslandsskýrslu McKinsey um hagvaxtarmöguleika Íslands segir að alþjóðageirinn muni þjóna lykilhlutverki í útflutningsvexti næstu ára. Til þess geira flokkast þau fyrirtæki sem eru í samkeppni á erlendum mörkuðum og eru að mestu óháð staðbundnum auðlindum landsins. Fyrirtæki eins og Össur, Marel og CCP. Sé gengið á milli þessara fyrirtækja og stjórnendur þeirra spurðir hvernig fyrirkomulag peningamála myndi helst þjóna þeirra hagsmunum væri svarið nær undantekningarlaust hið sama. Þeir biðja um stöðugleika, ekki sveigjanleika.

Stjórnvöld munu því eiga erfitt með að komast hjá því að svara þeim áleitnu spurningum sem fyrir liggja um framtíðarskipan peningamála. Ef ávinningur af sveigjanleika krónunnar er takmarkaður hlýtur endanlegt markmið að felast í breyttu fyrirkomulagi gjaldmiðilsmála. Stóra spurningin er þá hver sú leið eigi að vera?

# Lýðræði í ESB

EVRÓPUMÁL

Utanríkisráðherrann okkar upplýsti okkur sauðsvartan almúgann um það á Bloomberg að í Evrópusambandinu ætti sér stað aukin miðstýring og völdin innan þess væru að færast frá aðildarlöndunum til embættismanna.



**G. Pétur Matthíasson**
áhugamaður um Evrópusambandið

**➜ Völd og mikilvægi aðildarlandanna hafa alls ekki minnkað og lýðræðið hefur aukist til muna.**

Hann sagði þetta reyndar sína skoðun. En ósannindi verða ekki rétt þótt þau séu kölluð skoðun. Áhrifamenn 28 ESB-ríkja vita betur. Þeir vita að síðustu ár, í síðustu sáttmálum ESB, hafa völd og áhrif hins lýðræðislega kjörna Evrópuþings aukist. Skipulag leiðtogaráðsins og þar með völd þess hafa verið niðurnegld, í Lissabon-sáttmálanum, og þar sitja til borðs leiðtogar aðildarlandanna. Sama á við um ráðherraráðið, þar ráða aðildarlöndin. Völd og mikilvægi aðildarlandanna hafa alls ekki minnkað og lýðræðið hefur aukist til muna.

Á næsta ári verður 751 lýðræðislega kjörinn fulltrúi á Evrópuþinginu auk þess sem almenningi gefst kostur á að koma málum á dagskrá með undirskriftasöfnunum.

Í framkvæmdastjórninni situr einn stjóri frá hverju aðildarlandanna, þannig að þrátt fyrir að framkvæmdastjórnin sé í eðli sínu samkunda embættismanna er þar að finna beina aðkomu aðildarlandanna. Evrópuþingið er kosið af almenningi og fulltrúarnir í leiðtogaráðinu og ráðherraráðinu eru kjörnir fulltrúar hver frá sínu landi. Þannig að óbeint eru þeir lýðræðislega kosnir til þessara verka.

**Enginn lýðræðishalli**

Sambandið hefur aukið lýðræðið hjá sér á undanförnum árum, ekki dregið úr því. Það má færa fyrir því rök að það sé enginn lýðræðishalli í Evrópusambandinu og vissulega er ekkert fyrirbæri, engin alþjóðleg stofnun til, þar sem meira lýðræði er að finna en í ESB.

Vilji menn ganga lýðræðisbrautina á enda þarf að breyta ESB í sambandsríki en fyrir því er einfaldlega ákaflega hverfandi áhugi, það er engan raunverulegan áhuga á því að finna innan Evrópu.

Eigi að síður er nauðsynlegt fyrir ESB að auka lýðræðið enn meira. Til þess þarf að finna nýjar leiðir og nýjar útfærslur. ESB hefur sýnt að það kann að leita nýrra leiða til lausna enda stundum talað um að innan þess sé að finna samningalýðræði frekar en meirihlutalýðræði.

Það er ómögulegt að sjá miðstýringu út úr leiðtoga- og ráðherraráði, framkvæmdastjórn og Evrópuþingi. Öðru nær, togstreitan og samvinnan milli þessara stofnana ESB sýnir einmitt valddreifinguna.

Það gengur svo ekki að byggja skoðun sína á mýtu, hvað þá eldgamalli mýtu. Hver svo sem skoðun utanríkisráðherra á ESB er þá verður hann að afla sér haldbetri upplýsinga um sambandið en fyrrnefnd ummæli benda til að hann hafi gert.

Og já, engar fréttir hafa borist um aukið lýðræði í Kína.

# Þú gætir eignast nýjan Spark ef þú drífur bílinn í skoðun!




BETRI STOFAN

Þeir sem koma með bílinn í skoðun fyrir lok dags þ. 22. des. eiga möguleika að eignast stórglæsilegan Chevrolet  Spark sem verður dreginn út þ. 23. des. 2013.

Aðalvinningur er splunkunýr Chevrolet Spark árg. 2014




32 SKOÐUNARSTÖÐVAR UM LAND ALLT

## KÆRI BÍLEIGANDI

Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun. Hafðu þitt á hreinu og komdu með bílinn í skoðun til okkar á réttum tíma.

Frumherji



**ÞJÓNUSTUVER**
TÍMAPANTANIR OG UPPLÝSINGAR
**570 9090**

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is




*- örugg bifreiðaskoðun um allt land*

## MERKISATBURÐIR

**1550** Jón Arason, biskup á Hólum, og synir hans eru teknir af lífi.

**1917** Októberbyltingin í Rússlandi (samkvæmt gregoríska tímatalinu).

**1987** Ólafur Ragnar Grímsson verður formaður Alþýðubandalagsins og tekur við af Svavari Gestssyni.

**2007** Ungur námsmaður gerir skotárás í skóla í Jokela í Finnlandi. Hann skýtur átta manns til bana, særir tólf og fremur síðan sjálfsmorð.



✝

Ástkær systir okkar,

**VALBORG ÞORGRÍMSDÓTTIR**
**frá Selnesi,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi þriðjudaginn 5. nóvember.

**Systkini hinnar látnu.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA MAGNÚSDÓTTIR**
**Hvanneyrarbraut 44, Siglufirði,**

verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 9. nóvember kl. 14.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar fyrir hlýtt viðmót og góða umönnun.

**Magnús B. Jónasson** **Margrét Maronsdóttir**
**Ævar B. Jónasson** **Guðlaug Friðriksdóttir**
**Sigrún J. Jónasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**KRISTINS NILS ÞÓRHALLSSONAR**
**Löngumýri 20, Garðabæ.**

**Jórunn Jóna Óskarsdóttir**
**Örn Kristinsson** **Geirlaug Ingibergsdóttir**
**Elín Ýr Arnardóttir** **Hlynur Arnarson**
**Snorri Freyr**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÁRMANN JÓNSSON**
**Kópavogsbraut 1A,**

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi, fimmtudaginn 31. október, verður jarðsettur föstudaginn 8. nóvember 2013 kl. 11.00 frá Fossvogskapellu.

**Haukur Ármannsson** **Þórey Aðalsteinsdóttir**
**Valgarð Ármannsson**
**Guðbjörn Ármannsson** **Stefanía Ástvaldsdóttir**
**Barnabörn.**


**Nóvembertilboð**

**30% afsláttur af íslensku blágrýti**
**eingöngu af legsteinum á lager**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land á
öllum keyptum legsteinum



**Mikið úrval**
**Gerið verðsamanburð**

10% staðgreiðsluafsláttur

Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - sími 587 1960 - www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

**ÞETTA GERÐIST:** 7. NÓVEMBER 1956

## Gert að kalla hersveitir heim



Sameinuðu þjóðirnar samþykktu 7. nóvember 1956 að krefjast þess að Bretar, Frakkar og Ísraelsmenn kölluðu hersveitir sínar í Egyptalandi heim án tafar. Bandaríkin studdu SÞ í þessari kröfu og heimflutningar hersveitanna við Súezskurðinn hófust viku síðar.

Forsaga málsins var sú að í júlí 1956 hafði Nasser Egyptalandsforseti tilkynnt í ræðu að dagar vestrænna ítaka í arabalöndum væru taldir og Súezskurðurinn væri hér með þjóðnýttur. Þetta var þvert á þá samninga sem höfðu verið gerðir um skurðinn á árinu 1954 og Bretar, Frakkar og Ísraelsmenn brugðust hart við.

Ísraelskar hersveitir komu til Egyptalands 29. október og hersveitir Breta og Frakka fylgdu á eftir. Harðir bardagar fylgdu í kjölfarið og sáu Sameinuðu þjóðirnar sér ekki annað fært en að skerast í leikinn til að koma í veg fyrir frekara blóðbað. Um miðnætti 22. desember 1956 fóru síðustu hersveitir árásaraðilanna frá Egyptalandi.



**ÓÐINSGATA** Þetta er í fjórða sinn sem Árni Heiðar heldur tónleika á Óðinsgötu 7, enda rúmar heimilið ágætis fjölda gesta sem geta gætt sér á hamborgurum og bjór að tónleikum loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Horfir meira inn á við á nýrri sólóplötu sinni

**Djasspíanóleikarinn Árni Heiðar Karlsson sendir í dag frá sér sína þriðju plötu, Mold. Af því tilefni heldur hann útgáfutónleika á heimili vinafólks síns á Óðinsgötunni.**

„Á þessari nýju plötu er ég að vinna úr því sem hefur mótað mig frá barnæsku, öllum þeim áhrifum, til dæmis klassískum og djassískum, sem ég hef orðið fyrir innanlands og utan," segir djasspíanóleikarinn Árni Heiðar Karlsson sem sendir frá sér plötuna Mold í dag. Af því tilefni heldur Árni Heiðar útgáfutónleika ásamt tríói sínu á Óðinsgötu 7 klukkan 20.30 í kvöld.

Árni Heiðar segir titil nýju plötunnar, sem er hans þriðja í röðinni, vísa í persónulega reynslu sína. „Orðið Mold vísar í raun til þeirrar uppeldislegu og tónlistarlegu moldar sem ég sprett úr og svo er þetta enska orðið „mold" sem er í raun mótunin. Hvort tveggja sameinast í titlinum og hefur skírskotun til þess sem ég er að vinna úr," útskýrir Árni Heiðar, en áður hefur hann sent frá sér sólóplöturnar Q árið 2001 og Mæri, sem kom út fyrir fjórum árum. „Q var líklega nokkuð dæmigerð fyrsta plata, bland í poka af lögum sem ég samdi í námi og hér og þar, og Mæri eins konar framhald af henni. Það er alltaf erfitt að lýsa verkum sem maður er á kafi í sjálfur en ég myndi telja að þessi nýja plata sé lágstemmdari en hinar tvær og ég horfi meira inn á við."

Píanóleikarinn tekur einnig fram að félagar hans í tríóinu, þeir Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur, setji líka sinn svip á plötuna enda hafi þeir spilað saman í á þriðja ár. „Þótt ég semji lögin, sjái um útsetningar og hafi endanleg áhrif á lokaniðurstöðuna gerist þetta allt í mikilli samvinnu hjá okkur. Þetta er eins og að vera á leiksviði þar sem hluti verksins er spuninn, þá er best að þekkja samstarfsfólk sitt vel og geta leikið sér að hlutum. Þannig koma hæfileikar allra best í ljós."

Útgáfutónleikana heldur Árni Heiðar á heimili vinafólks síns á Óðinsgötunni. „Þau hafa lánað mér heimilið sitt fjórum sinnum fyrir tónleika, fyrst á Smáragötunni en sú íbúð var aðeins of lítil svo þau ákváðu að flytja í betra tónleikahúsnæði," segir píanistinn og hlær. „Þarna er forláta Steinway-flygill í stofunni, frábært útsýni frá suðri til austurs og fallegar svalir sem hýsa kolagrill, þannig að við bjóðum upp á hamborgara og bjór að tónleikunum loknum. Þetta verður grand," segir Árni Heiðar að lokum.

kjartan@frettabladid.is

✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**INGIMUNDUR ÓSKARSSON**
**Fróðengi 3, Reykjavík,**



lést á heimili sínu 2. nóvember sl. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju, Kirkjustétt 8, Grafarholti, þriðjudaginn 12. nóvember kl. 13.

**Margrét Ingimundardóttir**
**Óskar Sigþór Ingimundarson**
**Jón Þór Ingimundarson**
**Ingi Pétur Ingimundarson**
**Unnar Smári Ingimundarson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir minn,
tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**HELGI BJÖRNSSON**
**áður til heimilis í Ásgarði 5, Garðabæ,**

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 30. október. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 8. nóvember kl. 13.00.

**Alda K. Helgadóttir** **Sigurður Ottósson**
**barnabörn, barnabarnabörn og bróðir.**



**FJÓRÐA BARNIÐ Á LEIÐINNI**
Rússneska fyrirsætan Natalia Vodianova (31) á von á sínu fjórða barni. Þetta er fyrsta barn hennar með kærastanum Antoine Arnault en fyrir á hún tvo syni og eina dóttur.


TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955




HLÝ OG GÓÐ Birta hrífst mest af einlitum fötum. Peysan af föðurömmu hennar er ein af fáum undantekningum. MYND/GVA

# VEKUR UPP GÓÐAR MINNINGAR

**BESTA VETRARFLÍKIN** *Veðurfræðingurinn Birta Líf Kristinsdóttir er með einfaldan smekk og er ekki mjög upptekin af tískunni. Hnausþykk vetrarpeysa af föðurömmu hennar er í uppáhaldi en auk þess er hún veik fyrir kjólum.*

Veðurfræðingurinn og flugmaðurinn Birta Líf Kristinsdóttir birtist landsmönnum í fyrsta sinn á sjónvarpsskjánum í vikunni þegar hún flutti veðurfréttir í Ríkissjónvarpinu. Hún vakti strax mikla athygli og virðist starfið liggja vel fyrir henni. „Já þetta hefur bara gengið ágætlega hingað til,“ segir Birta og neitar því ekki að hafa orðið vör við aukna athygli. „Það hefur verið aðeins meira að gera í símanum,“ segir hún og hlær.

Birta féllst á að láta smella af sér mynd í uppáhaldsflíkinni og var ekki lengi að velja hana. „Það er hnausþykk rúllukragapeysa sem ég erfði eftir föðurömmu mína, Bjarndísi Friðriksdóttur. Hún var gjarnan í henni í sumarbústað sínum í Grímsnesi á þessum tíma árs og ég man vel eftir henni í henni. Afi minn, Karl Kristinsson, gaf mér hana þegar hún féll frá og mér finnst voðalega gott að vera í henni á köldum vetrardögum og ylja mér um leið við góðar minningar.“

Aðspurð segist Birta ekki velta sér mikið upp úr fötum og tísku. „Ég er agalega léleg í því að tileinka mér ríkjandi tískustrauma og er lengi að taka eitthvað sem er öðruvísi í sátt. Ég er með mjög einfaldan stíl og heillast aðallega af einlitum flíkum. Peysan hennar ömmu er ein af fáum undantekningum.“ Birta segist þó hafa nokkuð gaman af því að kaupa kjóla. „Þegar ég tók að mér nýja starfið fékk ég góða afsökun fyrir því að fara í búðir og bæta í kjólasafnið.“

Birta lauk atvinnuflugmannsprófi árið 2006. Eftir það fór hún í veðurfræði. Hún hefur starfað á Veðurstofu Íslands síðastliðin tvö ár en vann auk þess sem aðstoðarflugmaður hjá Icelandair í sumar. Að sögn Birtu tvinnast störfin vel saman og lítur hún á sjónvarpið sem ánægjulega viðbót.

■ vera@365.is

**ENGIN TÍSKUFRÍK**

„Ég er agalega léleg í því að tileinka mér ríkjandi tíksustrauma og er lengi að taka eitthvað sem er öðruvísi í sátt.“



Eldstöðin
Kraumandi kaffihús við Tryggvagötu
Léttir og hollir réttir • Morgunmatur • Kaffitárs-kaffi • Happy Hour
Úrvals aðstaða fyrir mannfagnaði og kynningar
Opið 9.00 – 22.00 alla daga.
ELDSTÖÐIN
Volcano House | Tryggvagata 11 | Tel. 555 1900
www.volcanohouse.is | info@volcanohouse.is




TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



HAUST tilboðsdagar
20-50% afsl.
af hágæða sængurverasettum í stærðum 140x200 / 140x220 / 200x200 og 200x220 cm
Nokkrar skipti-/sýningar- og útlitsgallaðar dýnur í mismunandi stærðum með verulegum afslætti
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Gerðu gæða- og verðsamanburð
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
25% afsl.
af vönduðum hægindastól með ljósu leðri
Verð nú aðeins kr. 67.425.-
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# HANDVERK Í RÁÐHÚSINU

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur er nú haldin í tíunda sinn. Vegna fjölda umsókna stendur sýningin nú yfir í tíu daga en fjöldi sýnenda hefur nánast tvöfaldast frá því árin á undan. Alls sýna 90 listamenn vörur sínar.*

Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsinu verður opnuð í dag klukkan 16. Þetta er í tíunda sinn sem sýningin er haldin og í ár verður hún haldin í tveimur hlutum og stendur í tíu daga. „Ástæðan er sá fjöldi vandaðra umsókna sem bárust í ár. Venjulega hefur fjöldi sýnenda verið 55 en nú verða sýnendur 90,“ segir Fjóla Guðmundsdóttir hjá Handverki og hönnun. „Þetta er mjög gleðilegt. Nú verður einnig rýmra bæði um sýnendur og gesti þar sem í fyrra hollinu sýna 44 og 45 í því seinna. Við lítum á þetta nýja fyrirkomulag sem áhugaverða tilraun og munum meta árangurinn að sýningu lokinni. Vonandi er þessi gróska komin til að vera.“

Sýningin stendur frá deginum í dag og fram á mánudag, þá verður lokað þriðjudaginn 12. meðan seinni sýnendurnir koma sér fyrir. Sýningin verður svo opnuð aftur miðvikudaginn 13. nóvember og stendur til sunnudagsins 17. nóvember. Sýningin verður opnuð klukkan 16 í dag en aðra sýningardaga er opið frá klukkan 10 til 18.


FRÍÐA


ABERG


HRINGA


ARK ART


HELGA ÓSK

**SKART**

„Fjöldi handverksmanna og hönnuða sýna vörur sínar í Ráðhúsinu. Þar má meðal annars finna fallegt skart í jólapakkann.“


HELGA MOGENSEN




VETRARDAGAR

15% – 20% afsláttur af öllum fatnaði.

Í tilefni að 50 ára afmæli Parísartísku ætlum við að bjóða upp á léttar veitingar út þessa viku.

Parísartízkan býður upp á vandaðan tísku- og skófatnað frá Þýskalandi og Ítalíu í stærðum 36-50.
Áhersla er lögð á gæði og góða persónulega þjónustu






Parísartízkan
vertu vinur okkar á facebook

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770


CANADA GOOSE ARCTIC PROGRAM
CANADA GOOSE®
TRILLIUM
MONTEBELLO
CITADEL
KENSINGTON
VICTORIA
CHILLIWACK
HYBRIDGE LITE
CHATEAU
GRÍPTU GÆSINA
MIKIÐ ÚRVAL AF CANADA GOOSE DÚNÚLPUM
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

# RÍSANDI STJARNA

**TÍSKA** *Hönnuðurinn Stella Jean hefur vakið óskipta athygli tískuheimsins í ár. Hún lítur á tísku sem leið til að brúa bilið milli menningarheima.*

Stella Jean er fædd og uppalin í Róm á Ítalíu en á rætur að rekja til Haítí, þaðan sem móðurfjölskylda hennar er ættuð. Hún nýtir uppruna sinn óspart í hönnun sinni eins og sést á djörfum og þjóðlegum klæðum sem hún sýndi á tískuvikunni í Mílanó í september. „Tísku má nota sem alþjóðlegt tungumál og sem tæki gegn nýlendustefnu. Hún getur komið á jafnvægi milli ólíkra heima,“ sagði hún í viðtali við vefsíðu Vogue. „Að vera hluti af fjölþjóðlegri fjölskyldu á Ítalíu á níunda áratugnum mótaði mig ekki aðeins sem persónu heldur blés í mig andagift,“ sagði þessi 34 ára tveggja barna móðir sem hóf ferilinn sem fyrirsæta.

Jean blandar í hönnun sinni saman stórum og litríkum mynstrum frá kreólskum uppruna móður sinnar og karlmannlegum þverröndum frá Torino á Ítalíu, en þaðan er faðir hennar.

Giorgio Armani veitti þessum unga og efnilega tískuhönnuði mikla upphefð á tískuvikunni í Mílanó í september þegar hann valdi Stellu til að sýna í Teatro, sýningarsal sínum. Þetta var í fyrsta sinn sem Armani leyfði öðrum kvenfatahönnuði að nota tískupalla sína. Jean er afar ánægð með viðtökurnar sem lína hennar hefur fengið og þakkar Armani sérstaklega fyrir að treysta á hana. „Armani er mjög gott dæmi um hönnuð sem mótaði tískusöguna en heldur áfram að styðja við komandi kynslóðir hönnuða,“ sagði Jean. ■ **solveig@365.is**



**HÖNNUÐURINN** Stella Jean vakti óskipta athygli á tískuvikunni í Mílanó í september og þykir rísandi stjarna í tískuheiminum. NORDICPHOTOS/GETTY



**Í MÍLANÓ** Vor- og sumarlína Stellu Jean sem hún sýndi á tískuvikunni í Mílanó í september.

# HÁTÍSKA FYRIR BÖRN

Tískuhönnuðurinn Jean Paul Gaultier hefur kynnt til leiks nýja hátískulínu fyrir börn. Fyrsta línan er fyrir vorið og sumarið 2014 en ætlunin er að nýjungar verði kynntar á hálfs árs fresti.

Fatalínan fyrir vorið er innblásin af lokakjólnum sem Gaultier sýndi á vor- og sumartískusýningu sinni 2013. Þá sáust kjólarnir fyrst þegar lítil börn birtust undan fyrirferðarmiklum pilsfaldi fyrirsætunnar.

Tjullkjólarnir litlu eru úr silki en einnig má fá bólerójakka í stíl sem skreyttur er Swarovski-kristöllum. Aðeins verða 90 slíkir kjólar framleiddir í hverjum lit en sala þeirra hefst í lok þessa árs. Hver kjóll kostar litlar 146 þúsund krónur.



**Í PARÍS** Börn í hátískukjólum frá Gaultier birtast undan fyrirferðarmiklum pilsfaldi fyrirsætu. NORDICPHOTOS/GETTY


*Vandaðir þýskir herraskór úr leðri,*

*skinnfóðraðir. Stórar stærðir*



Stærðir: 40 - 47
*Verð: 16.985.-*



Stærðir: 41 - 48
*Verð: 16.985.-*

Misty skór
Laugavegi 178

*Opið Mánudag-Föstudag*
*Frá klukkan 10:00 - 18:00*
*og laugardaga: 10 - 14*

**Flott föt fyrir flottar konur**

**Stærðir 38-58**



Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



**Algjört undraefni**

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægu sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum,“ segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun voru öll einkennin horfin.



„Nú sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum. Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, þvílíkt undraefni.“

**NÁTTBLINDA**



**BELLAVISTA** náttúruelgt efni fyrir augun, ríkt af lúteini og bláberjum

www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum

PAKKADAGAR 7.NÓVEMBER / 8.NÓVEMBER / 9.NÓVEMBER

SUÐURLANDSBRAUT 32 REYKJAVÍK

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

# PAKKADAGAR

7.NÓVEMBER / 8.NÓVEMBER / 9.NÓVEMBER




Hjólið + Bretti + Standari + Bögglaberi = 35% afsláttur
Verð frá 140.990kr




WLS 26" & 29"
Takmarkað magn verð frá 97.900kr




Hjólið + Bretti + Standari + Bögglaberi = 25% afsláttur
Verð frá 86.990kr




Takmarkað magn verð frá 240.000kr




Hjólið + Hjólaskór + Pedalar = 25% afsláttur
Verð frá 169.990kr




Hjólið + Hjálmur + Standari = 20% afsláttur

## Staðgreiðslulán

12 til 36 mánaða greiðsludreifing

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

CUBE

TILBOÐIN GILDA AÐEINS FYRIR VALDAR VÖRUR Á PAKKADÖGUM

WWW.TRI.IS | INSTAGRAM: TRIVERSLUN | FACEBOOK/TRIVERSLUN

Kuldakast í Flash



30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



Kápur
áður 24.990
nú 17.490

Mussur
áður 14.990
nú 9.990



Kjóll
áður 16.990
nú 11.890

FLASH

Úlpur
áður 24.990
nú 14.990

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Vertu vinur



**Á SÝNINGU** Nicolas Ghesquière og Kristen Stewart þegar vortískan 2013 var kynnt hjá Balenciaga á tískuviku í París.

# NÝR STJÓRNANDI LOUIS VUITTON

Fyrrverandi yfirhönnuður hjá Balenciaga, Nicolas Ghesquière, 42 ára, er nýr listrænn stjórnandi hjá Louis Vuitton. Hann tekur við af hinum þekkta hönnuði Marc Jacobs sem ákvað að einbeita sér að eigin fatamerki.

Ghesquière segir í samtali við New York Times, að hann sé afar hamingjusamur yfir nýja starfinu. „Ég ber mikla virðingu fyrir Marc Jacobs. Hann hefur gert Louis Vuitton að stórveldi í tísku. Ég er stoltur af að taka við af honum,“ sagði hönnuðurinn.

„Louis Vuitton hefur alltaf verið í mínum huga tákn fyrir eðalvöru,“ sagði hann í samtali við Womens Wear Daily. Ghesquière hefur starfað hjá Balenciaga undanfarin 15 ár en hætti þar í fyrra. Í mars á næsta ári ætlar Ghesquière að vera með sína fyrstu sýningu með Louis Vuitton í París svo hann ætlar greinilega að láta hendur standa fram úr ermum.

Ghesquière er franskur, alinn upp í smábænum Loudun í Vestur-Frakklandi. Aðeins tólf ára ákvað pilturinn að verða tískuhönnuður en móðir hans hafði mikinn tískuáhuga. Þá þegar var hann farinn að teikna tískufatnað. Ungur að árum hóf hann störf sem aðstoðarmaður Jean-Paul Gaultier.

20-40%
afsláttur af öllum vörum
aðeins þessa helgi



Siffon mussurnar komnar
Áður kr 12.900
nú aðeins kr 6.990
Stærð medium til XXL



Háu aðhaldsbuxurnar komnar
Verð áður kr 9.900
nú aðeins kr 6.990
Stærð small til XXL

COSMO
Kringlunni



Leggingsbuxur
Stærð: 38 - 48
Verð 6.900 kr.
3 litir:
svart, blátt, brúnt

Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook


MUNDU EFTIR AÐ FINNA
BESTA
VERÐIÐ
ÁÐUR EN ÞÚ KAUPIR DEKK!
Er bíllinn tilbúinn
fyrir veturinn?
Fólksbíladekk
Bjóðum fjölda tegunda af
vetrar og heilsársdekkjum
fyrir fólksbíla á frábæru verði.
Jeppadekk
Bjóðum fjölda tegunda af
vetrar og heilsársdekkjum
fyrir jeppa á frábæru verði.
BÍLKÓ
SMURÞJÓNUSTA
TILBOÐ
olís
Havoline
Castrol
RAFGEYMAR
TILBOÐ
EXIDE
Excell
EXIDE
BREMSUKLOSSAR
TILBOÐ
mintex
BREMSUKLOSSAR
TOYO TIRES
driven to perform
ÖRYGGI
ALLAN
HRINGINN
TOYO TIRES
driven to perform
Harðskeljadekk
á frábæru verði
Toyo harðskeljadekk hafa
sannað sig við íslenskar
aðstæður.
SAILUN TIRES
HERCULES TIRES
TOYO TIRES
Harðskeljadekk
IRONMAN TIRES
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

# DRUKKINN ÍSBJÖRN VEKUR MIKLA ATHYGLI

**BARNAHEILL KYNNIR** *Frumsýning nýrrar jólapeysu er fastur liður fyrir jólin hjá Sigga Hlö. Fjölskylda og vinir eru öllu vön þegar kemur að uppátækjum kappans en í ár keppir hann um jólapeysu ársins.*

Útvarpsmaðurinn og gleðipinninn Siggi Hlö er einn þeirra sem finnast gaman að klæðast sérstökum jólapeysum. Hann hefur um nokkurra ára skeið frumsýnt nýja jólapeysu fyrir jólin og er árið í ár engin undantekning auk þess sem hann tekur þátt í keppni Barnaheilla um jólapeysu ársins. „Fjölskylda, vinir og vinnufélagar líta á jólapeysuna mína sem fastan lið fyrir jólin. Í ár prýðir jólapeysuna mína drukkinn ísbjörn sem slapp blessunarlega við að synda til Íslands til þess eins að verða skotinn. Peysan er fagurblá og vel til þess fallin að styðja við bakið á Barnaheillum.“

Siggi kaupir allar jólapeysurnar sínar í Englandi en að hans sögn hafa vinsældir jólapeysunnar aukist mikið þar í landi undanfarin ár og eru þær seldar víða. „Ég held að kvikmyndin Bridget Jones‘s Diary hafi haft mikið um það að segja en í kvikmyndinni klæðist leikarinn Colin Firth einstaklega ljótri jólapeysu. Þetta byrjaði nú hjá mér eins og hvert annað flipp og ekki skemmir fyrir að finna verulega ljótar jólapeysur. Eiginlega má segja að því ljótari sem þær eru því fallegri séu þær.“

**KEMUR FÁUM Á ÓVART**

Litir og mynstur jólapeysa síðustu ára hafa verið með ýmsu móti. „Ég hef átt hvítar, rauðar og bláar jólapeysur og með ýmsu mynstri, svo sem jólasveinum og hreindýrunum sívinsælu. Ísbjörninn sem prýðir peysu ársins er búinn að drekka yfir sig og er með jólasveinahúfu á hausnum.“

Siggi er þekktur fyrir léttleika og skemmtilegheit og því kom það fáum á óvart þegar hann hóf að klæðast litfögrum jólapeysum. „Það er svo gaman að því að standa í þessu. Þeir sem hafa spilað golf með mér vita að ég er þekktur fyrir að spila í skrítnum golfbuxum. Sama má segja um vinnufélaga og viðskiptavini, maður reynir að birtast í henni sem víðast. Það er líka oft gott að hefja samræður við ókunnugt fólk þegar maður klæðist peysunni. Allir vilja forvitnast um hana og hvert tilefni hennar er. Mér sýnist bara vera almenn ánægja með þessar peysur mínar og þær þykja skemmtilegar.“

Spurður hvað fjölskyldunni þótti um áhugamálið segir Siggi hana vera öllu vana hvað ný uppátæki hans varðar. „Fjölskylda mín er öllu vön þegar kemur að karlinum og uppátækjum hans. Maður er stöðugt að fara fram úr sér í flippinu en þetta er auðvitað bara fyrir menn með mikið sjálfstraust að standa í þessu. Það eru ekki margir sem hafa tekið þennan sið upp eftir mér sem er fínt. Mér finnst gaman að standa einn í þessu enda þarf ég mína athygli.“

**PEYSAN SELD FYRIR RÉTT VERÐ**

Inni á síðu Barnaheilla, www.barnaheill.is, má heita á Sigga Hlö og fleiri einstaklinga og lið sem keppa um jólapeysu ársins. Sá sem safnar hæstu fjárhæðinni vinnur en einnig verða veitt ýmis verðlaun í nokkrum flokkum, til dæmis nördapeysan, frumlegasta peysan og ljótasta peysan. „Ég tek þátt til að styrkja gott málefni. Svo má vel vera að ég sé tilbúinn til að selja einhverjum jólapeysuna til styrktar Barnaheillum en það þarf þá að vera alvöru upphæð.“



Siggi Hlö hefur átt skrautlegar jólapeysur undanfarin ár.



**JÓLAPEYSAN** Drukkinn ísbjörn prýðir jólapeysu ársins hjá Sigga Hlö. MYND/DANÍEL

# FARANDPEYSAN BOÐIN UPP

**BARNAHEILL KYNNIR** *Margir þekktir einstaklingar koma að gerð farandpeysunnar hjá Barnaheillum. Borgarstjórinn Jón Gnarr byrjaði á henni og nú er komið að Unni Steinsson. Hún ætlar að prjóna jólapeysu fyrir eiginmanninn fyrir þessi jól og eina jólapeysu á ári hér eftir. Sjálf farandpeysan verður boðin upp 13. desember við lok jólapeysuátaksins.*

Ragnheiður Eiríksdóttir prjónameistari hannaði jólapeysuna 2013 sem Jón Gnarr, borgarstjóri Reykvíkinga, klæddist í auglýsingum Jólapeysuátaksins. Í myndatökunni fyrir auglýsinguna fitjaði borgarstjóri upp á nýrri peysu og byrjaði sjálfur að prjóna. Þetta var upphaf farandpeysunnar.

Jólafarandpeysan verður prjónuð af fjölda einstaklinga og boðin upp við lok jólapeysuátaks Barnaheilla þann 13. desember. Með peysunni mun fylgja einhvers konar dagbók þar sem fram koma nöfn þeirra sem hafa prjónað peysuna en myndir af þeim verða einnig birtar á Facebook.com/jolapeysan og á Instagram. Útvarpsmennirnir Guðfinnur Sigurvinsson og Margrét Blöndal úr Síðdegisútvarpi Rásar 2 prjónuðu sig svo áfram í beinni útsendingu og nú er komið að Unni Steinsson, vörustjóra hjá Lyfju.

**STEFNIR Á AÐ PRJÓNA EINA JÓLAPEYSU Á ÁRI**

Unnur lætur ekki sitt eftir liggja þegar kemur að prjónaskap enda hefur hún verið mikil prjónakona um áraraðir. Hún greip í prjónana þar sem hún var stödd við myndatöku fyrir Lyfju og prjónaði nokkrar umferðir af farandpeysunni. Unnur hefur prjónað fimm peysur á þessu ári en þetta er í fyrsta sinn sem hún prjónar jólapeysu. Hún stefnir hins vegar á að prjóna heila jólapeysu fyrir eiginmanninn fyrir þessi jól. „Þetta er bara algjör snilld,“ segir hún en viðurkennir að jólapeysur séu nýjar fyrir sér. „Mér finnst hins vegar algjört „möst“ að fólk sé í jólapeysum þessi jól og styðji gott málefni. Ég ætla að gera það og héðan í frá stefni ég á að prjóna eina jólapeysu á ári.“

Á áheitasíðunni jolapeysan.is getur fólk skráð sig og látið heita á sína eigin jólapeysu. Þar er einnig að finna ýmsar hugmyndir að því hvernig hægt er að hanna eigin jólapeysur. „Ég held að það séu tækifæri í þessu fyrir fólk með gott ímyndunarafl og það verður fróðlegt að sjá útkomuna,“ segir Unnur að lokum.

Keppt verður á Facebook í nokkrum flokkum, svo sem um bestu nördapeysuna, mestu glamúrpeysuna, frumlegustu peysuna, ljótustu peysuna og svo fallegustu jólapeysuna 2013.

Keppt verður um bestu peysuna í nokkrum flokkum; um nördapeysuna, mestu glamúrpeysuna, frumlegustu peysuna, ljótustu peysuna og svo fallegustu jólapeysuna 2013. Keppnin fer fram á facebook.com/jolapeysan og á Instagram merkt #jolapeysan.

Uppskriftina að Jólapeysunni 2013 má finna í öllum helstu verslunum sem selja lopa og í verslunum Hagkaups sem selja garn.



**FARANDPEYSAN** Margir þekktir einstaklingar koma að gerð farandpeysunnar og er Unnur Steinsson ein þeirra. MYND/VILHELM

# Glæsilegar garndeildir í Hagkaup



## Mikið úrval af garni, prjónum, fylgihlutum, prjónablöðum og prjónabókum

GJESTAL®

LOPI

TINNA 30 ára







**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

## BÍLAR & FARARTÆKI

**STÓRA BÍLASALAN**



Citroen Berlingo Multispace Árgerð 2005, ekinn 173þ.km, bsk. 5 manna bíll í flottu standi. Er á staðnum. Verð 690.000kr. Raðnr 100467. Sjá nánar á www.stora.is



Citroen Berlingo Árgerð 2003, ekinn 160þ.km, bsk. Góður sendibíll í fínu standi. Er á staðnum Verð 490.000kr. Raðnr 100465. Sjá nánar á www. stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**ASKJA NOTAÐIR BÍLAR**



TOYOTA Auris terra. Árgerð 2012, ekinn 45 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.210210.



HONDA Civic 5dr. Árgerð 2012, ekinn 36 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.090.000. Rnr.210224.



KIA Ceed h/b ex 1.6 new bensín sjálfsk.. Árgerð 2012, ekinn 11 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Rnr.210129. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



KIA Sorento ex luxury 197 hö. Árgerð 2011, ekinn 39 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.990536. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

Stofnað 1974
**Bílamarkaðurinn**



NISSAN Primera acenta. Árgerð 2003, ekinn 148 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 580.000. Rnr.105524. 100% VISALÁN. BÍLAMARKAÐURINN 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**GE BÍLAR**



CHEVROLET/DAEWOO Evanda cdx executive. Árgerð 2003, ekinn 100 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 690.000. ath skipti á ódýrari Rnr.760220. uppl. síma 776-7600.

**GE Bílar**
**Bolafæti 1, 260 Reykjanesbær**
**Sími: 420 0400**
**www.gebilar.is**

**HEKLA REYKJANESBÆ**



VW Touran. Árgerð 2004, ekinn 142 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.000.000. Rnr.110916.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

**100 bílar.is bílasala**



FORD Escape XLS 4x4. Árg. 6/2008, ek. 122 Þ.KM, bensín, sjálfsk, Loftkæling, Hraðastillir, heilsársdekk omfl Fínn bíll, Ásett verð 1.950.000. Rnr.150833. Er á staðnum.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

**Bílalíf**



**TILBOÐ 3.490.000.-**

LAND ROVER RANGE ROVER VOGUE.Árg.2005,ekinn aðeins 128.þ km,bensín,sjálfskiptur,einn með öllu,er á staðnum. Rnr.103895. S:562-1717.



**TILBOÐ 3.490.000.-**

M.BENZ E 280 CDI DÍSEL. Árg.2005, ekinn aðeins 98.þ km, sjálfskiptur, er á staðnum. Rnr.103904. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Það er bannað að misþyrma börnum eftir hvar hótti


**bifreidar.is 577 4777**



FORD Explorer xlt 4wd sport. Árgerð 2003, ekinn 127 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 490.000. Rnr.121579.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

## Bílar til sölu



Subaru impreza. árg. ,99. ekinn 136 þ.km. 5 gíra. Tilboð 310 þ. í s.6162597.



**ÚTSALA 75PÚS !**

Hyundai Atos árg.'99 ek. 145þús beinsk. þarfnast smá lagfæringar. Verð 75þús S. 891 9847.

# Rafbílar Bestu Kaupin

## Lægra verð—100% fjármögnun og Íslensk Ábyrgð í boði

Tugir rafbíla streyma nú til landsins fyrir viðskiptavini islandus.is enda bjóðum við lægra verð en áður hefur þekkst auk þess sem 100% fjármögnun og Íslensk ábyrgð er í boði.

Islandus.is útvegar allar gerðir rafbíla frá bandaríkjunum og Evrópu með niðurgreiðslum þarlendra stjórnvalda og í augnarblikinu fæst 100% niðurfelling á aðflutningsgjöldum og VSK.

Rafbílavæðingin er komin á fullt. Nissan og Renault hafa selt meira en 100.000 rafbíla og Nissan Leaf var valinn japanski bíll ársins 2011 og 2012. Rafbílar eru nú mest seldu bílar á islandus.is.

Islandus.is býður rafbíla frá öllum framleiðendum t.d. Ford, Nissan, Tesla, Mitsubishi og Citroen. Við höfum í áratug útvegað flestar gerði bíla á mun lægra verði en aðrir innflytjendur á Íslandi.

### Berlingo Rafbíll



### TESLA Módel S



### Chevrolet VOLT






**Nissan Leaf frá Kr. 2.995.000!**

# islandus.is

www.islandus.is — facebook.com/islandusbilar — Sími: 552 2000




Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000.



Ford focus árg. 2003. Ekinn 144.000. Skoðaður14. Beinskiptur. Rafm í rúðum. Cd/útvarp ofl. Sparneytinn bíll. Verð 650þ. Sigurður: 8990503.



Skoda Octavia Combi ,07 sjálfsk. dísel ek.93000. Verð: 2.290.000,- Uppl. í síma 821-2692

VW Polo 2004 árgerð, Ekinn 94þ km ,1,2 litra vél 3 dyra hvítur.Verð: 500þús. kr.s. 8442508.

## 0-250 þús.



**SJÁLFSKIPTUR SPARIBAUKUR - 250 ÞÚS**

RENAULT TWINGO 1,2 árg.' 2000 ek.155 þús., ssk, eyðir mjög litlu og er ný kominn úr skoðun án athugasemda verð 250 þús. möguleiki á 100% vis/euro s.841 8955.






## 500-999 þús.



**TYPE-R 200 HÖ**

Honda Civic Type-R 200 hö árg.'02 ek.151 þús., 6 gíra, svartur lýtur vel út og virkar mjög vel, verð 1150 þús. miða við skipti eða 890 þús.stgr. og möguleiki á 100% lan vis/euro s.841 8955.



**SJÁLFSKIPTUR STATION Á GÓÐU TILBOÐ**

FORD MONDEO 2.0 WAGON 2003 ek.148 þús., ssk, heilsársdekk, sk.14 mjög rúmgóður og þægilegur bíll sem lytur vel út, ásett verð 950 TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á allt að 100% visa/euro láni s.841 8955.



**GÓÐUR JEPPLINGUR - TILBOÐ 650 ÞÚS**

Hyundai Santa Fe 4x4 árg. ,01 ek. 169 þús. sjálfskiptur, sk. ,14, ný vetrardekk, gott eintak sem lýtur mjög vel út ásett verð 850 þús, TILBOÐSVERÐ 650 ÞÚS. möguleiki á 100% lán vis/euro s.841 8955.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

óska eftir ódýrum bíl, má þarfnast viðgerðar. Allt kemur til greina, ekki eldri en árg. ,99. s.893 5517

## Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar

**TIL SÖLU 4 NAGLADEKK - EINS OG NÝ !**

215/65/r16 Keyrð í 4 mán, út á landi, sér ekki á þeim. Verð 60þús Uppl. í s. 693 3358 eða hlxnur@hotmail.com

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407




**Dáleiðsla**
Betri svefn - hætta að reykja - léttast / þyngjast og láta sér líða betur á margan annan máta
Ingibjörg Bernhöft
Sjúkraliði og Dáleiðslutæknir
ibernhoft@gmail.com • S.863 8902




**Steinasteinn**
Eyjarslóð 9, 101 Reykjavík
Sími: 551 5720
Ormsvelli 1, 860 Hvolsvöllur
Sími: 487 7752, 6998352
Sendum um land allt
steina steinn
www.steinasteinn.is

**Er rekstur prentarans hár?**
Það getur verið allt að 60-70% ódýrara að láta endurfylla tóner hylkið.
Pantið á nyrtoner@nyrtoner.is eða í síma 565 2046
NÝR TÓNER – prenthylkja endurnýjun
Sækjum og sendum frítt á höfuðborgarsvæðinu

**Lekur húsið, er komin fúkkalykt eða mygla ?**
Sinni almennu viðhaldi í fasteignum.
Uppl. í s. 895 9801 • oskar@sbd.is • www.sbd.is

**Gardsman**
Öryggiskerfi
Engin áskrift
Dalvegi 16b s: 554-2727
Hugna.is
Sjá nánar á www.hugna.is

**Pottlok**
Saumum yfir heita potta úr sterkum pvc dúk, sem þolir mikin þunga. Mjög létt að opna og rúlla segli upp.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

**Fyrir báta og Skip**
Sjálfstýringar og Stýrisdælur
Navitron NT-777 – Navitron NT-888 – Navitron NT-921 MK2
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf. - sími 552 9510 - elcon@simnet.is

EYJALIND
CASE
Orginal varahlutir
- Nýjir og notaðir
S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Htak**
Öflugt teymi iðnaðarmanna
...viðgerðir, viðhald og nýbyggingar!
Oddur 660 1054 – htak@htak.is
Hannes 660 1055 – htak@htak.is

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL – STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Sturlaugur Jónsson & Co
TÚRBÍNUR
Útvegum túrbínur frá IHI, Garrett, KKK, Schwitzer, Holset og Mitsubishi í flestar gerðir farartækja. Hagstætt verð.
www. sturlaugur.is - Sími 412 3000 - Selhellu 13 Hafnarfirði

**Geymslu / hobbyskúrar til sölu.**
Tvær stærðir 7,5 / 9,5 fm.
Veggir úr 45x95 timbri, klæddir krossvið að innan og timburklæðningu að utan.
Pappi og bárustál á þaki.
Rafmagn er í skúrunum, tenging fyrir útiljós, inniljós og rakavarðir tenglar
Mjög sterkir og vel byggðir.
Nánari upplýsingar: reisum@simnet.is eða s; 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist – Parketlagnir og viðhald

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

**Bílaþjónusta Bjarka ehf**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

**SPARAÐU BENSÍN!**
Metan uppfærðu bílinn þinn
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu.
Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# WHIRLPOOL **TILBOÐ**

## FRÁBÆR ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI




## TAKMARKAÐ MAGN



Whirlpool

**Whirlpool AZB7570**
- Tviátta barkalaus þurrkari
- Carisma Design
- Tekur 7 kg
- 118L tromla
- Rakaskynjari með 6th Sense
- 9 þurrkstillingar
- Vatnstankur uppi
- Hægt að tengja beint við niðurfall
- Kaldur blástur og krumpuvörn
- Orkuflokkur B
- Orkunotkun á þurrkun 3,92 kWh
- Hljóð: 74dB
- Stærð (BxHxD): 60x85x62 sm

**TILBOÐ**
**89.995**
FULLT VERÐ 99.995



*Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð.*

Whirlpool

**Whirlpool AWOD7314**
- 1400 snúninga þvottavél
- Tekur 7kg í þvott
- 6th Sense Infinite Care
  - Skynjar óhreinindi í vatni sem flýtir þvottatíma
- 52 lítra tromla
- Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir
- LCD Skjár
- Clean+ blettakerfi
- 15 þvottakerfi ásamt 15 mín hraðkerfi
- Stafræn niðurtalning á þvottatíma
- Hljóðlátur kolalaus mótor
- Þvotthæfni A
- Vinduhæfni B
- Orkunýting A+++
- Orkunotkun: 121 kWh/ári
- Íslenskur leiðarvísir - íslenskt stjórnborð væntanlegt

**TILBOÐ**
**89.995**
FULLT VERÐ 109.995




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

**SMELLTU Á KÖRFUNA**
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP






ENN BETRA VERÐ

SP Silicon Power

### 16GB MINNISLYKILL

Örsmár og sérlega glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**1.990**

8GB 1.490 | 32GB 4.990



AÐEINS 147gr

SP Silicon Power

### 1TB FLAKKARI

Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Diamond USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!

**12.900**

500GB 9.990 | 1.5TB 19.900



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

### SPJALDTÖLVUR

Notaðar og lítið útlitsgallaðar spjaldtölvur á ótrúlegu verði meðan birgðir endast

**FRÁ 9.990**

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA

## NOKKUR BURÐARHLUTVERK ARNARS



**1963** Arnar í Gísl sem var hans fyrsta hlutverk í Þjóðleikhúsinu.



**1977** Hjónin skoða landakort af Skandinavíu áður en þau leggja upp með Skollaleik Böðvars Guðmundssonar.



**1991** Arnar og Þórhildur að tjaldabaki eftir sýninguna á Pétri Gaut.



**1998** Arnar sem Abel Snorkó býr einn.



**2011** Arnar fékk Grímuverðlaunin fyrir besta leik í aðalhlutverki sem Lér konungur.

1960 1965 1970 1975 1980 1985 1990 1995 2000 2005 2010 2015

MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Áleit stofnanir fáránlegar í fyrstu

Arnar Jónsson frumsýnir einleikinn Sveinsstykki eftir Þorvald Þorsteinsson á stóra sviði Þjóðleikhússins á sunnudagskvöld, 10. nóvember. Þannig kveður hann Þjóðleikhúsið eftir 35 ára farsælan feril sem fastur starfsmaður.



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



**Á SVIÐINU** „Ég var lítil leikhúsrotta og ekki skrýtið að ég skyldi velja þessa leið," segir Arnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

Ég er formlega að kveðja Þjóðleikhúsið og þakka fyrir hálfa öld á sviði. Samt er ég ekkert hættur," segir hinn sjötugi en síungi Arnar Jónsson leikari um tilefni sýningar sinnar á einleiknum Sveinsstykki á sunnudaginn kemur.

Við höfum tyllt okkur niður í herbergi sem Arnar hefur útaf fyrir sig í Þjóðleikhúsinu en áður hafði tilheyrt Bessa Bjarnasyni, þar áður Rúrik Haraldssyni og enn áður Lárusi Pálssyni. Á veggjunum hanga leikaramyndir, meðal annars af Arnari í hlutverkum Péturs Gauts og Lés konungs. Ég spyr hvort Sveinsstykki sé stórt stykki. „Það er þetta," segir Arnar og réttir mér blaðabunka upp á 40 síður. „Þetta er ansi massíft og ég verð að halda athygli áhorfenda allan tímann."

Leikritið fjallar um reglumanninn, íslenskumanninn og lagerstarfsmanninn Svein Kristinsson sem á bæði stórafmæli og starfsafmæli og fagnar þeim tímamótum með því að bjóða til veislu. „Sveinn er að semja ræðu til að flytja en minningarnar sækja á og áhorfendur fá innsýn í líf hans gegnum þær, hins vegar reynist honum æ erfiðara að koma saman ræðunni. Þetta er alveg dásamlegur texti," lýsir Arnar.

**Arndís bauð dús eftir ár**

Arnar hefur reyndar leikið Sveinsstykki áður, fyrir tíu árum. „Þorvaldur Þorsteinsson skrifaði þetta leikrit gagngert fyrir mig þegar ég átti 40 ára leikferilsafmæli en mér finnst ég skulda honum að ég taki aðeins betur á því. Nú er hann farinn frá okkur, langt fyrir aldur fram og mér fannst þetta stykki hans hæfa mjög vel þessu tilefni."

Spurður hvernig honum sé innanbrjósts á þessum tímamótum svarar Arnar:

„Þetta hefur einhvern veginn ekki alveg dagað yfir mig ennþá. Kannski af því að ég er ekki að hætta alfarið að leika, ég verð í stóru hlutverki í Í deiglunni eftir Arthur Miller hér í þessu húsi á útmánuðum, þannig að ég stoppa ekki neitt. Óneitanlega er þetta samt dálítið skrítið. Það verður öðru vísi að koma í þetta hús. (Lítur upp á veggina) Þetta verður til dæmis ekki mitt herbergi lengur. En drottinn minn dýri. Ég er svo heppinn maður. Ég á stóra fjölskyldu og áhugamál, fyrir utan endalausar vanrækslusyndir sem ég get farið að sinna."

*Viltu nefna einhverjar?*

„Ég hef til dæmis ekki haft tíma til að fara yfir og skrásetja listamannshlutann af lífi mínu. Sem mér finnst ég þurfi eiginlega að gera því ég álít að ég tengi saman tíma. Ég byrjaði í áhugaleikfélagi og var síðan í sjálfstæðum leikhópum sem komu eiginlega fram á öllum sviðum landsins. Ég náði líka að kynnast frumkvöðlunum í þessu húsi, Haraldi Björnssyni, Lárusi Pálssyni, Indriða Waage, Regínu Þórðardóttur, Val Gíslasyni. Hér var allt þetta fólk. Frú Arndís Björnsdóttir og fleiri og fleiri. Hún bauð mér dús eftir ár!"

Kunnir þú að þéra? „Já, ég kunni það vel. Það voru þéringar í Menntaskólanum á Akureyri."

**Lítil leikhúsrotta**

Arnar er semsagt að norðan. Sonur Arnþrúðar Ingimarsdóttur frá Þórshöfn og Eyfirðingsins Jóns Kristinssonar sem var um tíma formaður Leikfélags Akureyrar, lék þar og seldi miðana heima. „Ég sá pabba leika Georg í Mýs og menn og horfði á hann skjóta Lenna, besta vin sinn. Ég grét úr mér augun á eftir," rifjar Arnar upp. „Mamma var samt mesti leikarinn, hermdi eftir og hafði augljósa hæfileika en lék aldrei utan heimilisins."

Sjálfur hefur Arnar leikið frá því hann var smástrákur. „Ég var lítil leikhúsrotta og ekki skrýtið að ég skyldi velja þessa leið," segir hann. „Lék Hans í Hans og Grétu þegar ég var tólf ára og í mörgum sýningum eftir það hjá Leikfélagi Akureyrar meðan það var öflugt áhugamannaleikfélag."

Síðar átti Arnar eftir að taka þátt í að gera Leikfélag Akureyrar að atvinnuleikhúsi. En áður dreif hann sig í leiklistarskóla Þjóðleikhússins. Það var árið 1962 og strax á öðrum vetri lék hann í Gísl á stóra sviðinu. Jafnframt fór hann að vinna með Grímu, fyrsta sjálfstæða leikhópi landsins, er lét að sér kveða á 7. áratugnum og sýndi í Tjarnarbíói.

„Ég réð mig ekki hér við Þjóðleikhúsið fyrr en árið 1978. Ég áleit stofnanir fáránlegar í fyrstu og fannst alveg nauðsynlegt að þenja vængina annars staðar. Ég var með í að stofna Leiksmiðjuna 1968 sem lifði í rúmt ár en náði að gera þrjár sýningar, Frísir kalla, Litla prinsinn og Galdra-Loft. Við fórum með Galdra-Loft og Litla prinsinn í einum pakka um landið að vetri til. Ég var mikið á vegunum á þessum árum."

Arnar og Þórhildur Þorleifsdóttir, kona hans, stofnuðu Alþýðuleikhúsið fyrir norðan sem ferðaleikhús 1975 með sex öðrum pörum. „Við ferðuðumst um allt land og til útlanda með Skollaleik Böðvars Guðmundssonar," rifjar Arnar upp. „Þannig að útrásin er ekkert ný!"

**Pétur Gautur áhrifavaldur**

Þegar hér var komið sögu höfðu bæði Leikfélag Reykjavíkur og Þjóðleikhúsið lagt niður sína skóla en nemendur sjálfir stofnað skóla sem þeir nefndu Sál. Arnar var meðal kennara þar og sameinaði skólann Alþýðuleikhúsinu suðurdeild sem setti upp fjölda sýninga og var með tvær deildir, bæði barnaleikhús og fullorðinsleikhús.

> **Þorvaldur Þorsteinsson skrifaði þetta leikrit gagngert fyrir mig þegar ég átti 40 ára leikferilsafmæli en mér finnst ég skulda honum að ég taki aðeins betur á því.**

Þórhildur leikstýrir eiginmanninum í kveðjusýningunni. „Við Þórhildur höfum fylgst að mjög lengi og unnið mikið saman," segir Arnar og brosir. „Við hittumst hér í Þjóðleikhúsinu. Hún var kornung þegar hún byrjaði hér í ballettinum og var hér öllum stundum. Hún var að dansa í Pétri Gaut þegar ég lék í honum 1962. Seinna setti hún upp með mér Pétur Gaut og enn síðar setti sonur okkar, Þorleifur, upp Pétur Gaut úti í Þýskalandi og sú sýning var sýnd hér. Hann fylgir okkur, hann Pétur Gautur.

En ég hugsa að ég hafi oft verið Þórhildi erfiður þegar hún er að leikstýra mér og það reynir á núna líka enda er þetta dálítil glíma við hann Svein."



Listaselið
Skólavörðustíg 17
OPIÐ
Virka daga kl. 12-18
Laugardaga kl. 11-16




Netgíró notendur fá miða á Escape Plan á aðeins 300 kr. í gegnum sambio.is.

Í Sambíóunum Álfabakka, Kringlunni og Akureyri / Fimmtudaginn 7. nóvember

**Akureyri:** 22:10 **Kringlan:** 20:00 **Álfabakki:** 22:30

Við hver kaup bætist 195 kr. seðilgjald. Ef þú kaupir t.d. 3 miða greiðirðu 900 kr. fyrir miðana og 195 kr. seðilgjald, eða samtals 1.095 kr.

SAMBÍÓIN

**Einfalt** **Öruggt** **Hentugt**

Með Netgíró kaupir þú vöruna og reikningur sendur í netbanka, greiða þarf innan 14 daga. Þú þarft ekki greiðslukort og þarft aldrei að gefa upp viðkvæmar upplýsingar þegar þú verslar.

Skráðu þig núna á netgiro.is og byrjaðu strax að versla á þægilegan máta.

Netgíró

Sími: 4 300 330 www.netgiro.is






INNIHALD
300 g hunangsmúslí
80 g smjör
Gevalia espressó (bolli)
100 g sykur
450 g Philadelphia-ostur
2 egg
Cadbury kakóduft
hindberjaþykkni

AÐFERÐ
Myljið saman músli, bráðið smjör og ½ espressó. Þrýstið blöndunni í botninn á 24 sm smelluformi. Þeytið saman Philadelphia-ost, egg og sykur. Setjið blönduna ofan á múslíblönduna.

Bakið við 160 gráður í 50 mínútur.

Geymið kökuna a.m.k. 4 klst. í kæli áður en hún er borin fram. Einnig er hægt að bera kökuna fallega fram í litlum kökumótum og strá kakódufti yfir. Berið fram með hindberjamauki.

HOLLUSTA OG HIMNESKT BRAGÐ




**METNAÐARFULL** Óp-hópurinn leggur mikinn metnað í sýningar sínar og nýtur í þetta sinn leiðsagnar Sveins Einarssonar leikstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Halda upp á 200 ára afmæli Verdis

**Óp-hópurinn og Vonarstrætisleikhúsið efna til söngveislu í Salnum annað kvöld í tilefni af 200 ára afmæli Verdis. Þrátt fyrir að hafa látist árið 1901 mun afmælisbarnið sjálft verða viðstatt veisluna þar sem flutt verða atriði úr óperum hans.**

Við erum alltaf með sviðsett atriði á tónleikum okkar," segir Rósalind Gísladóttir, einn söngvaranna sem stíga á svið í veislunni, spurð hvort það sé vaninn hjá hópnum að vera með leikstjóra á tónleikum hjá sér. „Í þetta sinn er um alveg samhangandi sýningu að ræða. Við erum í búningum og með ljósameistara og Sveinn Einarsson, leikstjórinn okkar, samdi handrit sem tengir atriðin saman þar sem farið er yfir sögu Verdis."

Í kynningu á tónleikunum vekur það sérstaka athygli að Verdi sjálfur hyggist vera viðstaddur veisluna, hvernig gengur það upp? „Hann mætir að sjálfsögðu í eigin afmælisveislu," segir Rósalind og hlær. „Það kemur í hlut Randvers Þorlákssonar að ljá honum líkama og rödd, en þetta er vissulega Verdi."

Auk Rósalindar koma fram söngvararnir Bylgja Dís Gunnarsdóttir, Egill Árni Pálsson, Erla Björg Káradóttir, Hörn Hrafnsdóttir, Jóhanna Héðinsdóttir og Valdimar Hilmarsson. Meðleikari og æfingastjóri er Antonia Hevesi, sem er einn af stofnendum hópsins og hefur fylgt honum á þeim rúmlega 30 sýningum, tónleikum og uppákomum, sem hópurinn hefur staðið fyrir. Rósalind segir kvenhluta hópsins hafa verið hinn sama alveg frá upphafi en „strákarnir" hafi komið og farið. „Svo fáum við líka leynigest í eitt atriðið," segir hún leyndardómsfull og neitar að segja meira um það mál.

En er það vaninn að svona mikill viðbúnaður sé hafður á tónleikum hópsins? „Já," segir Rósalind. „Við höfum undanfarin ár unnið með leikstjórum og verið með sviðsettar senur. Auk þess settum við upp óperu Puccini, Suor Angelica í fyrra og Svar Maríu nú fyrr á þessu ári, þannig að við erum vaxandi hópur. Í vor ætlum við að setja upp barnaóperuna „Hans og Grétu" eftir Engilbert Humperdinck."

Leikstjóri í Salnum annað kvöld verður Sveinn Einarsson, en Páll Ragnarsson, fyrrverandi ljósameistari Þjóðleikhússins og Íslensku óperunnar, hannar lýsinguna. Samkvæmið hefst klukkan 20.

fridrikab@frettabladid.is

# Harmleikur í þátíð og nútíð

BÆKUR ★★★★☆

**Skuggasund**
Arnaldur Indriðason
**VAKA-HELGAFELL**

Aðdáendur Arnaldar, sem eru ósáttir við brotthvarf Erlendar sviðahausamanns úr sviðsljósi bóka hans, ættu að geta tekið gleði sína á ný við lestur Skuggasunds. Hér er mættur glænýr lögreglumaður, reyndar kominn á eftirlaun, Konráð að nafni og eftir öllum sólarmerkjum að dæma eiga lesendur eftir að kynnast honum nánar í næstu bókum. Hann á líka erfiða barnæsku að baki og einhver ævintýri sem ýjað er að en ekki farið nánar út í. Við bíðum spennt.

Raunar eru lögreglumennirnir í forgrunninum þrír því hér fer fram tveimur sögum; morðum bæði árið 1944 og í nútímanum, og þeir Flóvent og Thorson sem rannsaka fyrra morðið eru sömuleiðis vel dregnar og áhugaverðar persónur sem við því miður fáum sennilega ekki að kynnast betur. Og þó, hver veit?

Aðalsmerki Arnaldar sem glæpasagnahöfundar er hversu vænt honum þykir um persónur sínar. Bæði rannsakendur og fórnarlömb verða ljóslifandi í huga lesandans og glæponar og grunaðir sömuleiðis. Á því verður ekki breyting í Skuggasundi og þrátt fyrir ljótleika glæpanna eru ólánsmennirnir sem fremja þá dregnir mannelskum dráttum sem gera lesandanum ómögulegt að hata þá, alla nema einn.

Sagan frá 1944 er aðalgáta rannsóknarinnar enda kemur á daginn að samtímamorðið tengist því máli beint. Arnaldur lýsir aldarfari og aðstæðum fólks á stríðsárunum óhemju vel og með því að hafa annan rannsóknarmanninn kanadískan Vestur-Íslending sem takmarkað þekkir til staðhátta tekst honum að lauma inn alls kyns vangaveltum um þau mál sem efst eru á baugi árið 1944 í formi samtala þeirra Flóvents án þess að það verði þvingað og á skjön við söguna. Öll framvinda málanna er líka trúverðug í gegn, öfugt við það sem oft vill verða í glæpasögum, og lesandinn lifir sig inn í rannsóknirnar af áður óþekktri innlifun. Hver morðinginn er er hálfgert aukaatriði, það er líf þess fólks sem við sögu kemur sem skapar áhugann og spennuna.

Bygging sögunnar er með eindæmum faglega unnin. Sögusviðin tvö flæða hvort inn í annað algjörlega áreynslulaust og fléttunin er hnökralaus. Stíllinn er árgangs Arnaldur, ekkert flúr eða stælar og samtölin eru betur unnin en oft áður, vottar ekki fyrir bókmáli eða uppskafningi og maður trúir hverju orði.

Skuggasund markar engin skil á ferli Arnaldar, hann hefur undanfarin ár verið að þróa bæði stíl og byggingu í þessa átt, en þetta er vel unnin og þrauthugsuð saga sem hreyfir við lesandanum á margan hátt og vekur hann til umhugsunar um þá gömlu spurningu hvort við höfum í raun gengið til góðs þessi ár sem Ísland hefur verið lýðveldi.




Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Vel unnin og þrauthugsuð saga á tveimur tímaplönum. Sögusvið, persónusköpun og bygging haldast í hendur við að gera Skuggasund að einni bestu bók Arnaldar.

# „ÁST OKKAR ER LOFTÁRÁS“

★★★★

„Árni vekur forvitni strax frá fyrstu síðu og sogar lesandann inn í grimma örlagasöguna sem ómögulegt er annað en að lesa í einum rykk.“

Þórarinn Þórarinsson / Fréttatíminn

★★★★

„Virkilega glæsilega gert.“

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið

„Prýðileg og óvænt saga hjá Árna sem hlýtur að hreyfa við öllum lesendum.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Spennandi alveg frá fyrstu síðu ... þétt verk, virkilega vel heppnað.“

Sigurður G. Valgeirsson / Kiljan






JPV ÚTGÁFA

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# Búllan meðal 20 svölustu veitingastaða Bretlands

Dagblaðið The Times gefur Hamborgarabúllunni í London frábæra umsögn. Ný Búlla opnuð í Chelsea-hverfinu seinna í mánuðinum.

**VINSÆL** Búllan í London er gríðarlega vinsæl.



Hamborgarabúllan í London, eða Tommi‘s Burger Joint eins og staðurinn heitir þar í landi, fékk frábæra umsögn í dagblaðinu The Times í London. Staðurinn var valinn einn af 20 svölustu veitingastöðum Bretlands. Umsögnin kemur á frábærum tíma því aðstandendur staðarins hafa stækkað við sig og opna nýjan veitingastað á King‘s Road í London. Róbert Aron Magnússon, einn eigenda Tommi‘s Burger Joint, er að vonum ánægður með gang mála. „Þetta er algjörlega frábært. Bæði umsögnin og stækkunin. Í sumar fengum við óvænt tækifæri til þess að stækka við okkur og ákváðum að skella okkur á það,“ segir Róbert. Staðsetningin á nýja staðnum er frábær að sögn Róberts. „Þetta er mjög vinsæl verslunargata og margir flottir veitingastaðir í kring. Þetta er í Chelsea-hverfinu, hér er nóg um að vera.“ Stefnt er að því að opna staðinn fyrir desemberbyrjun. kjartanatli@frettabladid.is




**FLOTTUR DÓMUR** Hamborgarabúllan fékk flottan dóm í The Times.






**HEIÐURSTÓNLEIKAR** Tónlistarkonurnar Kristjana Stefánsdóttir og Ragnheiður Gröndal koma fram á tónleikunum. MYND/AÐSEND

## Tónleikar til heiðurs Joni Mitchell

Margir þekktustu söngvarar þjóðarinnar koma fram. „Þetta er upprunalega hugmynd frá Röggu Gröndal, hún hefur gengið með hana síðan í haust,“ segir Kristjana Stefánsdóttir tónlistarkona sem kemur fram á heiðurstónleikum í kvöld.

Afmælisheiðurstónleikarnir eru til heiðurs Robertu Joan Anderson, sem er betur þekkt sem Joni Mitchell og af því tilefni ætla nokkrir af fremstu flytjendum og listamönnum þjóðarinnar að koma saman og halda upp á afmælið hennar. „Við förum yfir feril hennar sem er ansi langur og tökum lög frá hinum ýmsu tímabilum, alveg frá fyrstu plötunum til nýjustu platna hennar,“ bætir Kristjana við.

Á tónleikunum koma eingöngu fram söngvarar sem eru miklir aðdáendur Joni Mitchell. „Við erum öll miklir aðdáendur og höfum hlustað mikið á hana.“ Fram koma þau Andrea Gylfadóttir, Björn Jörundur Friðbjörnsson, Egill Ólafsson, Kristjana Stefánsdóttir, Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir Lay Low, Margrét Eir Hönnudóttir, Ragnheiður Gröndal, Sigríður Thorlacius og Valdimar Guðmundsson. Hljómsveitarstjóri er Guðmundur Pétursson, Guðmundur Óskar spilar á bassa og Ragnheiður Gröndal leikur á píanó.

„Við höfum æft undanfarna daga, þetta gengur rosalega vel og ég hlakka mikið til.“

Tónleikarnir fara fram í Iðnó og eru miðar seldir við innganginn. Húsið verður opnað kl. 19.30 en tónleikarnir hefjast kl. 21.00.

„Við lofum notalegri og fallegri kvöldstund,“ segir Kristjana að lokum. - glp

➜ Joni Mitchell vann sín fyrstu Grammy-verðlaun árið 1969 og hefur unnið Grammy-verðlaunin samtals átta sinnum á ferlinum.

# Sjónhverfingar í óvitaherbergi

Svokallað óvitaherbergi opnað almenningi í anddyri Þjóðleikhússins.

Óvitaherbergi hefur verið opnað almenningi í anddyri Þjóðleikhússins í tilefni leiksýningarinnar Óvita.

„Þetta er mjög fyndið. Þarna er búið að snúa heiminum á hvolf eins og í sýningunni,“ segir Sigurlaug Þorsteinsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Þjóðleikhússins.

Herbergið kallast „Ames room“ og er hannað til þess að blekkja augað. Veggir, loft og gólf herbergisins hallast öll og ekkert er hornrétt, heldur afbakað á hárnákvæman máta. Þannig virðist manneskja sem stendur í einu horninu vera stór á meðan önnur sem stendur í hinu horninu sýnist lítil. „Þetta er leikhússjónhverfing sem þekktist allt frá 16. öld í óperuhúsum í Þýskalandi,“ segir Sigurlaug. - fb




**HERBERGIÐ** Óvitaherbergið er tilbúið til notkunar í Þjóðleikhúsinu.

# Moses Hightower í nýju ljósi

Ýmsir listamenn endurhljóðblanda tónlist hljómsveitarinnar á nýrri plötu.

„Okkur langaði alltaf að gera þetta eftir að fyrsta platan okkar kom út, en nú létum við verða af því,“ segir Magnús Trygvason Eliassen, trommuleikari hljómsveitarinnar Moses Hightower, sem gefur út plötuna Mixtúrur úr Mósebók í dag. Platan inniheldur lög hljómsveitarinnar þar sem ýmsir listamenn hafa klætt lög sveitarinnar í nýjan og breyttan búning. „Það eru listamenn á borð Borko, Sin Fang, Múm, Forgotten Lores og Retro Stefson, ásamt fleirum sem hafa gert nýjar útgáfur af lögunum okkar,“ segir Magnús.

Nýju útgáfurnar eru eins misjafnar og þær eru margar, sumar eru rólegri og aðrar eru hressari en upprunalega lagið. „Okkur finnst þessi plata frábær og sum lögin í rauninni betri en upprunalega útgáfan,“ bætir Magnús við.

Platan er fjármögnuð með hjálp vefsíðunnar Karolina Fund, sem er síða þar sem hægt er að safna fé fyrir alls kyns uppátækjum. „Okkur þótti þetta góð hugmynd og það gekk mjög vel að safna fjármunum í gegnum síðuna,“ útskýrir Magnús. Í tilefni útgáfunnar verður slegið upp gleðskap í Lucky Records við Rauðarárstíg 10, klukkan 20.00 í kvöld.

„Það er alveg líklegt að við grípum í hljóðfærin eftir að við höfum hlustað á plötuna,“ bætir Magnús við að lokum. - glp



**ENDURHLJÓÐBLÖNDUN** Ný plata með efni Moses Hightower kemur út í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**HEFÐI HAFT GOTT AF TÆKINU** Danski kötturinn Nuk hefði haft gagn af staðsetningartækinu. MYND/VALLI

# Ýtarlegt eftirlit með kettinum

„Systir mín er alltaf að týna kettinum sínum og mér fannst þetta því mjög áhugavert tæki,“ segir Friðjón Gunnarsson, eigandi fyrirtækisins 1949. Fyrirtækið er rekstraraðili BestBuy. is á Íslandi, og selur tækið Pet Locator. Tækið er staðsetningartæki sem kattaeigendur hafa nýtt sér í töluverðu magni.

Staðsetningartækið er sett í ól kattarins og svo hefur eigandinn hjá sér píptæki sem hann kveikir á ef kötturinn hefur ekki skilað sér heim á tilsettum tíma. „Þetta drífur 122 metra, sem er ekkert svo mikið, en ef þú ferð út í bíl og keyrir um hverfið er líklegra að tækið nemi merki frá sendi kattarins. Merkið styrkist svo þegar þú kemur nær dýrinu,“ segir Friðjón um virkni tækisins.

Það getur verið óþægilegt og erfitt að týna kettinum sínum og það vita kattaeigendur vel. Núna á kötturinn hins vegar erfiðara með að drolla úti. - glp



**Systir mín er alltaf að týna kettinum sínum og mér fannst þetta því mjög áhugavert tæki.**

*Friðjón Gunnarsson, eigandi 1949*





GRÍSABÓGUR
HRINGSKORINN FERSKUR

-30%

559

ÁÐUR 798 KR/KG




-21%

AF NAKD
HRÁSTYKKJUM

149kr

ÁÐUR 189 KR/STK



GUL&
RAUÐ&
GRÆN

50%
AFSLÁTTUR AF
EPLUM Í LAUSU

**Tilboðin gilda 7. -10. nóvember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Markhönnun ehf

# netto



BAYONSTEIK
ÚR GRÍSAHNAKKA
-50%
999
ÁÐUR 1.998 KR/KG

## FRÁBÆR SPIL FYRIR JÓLIN Á 50% AFSLÆTTI




RALLYSPILIÐ
TILVALIN MÖNDLUGJÖF
2.995
ÁÐUR 5.989 KR/STK

JÓLA JÓLASPILIÐ
JÓLIN NÁLGAST
1.495
ÁÐUR 2.989 KR/STK



HAMB.HRYGGUR
SS
1.198
-30%
ÁÐUR 1.712 KR/KG



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



## TÓNNINN GEFINN

Haukur Viðar Alfreðsson

# Jól alla daga

Af einhverjum ástæðum er það ekki samfélagslega viðurkennt að byrja að hlusta á jólalög fyrstu vikuna í nóvember. Sjálfur byrjaði ég í gær, reyndar töluvert fyrr en vanalega, og nú þarf ég bara að troða negulnöglum í nokkrar mandarínur til að komast í brjálað jólaskap. Ég reyndi að deila gleðinni með vinum mínum á Facebook en undirtektirnar voru allt annað en góðar. Ég fékk meira að segja morðhótun frá einum. Rólegur, fúli Skúli.



**JÓLIN BYJUÐ** Haukur er byrjaður að hlusta á jólalögin.

Mér finnst algjör synd að margar af helstu perlum íslenskrar dægur- og koverlagasögu fái ekki neina spilun í rúma 11 mánuði á ári. Af hverju er Jól alla daga með Eiríki Haukssyni til dæmis ekki spilað allt árið um kring? Lagið fjallar um að það séu jól ALLA DAGA. Döööö!

Þetta er eins og ef Manic Monday með Bangles væri bara spilað á mánudögum, Ruby Tuesday með Rolling Stones bara á þriðjudögum, og Today með Smashing Pumpkins bara daginn sem það kom út og svo aldrei aftur.

Þið megið halda áfram að vera fúl á móti jólunum með ykkar þjóðlagaskotna þunglyndispopp í eyrunum þar til á fyrsta í aðventu. Ég ætla hins vegar að eyða næstu tveimur mánuðum með félögum mínum Eyjólfi Kristjánssyni, Helgu Möller, Ladda, Ríó Tríói og Þremur á palli. Mér er alveg sama þó það sé ekki einu sinni búið að kveikja í IKEA-geitinni.

## Í spilaranum







**Arcade Fire** - Reflektor
**Íris** - Penumbra
**Ultra Mega Technobandið Stefán** - !











## PLÖTURNAR ÞRJÁR

**Á plötunni syngja með Björgvini:**
Eyþór Ingi
Andrea Gylfadóttir
Bubbi Morthens
Eivör Pálsdóttir
Svavar Knútur
Daníel Ágúst
Dísella
Ragnheiður Gröndal
Lay Low
Jón Jónsson
Arnór Dan




# Björgvin í skýjunum

Björgvin Halldórsson gefur út þriðju dúettaplötuna og er í skýjunum yfir henni.

„Þetta er svona lokahnykkurinn á þessum þríleik," segir Björgvin Halldórsson tónlistarmaður sem gefur út sína þriðju dúettaplötu í nóvember. Á plötunni, sem heitir Duet 3, syngja með honum söngvarar eins og Eyþór Ingi, Andrea Gylfadóttir, Bubbi Morthens, Eivör Pálsdóttir og Arnór Dan, ásamt mörgum fleirum.

„Við eigum svo mikið af flottum söngvurum sem mig langaði til þess að syngja með," segir Björgvin.

Á henni má finna lög eftir íslenska höfunda eins og Bubba Morthens, Björn Jörund og Einar Scheving í bland við erlend tökulög á borð Are You Lonesome Tonight, sem Elvis Presley söng svo eftirminnilega.

Vinnsla plötunnar var einkar áhugaverð því þó að platan sé dúettaplata þá sungu söngvararnir ekki alltaf saman, í sama rýminu. „Eivör söng sitt lag í Kaupmannahöfn og Dísella söng sitt lag í New York, svo er þetta bara sent á milli rafrænt. Tæknin er orðin svo rosaleg, þetta hefur breyst mikið frá því ég byrjaði í bransanum árið 1970," útskýrir Björgvin.



**BÓ OG BUBBI** Hér sjáum við Björgvin Halldórsson og Bubba Morthens deila sviði en þeir syngja saman á plötunni. MYND/ARI MAGG

Björgvin hafði í hyggju að vinna plötuna síðastliðið sumar en það dróst á langinn og lauk vinnunni núna í október. „Platan dróst sökum annarra verkefna en svo ákváðum við að keyra verkefnið í gang og ég sé alls ekki eftir því. Ég er í skýjunum yfir plötunni."

Platan sem heitir Duet 3, kemur út 15. nóvember næstkomandi. „Það er líklegt að við fylgjum plötunum eftir með tónleikum en það gerist líklega ekki fyrr en eftir jól sökum mikilla anna," segir Björgvin, sem er þessa dagana á fullu að skipuleggja Jólagestatónleikana sem fram fara í Laugardalshöll 14. desember. Þetta er sjöunda árið í röð sem Jólagestir Björgvins fara fram.

gunnarleo@frettabladid.is

## 31.11.2013 → 6.11.2013





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Steinar | Up |
| ▼ | 2 | Lorde | Royals |
| ▲ | 3 | Arctic Monkeys | Do I Wanna Know? |
| ▲ | 4 | Baggalútur og Jóhanna Guðrún | Mamma þarf að djamma |
| ▲ | 5 | One Republic | Counting Stars |
| ▼ | 6 | Katy Perry | Roar |
| ▲ | 7 | Miley Cyrus | Wrecking Ball |
| ▲ | 8 | John Newman | Cheating |
| ▼ | 9 | Emiliana Torrini | Speed Of Dark |
| ▲ | 10 | Drangar | Bál |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Samaris | Samaris |
| ▲ | 2 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▼ | 3 | Helgi Björnsson | Helgi syngur Hauk |
| ▶ | 4 | Ólafur Arnalds | For Now I Am Winter |
| ▲ | 5 | Mammút | Komdu til mín svarta systir |
| ▼ | 6 | Emilíana Torrini | Tookah |
| ▲ | 7 | Ýmsir | This Is Icelandic Indie Music |
| ▲ | 8 | Drangar | Drangar |
| ▶ | 9 | Vök | Tension |
| ▼ | 10 | Pálmi Gunnarsson | Þorparinn |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista
Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# HVERSU MIKIÐ ELSKAR ÞÚ KFC?




KÍKTU Á FACEBOOK-SÍÐUNA OKKAR OG SENDU OKKUR MYND AF ÞÉR OG KFC. ÞÚ GÆTIR UNNIÐ VINAFÖTU FRÁ KFC, KANNSKI MEÐ MYNDINNI ÞINNI!

facebook.com/kfc.is

KFC

svo gott

PIPAR\TBWA • SÍA • 132584

BÍÓFRÉTTIR

# Gerir tilraun að sumarfríi á Spáni

Bjarni Haukur Þórsson gerir kvikmynd um Afann með Sigurð Sigurjónsson í aðalhlutverki.



**NÓG AÐ GERA** Bjarni Haukur undirbýr kvikmyndina Afinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við byrjum á tökum um mánaðamótin febrúar mars og ef allt gengur upp ættum við að ná að frumsýna myndina haustið 2014,“ segir leiklistarmógúllinn Bjarni Haukur Þórsson. Hann undirbýr nú tökur á kvikmyndinni Afinn sem byggð er á samnefndum einleik sem settur var upp í Borgarleikhúsinu. Bjarni leikstýrir myndinni og skrifar handritið ásamt leikaranum Ólafi Agli Egilssyni.

Grínistinn Sigurður Sigurjónsson fór með hlutverk afans í einleikum og verður sama uppi á teningnum í myndinni.

„Sagan er sú sama og í einleiknum að mörgu leyti. Við þurftum aðeins að breyta og bæta og færa handritið í kvikmyndaform en Siggi Sigurjóns verður afinn á ný. Hann leikur þó ekki öll hlutverkin í myndinni en meðal annarra leikara eru Þorsteinn Bachmann og Sigrún Edda Björnsdóttir,“ bætir Bjarni við.

Myndin verður tekin upp í Reykjavík, í Stykkishólmi og á Spáni en á síðastnefnda staðnum verður afinn í sumarfríi.

„Hann gerir tilraun að sumarfríi með hörmulegum afleiðingum. Svo þarf hann að glíma við hjónabandið, er óánægður með ráðahag yngri dótturinnar sem er að fara að gifta sig, verður veikur, það gengur ekkert hjá honum í golfi og hann missir góðan vin. Það fer allt á hvolf hjá afanum og get ég lofað mörgum ógleymanlegum senum sem margir kannast við eða hafa upplifað sjálfir.“

> **Sagan er sú sama og í einleiknum að mörgu leyti. Við þurftum aðeins að breyta og bæta og færa handritið í kvikmyndaform en Siggi Sigurjóns verður afinn á ný.**

---




**REYÐARFJÖRÐUR BREYTIST Í SJÓNVARPSBÆ** Prettán þátta sería verður tekin upp á Reyðarfirði eftir áramót.

# Bresk/bandarísk sjónvarpssería tekin upp á Reyðarfirði

Sjónvarpsþáttaserían Fortitude verður tekin upp á Íslandi eftir áramót. Þættirnir eru samstarfsverkefni sjónvarpsstöðvanna Sky Atlantic í Bretlandi og Starz í Bandaríkjunum. Kvikmyndafyrirtækið Pegasus þjónustar tökuliðið á Íslandi.

Tökur á fyrstu seríu af sjónvarpsþáttunum Fortitude munu hefjast hér á landi í febrúar á næsta ári en þættirnir eru samstarfsverkefni sjónvarpsstöðvanna Sky Atlantic í Bretlandi og Starz í Bandaríkjunum. Alls verða teknir upp þrettán þættir og fara tökur aðallega fram á Reyðarfirði.

Tökurnar eru mjög umsvifamiklar því allar útisenur í þáttunum verða teknar á Íslandi. Af þeim sökum mun tökulið þáttanna dvelja hér á landi í margar vikur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en þjónustuaðili þeirra á Íslandi er kvikmyndafyrirtækið Pegasus. Ef þessi fyrsta sería gengur vel er von um fleiri seríur á komandi árum sem gætu þá hugsanlega líka verið teknar upp á Íslandi.

Serían fjallar um smábæinn Fortitude sem er talinn vera einn öruggasti bær í heimi þangað til vísindamaður í bænum er myrtur og allir liggja undir grun. Glæpurinn setur allt á annan endann í Fortitude og enginn er óhultur.

Þættirnir verða sýndir á Sky Atlantic HD og Starz á næsta ári en ekkert er ákveðið hverjir muni fara með aðalhlutverkin í þáttunum. liljakatrin@frettabladid.is

## FRUMSÝNINGAR

**Spennan er allsráðandi í myndum sem frumsýndar eru á föstudag**

### HASAR OG HLÁTUR

**Skytten, dönsk spennumynd**
Sundkennara fatlaðra barna er ekki skemmt þegar hann heyrir að danska ríkið hyggst hefja tilraunaboranir fyrir olíu úti fyrir strönd Grænlands í samvinnu við Bandaríkin. Hann er frábær skytta og býr til upptökur sem hann sendir blaðamönnum þar sem hann hótar því að fremja voðaverk ef danska ríkisstjórnin hættir ekki við þessi áform.

**Escape Plan, spennumynd**
Öryggissérfræðingurinn Ray Breslin er meistari í því að brjótast út úr rammgerðustu fangelsum veraldar. Hann tekur að sér spennandi verkefni en sér fljótt eftir því þar sem ekki er allt sem sýnist. Hér leiða ofurmyndatröllin Sylvester Stallone og Arnold Schwarzenegger saman hesta sína en leikstjóri er hinn sænski Mikael Håfström, maðurinn á bak við myndir á borð við 1402 og Derailed.

**The Starving Games, grínmynd**
Nýjasta mynd Jasons Friedberg og Aarons Seltzer, sem gerðu meðal annars Scary Movie, Spy Hard og Date Movie, gerir miskunnarlaust grín að stórmyndinni The Hunger Games og fleiri góðum myndum.





**SPENNAN MAGNAST** Hvernig verður nýja Saw-myndin?

## Enn önnur Saw-mynd

**Kvikmyndafyrirtækið Lionsgate er að þróa enn aðra Saw-mynd en ef hún verður að raunveruleika verður þetta sú áttunda í röðinni. Ekki er búið að skrifa undir neina samninga en ljóst er að reynt verður að halda illmenninu Jigsaw á hvíta tjaldinu eins lengi og hægt er.**

**Aðdáendur Saw-myndanna fengu síðast að berja Jigsaw augum árið 2010 í Saw 3D en á næsta ári verða tíu ár síðan fyrsta Saw-myndin var frumsýnd með Cary Elwes í aðalhlutverki.**

**Lionsgate-liðar vilja ólmir fara með þessa nýju Saw-mynd í aðra átt en sú síðasta fór og því verður spennandi að sjá hver leikfléttan verður að þessu sinni.** - lkg

## Teiknimyndaslagur

**Nítján teiknimyndir hafa verið sendar inn til dómnefndar 86. Óskarsverðlaunanna og gæti baráttan um titilinn Besta teiknimyndin orðið hörð.**

**Monsters University og Cloudy with a Chance of Meatballs 2 eru líklegar til að hreppa hnossið að sögn sérfræðinga en aðrar myndir sem gætu fagnað sigri eru How to Train Your Dragon, Toy Story 3, Despicable Me 2 og ParaNorman.** - lkg

JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



TIL LEIGU
Hverafold 1-3, 112 Reykjavík
Heilsutengt húsnæði-/skrifstofa
2. hæð - 107,2 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:



Helgi Már Karlsson
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali
534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

Húsnæðið skiptist í 3 til 4 herbergi, þ.a. eitt stórt, móttöku, kaffistofu, 2 Wc og sturtuaðstöðu. Húsnæðið hentar vel fyrir sjúkraþjálfun, nuddara og/eða aðra í svipaðri starfsemi. Handlaugar í hverju herbergi. Lyfta og húsvarsla er í húsinu. Húsnæðið hentar einnig vel sem skrifstofuhúsnæði.

JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



TIL LEIGU
Hverafold 1-3, 112 Reykjavík
Verslunarhúsnæði
139 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:



Helgi Már Karlsson
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali
534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

Húsnæðið skiptist í opið verslunarrými með flísum á gólfi, mátunarklefa og lager bakatil. Gengið er upp á milliloft af lager og er þar til staðar starfsmannaaðstaða og salerni. Bjart og gott verslunarhúsnæði. Laust strax!




Vnr. 74092390
SKIL 1470AA multisög, 200W, slípi- og skurðarfylgihlutir
11.990 kr.



Vnr. 74804113
BAVARIA rafhlöðuborvél, 14,4 V.
2.990 kr.




NÝTT BYKOBLAÐ ER KOMIÐ ÚT!

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

# BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Vnr. 74801020
BAVARIA BOS juðari, 135W.
1.995 kr.



Vnr. 74802240
BAVARIA BJS stingsög, 350W.
2.190 kr.

## GERÐU KLÁRT FYRIR JÓLIN



TIMBURVERSLUN

## SÉRVINNSLA - BYKO BREIDD

Á verkstæði okkar í Breiddinni önnumst við alla fullvinnslu á borðplötum og sólbekkjum. Ekki gera einfaldan hlut flókinn. Nýttu þér sérþekkingu okkar og láttu sérsníða og fullvinna efnið fyrir þig.

Komdu í heimsókn og við getum örugglega aðstoðað þig.

50 CM



Vnr. 68393974
LUX PROMO verkfærabox, 50 cm.
1.590 kr.



Vnr. 70210023
BYKO trésög.
1.490 kr.

## ÞAÐ ER KOMINN VETUR




Vnr. 42303619
Hálkusalt, 4 kg.
590 kr.



Vnr. 42375935
BLÁTIN rúðuvökvi, 3 l, poki, 15°.
499 kr.



Vnr. 55629783
SONNECK snjóskúffa, svört.
1.290 kr.

GÓÐ Í BÍLINN



Vnr. 42377785
PROBUILDE skófla með stuttu tréhandfangi.
2.990 kr.



Vnr. 42310683
Kuldagalli, blár, stærðir S-XXXL.
11.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is

# NAFNAR Í ANDSTÆÐUM HEIMUM

Skilið milla lista og stjórnmála verða sífellt óljósari. Þessum pólitíkusum og listamönnum hefur eflaust oft verið ruglað saman í símaskránni þó þeir eigi fátt annað sameiginlegt en nöfnin sem binda þá saman sterkum böndum.







## ÞORBJÖRG OG ÞUNGAROKKIÐ

Hin skelegga Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir er nafna Þorbjargar Helgu, aðalleikkonunnar í Málmhausi.







## GOTT DNA

Halldór Halldórsson vill leiða Sjálfstæðismenn í borginni en nafni hans, oftast kallaður Dóri DNA, lætur sér nægja að gera góðlátlegt grín að stjórnmálum.







## SÍÐHÆRÐIR NAFNAR

Stjörnuljósmyndarinn Björn Blöndal á nafna í Besta flokkinum. Sá er líka hárprúður. Skemmtileg tilviljun.







## NONNI OG NONNI

Píratinn Jón Ólafsson liggur ekki á skoðunum sínum á meðan tónlistarmaðurinn Jón Ólafsson semur undurfagra tóna.







## HUGSJÓNAMENN

Helgi Hrafn Jónsson er einn okkar færasti tónlistarmaður og nafni hans Helgi Hrafn Gunnarsson lætur til sín taka á Alþingi fyrir Pírata.



**BOX FYRIR ALLA** Kjartan Valur Guðmundsson, formaður Hnefaleikafélags Kópavogs, ásamt dóttur sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Barnabox og Wrestling

Hnefaleikafélag Kópavogs hefur flutt starfsemi sína og býður upp á barnabox og Freestyle Wrestling.

„Við ætlum að bjóða upp á ýmislegt, allt frá barnaboxi og yfir í Freestyle Wrestling," segir Kjartan Valur Guðmundsson, formaður Hnefaleikafélags Kópavogs, en félagið flutti fyrir skömmu í nýtt og betra húsnæði. Hnefaleikafélagið býður meðal annars upp á boxnámskeið fyrir börn frá sjö ára aldri.

„Sjálfsvarnaríþróttir geta haft mjög góð áhrif á börn sem hafa lent í stríðni eða einelti því þetta eykur sjálfstraust þeirra. Einnig getur agi íþróttarinnar hjálpað til við að halda einstaklingnum frá slæmum félagsskap," segir Kjartan.

Þá hefur Hnefaleikafélagið sameinast bardagaklúbbnum VBC Reykjavík í nýju húsnæði við Smiðjuveg 28, en þó er um að ræða tvö ólík félög. VBC Reykjavík á rætur að rekja til Svíþjóðar og stendur fyrir Vallentuna Boxing Camp.

„Aðstaðan var svo lítil en nú erum við komin í stærra húsnæði og getum sinnt starfseminni mun betur," segir Einar Tryggvi Ingimundarson, formaður VBC Reykjavík.

VBC er stærsta Muay Thai-félag Norðurlandanna en VBC Reykjavík býður meðal annars upp á Muay Thai, Kick Box, Jiu Jitsu og Freestyle Wrestling. -glp

# Borgarstjóri andlit Hættuspilsins

Hættuspilið er nú komið út á alheimsvísu og heitir Danger Game á ensku. Jón Gnarr prýðir umbúðir spilsins. Spilið er hluti af viðhafnarútgáfu vegna 10 ára afmælis tölvuleiksins Eve Online.

„Jón Gnarr var til í að vera aftur framan á spilinu, það kemur alveg ótrúlega vel út og hefur vakið töluverða athygli erlendis," segir Eldar Ástþórsson, upplýsingafulltrúi CCP, sem hefur endurútgefið Hættuspilið sem naut mikilla vinsælda hér á landi rétt fyrir aldamót. „Hættuspilið kom út árið 1998 og það má segja að þetta hafi verið fyrsti leikurinn sem CCP gaf út. Vinsældir hans hjálpuðu til við að fjármagna framleiðslu EVE Online," bætir Eldar við.

Hættuspilið kemur út sem hluti af viðhafnarútgáfu vegna 10 ára afmælis EVE Online. Viðhafnarútgáfan hefur nú farið á alþjóðlegan markað og var Hættuspilið þýtt yfir á ensku og nefnt Danger Game. Má því segja að spilið sé komið á alþjóðamarkað. „Spilið er auðvitað hluti af stærri pakka sem inniheldur jafnframt 190 blaðsíðna bók um EVE-heiminn, USB-völgu sem er í formi geimskips og geisladisks með Sinfóníuhljómsveit Íslands að flytja lög úr leiknum," segir Eldar.



**JÓN GNARR** Í fullum skrúða í myndatökum fyrir hættuspilið. MYND/RAGNAR ÁGÚST EÐVALDSSON

Hættuspilið hefur verið uppfært að fullu. „Við tókum til dæmis nýjar myndir af öllum karakterunum aftur. Í síðasta spili voru Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr í öllum hlutverkunum í spilinu. En nú höfum við fengið aðra til þess, að stórum hluta starfsmenn CCP. Jón Gnarr var til í að vera aftur á framhlið spilsins, en við höfum skipt Sigurjóni Kjartanssyni út fyrir yngra og fallegra módel, Svein Kjarval, sem gegnir stöðu samfélagsstjóra hjá CCP og er í miklum metum hjá spilurum EVE Online. Forstjórinn, Hilmar Veigar Pétursson, er einnig með hlutverk í nýjum spilastokki. Auk þess hefur viðskiptaumhverfi spilsins verið uppfært, þannig að þetta er mjög veglegt," segir Eldar. Viðhafnarútgáfan er farin í sölu um gjörvallan heim, þar með talið á Íslandi, og segir Eldar viðtökurnar hafa verið ákaflega góðar.

kjartanatli@frettabladid.is


RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÚRVAL RAFLAGNAEFNA
Fellsmúla - Reykjavík
VERÐ FRÁ 495
UTANÁLIGGJANDI ROFAR & TENGLAR
VERÐ FRÁ 495
INNLAGNAEFNI ROFAR OG TENGLAR
VERÐ FRÁ 995
RAKAÞOLNIR ROFAR OG TENGLAR
37.990
VINNULJÓSATAFLA
INNLAGNAEFNI - 4 LITIR
PASSAR Í TICINO DÓSIR
Lágvöruverð
Kynntu þér málið
Innlagnaefni
Rofar og tenglar
VERÐ FRÁ 475
6.990
10.995
8.350
6.995
6.965
GREINAKASSAR / TÖFLUR
RÖR - LAGNARENNUR - BARKI
BEYGJUR - HÓLKAR - DÓSIR
VERÐ FRÁ 1.295
NEOSET VARROFAR 1, 2 OG 3 PÓLA
SJÁLFVÖR 1 PÓLA 995
VÍR OG KAPLAR
VERÐ FRÁ 699
IÐNAÐARTENGLAR OG KLÆR
3.595
LEKASTRAUMSROFI 4 PÓLA
2.975
LEKASTRAUMSROFI 2 PÓLA
1.695
SJÁLFVÖR 2 PÓLA
2.595
SJÁLFVÖR 3 PÓLA
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16

# Risasköp það fyrsta sem blasir við

**Kristín Gunnlaugsdóttir opnar sýninguna Sköpunarverk á föstudaginn í Listasafni Íslands. Kristín segir umfjöllunarefnið vera umheim og veröld kvenna.**

Kristín Gunnlaugsdóttir opnar sýninguna Sköpunarverk á föstudaginn í Listasafni Íslands. Kristín segir umfjöllunarefnið vera sköpunarkraftinn sem býr í mannlegri náttúru og innri heim konunnar.

„Þegar þú gengur inn á Listasafnið blasa við þér sköp formóðurinnar, fjögurra og hálfs metra löng, ómeðhöndluð af lýtalækningum,“ segir Kristín Gunnlaugsdóttir, myndlistarkona, en hún opnar sýninguna Sköpunarverk í Listasafni Íslands á föstudaginn næstkomandi.

„Það er fátt jafn ofnotað, varnarlaust, misnotað og útjaskað í gegnum tíðina eins og sköpunarfæri kvenna í veröld karlmanna gegnum tíðina,“ segir Kristín jafnframt.

Kristín fæst við raunveruleika og veröld kvenna og er óhrædd að nálgast andstæður eins og heilagleika og tabú tengd kynhvötinni. „Ég er kona og geng því út frá veruleika kvenna og mér þykir mikilvægt að fjalla um og opna á þessi mál. Þetta er ekki nýtt í myndlist en brýnt í samtímanum að við göngumst við hlutunum eins og þeir eru.“ segir Kristín.

Sköpunarverk er sýning í tveimur sölum. „Í öðrum salnum verða stór veggteppi þar sem ég sauma með ull í grófan striga, svo verða þarna lítil tréverk máluð samkvæmt gamalli hefð miðalda – en myndefnið er áfram það sama,“ segir Kristín. „Í rauninni er umfjöllunarefni sýningarinnar bara lífið sjálft. Það má eldast, það má vera eins og maður er – án þess að þurfa að beygja sig undir staðalímyndir æskudýrkunar, fullkomnunaráráttu og endalausrar sjálfsgagnrýni,“ segir Kristín.

Í nóvember og desember verður Kristín með leiðsögn um sýninguna og á undan því verður sýnd heimildarmynd sem Guðbergur Davíðsson og Hákon Már Oddsson hafa gert um Kristínu og listheim hennar. Myndin, sem sýnd verður í ríkissjónvarpinu í janúar, er ein af fjórum um íslenska myndlistamenn. Í tilefni sýningarinnar hefur Eyja gefið út veglega bók.

Sýningin Sköpunarverk stendur til 19. janúar 2014.

olof@frettabladid.is



**SKÖP FORMÓÐURINNAR** Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarkona segir fátt jafn ofnotað, varnarlaust og útjaskað og sköpunarfæri kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# „Hversu oft sefuru hjá í viku?“

Ég er algjörlega andlaus og hef ekkert til að tjá mig um. Dagarnir líða áfram í brjóstagjöf á tveggja klukkustunda fresti, tímatöku á lúrum, bleiuskiptum og almennu heimilishaldi. Ég er ekki viss hvort ég hef farið í sturtu í morgun, eða kannski var það í gær? Mér líður stundum eins og heilasellurnar hóti sjálfseyðingu ef þær heyra aðra vögguvísu. Þá er það í raun afrek útaf fyrir sig að ég skuli klæða mig úr náttbuxunum á morgnana, sérstaklega þegar ég veit að deginum verður eytt heima fyrir í fyrrgreindri rútínu. Þó koma dagar þar sem rútínan er brotin upp og ég flyt fyrirlestra.

Nýlega var ég með hóp af þrettán ára drengjum í kynfræðslu. Að loknum fyrirlestrinum þá skrifa þeir nafnlausar spurningar á miða sem ég svo les og svara fyrir framan allan hópinn. Um daginn kom ein spurning sem gat aðeins komið frá grunlausum unglingi sem þekkir ekki brjálæðið sem fylgir uppeldi barna og rútínu hjónabands. „Hversu oft sefuru hjá í viku?“ Ég gat ekki annað en brosað útí annað og sagt á innsoginu „í viku segirðu …“. Sá var snöggur að bæta við hvort það væri svona oft daglega. Æ þið vitið, því ég er svona kynfræðingur og tala um kynlíf þá hlýt ég að stunda það öllum stundum alltaf. Hið barnslega sakleysi unglingahormóna, sífelldrar greddu, smáskota og ótakmarkaðs frítíma.

Það ber ekki að skilja sem svo að ég geri lítið úr upplifun unglingsins, ég man vel hversu erfitt takmarkað sjálfræði var og sorgina yfir óendurgoldinni ást. Þetta er kannski ekki ósvipað, þetta með takmarkað sjálfræði. Flestir foreldrar vita að maður á ekki börnin sín, þau eiga mann. Það getur því verið svolítið snúið að ætla að finna tíma fyrir mann sjálfan og svo tíma fyrir makann. Sérstaklega þegar maður veit af klístruðum blettum á stofugólfinu og troðnum þvottakörfum af óhreinum leikskólafötum. Þó heimilið væri hreint þá væri þetta spurning um tíma.

Ef þú nærð smátíma í rólegheitum, langar þig þá að „eyða“ honum í kynlíf en ekki í dýrmætan órofinn lúr? Þetta eru vangaveltur kynfræðings sem les, skrifar, og talar um kynlíf. Ég veit hversu mikilvægt það er að reyna að búa til tíma fyrir kelerí. Fyrir mig, hann, okkur, og börnin (fullnægðir foreldrar eru þolinmóðari einstaklingar og þar með betri foreldrar). Það má kannski sleppa því að horfa á einn þátt fyrir svefninn og nýta þessar fáu mínútur áður en rúmið fyllist af börnum til að tengja ykkur saman?



**SNÚIÐ AÐ FINNA TÍMA** „Ef þú nærð smátíma í rólegheitum, langar þig þá að „eyða“ honum í kynlíf en ekki í dýrmætan órofinn lúr?“ NORDICPHOTOS/GETTY

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is






Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

**Réttarháls 12**
**Nesjaskógi Grafningshreppi**

- Fallegur bústaður 83 fm
- Sólskáli 17 fm af heildar stærð
- Einstök staðsetning
- Kjarri vaxið land
- Mikið útsýni

Verð: **29,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

*ÓGLEYMANLEG*
*SIGRÚN OG FRIÐGEIR - FERÐASAGA*

EFTIR HÖFUND BÓKARINNAR *ÞÓRA BISKUPS*






Viðburðarík ferðasaga sem fékk átakanlegan endi. Sigrún Pálsdóttir sagnfræðingur skrifar hér um einstakt fólk og stríðstíma af fágætu næmi.

JPV ÚTGÁFA

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

# DEBENHAMS

## CLINIQUE DAGAR 7.–13. NÓVEMBER

Sérfræðingur verður á staðnum fimmtudaginn 7. nóvember

Glæsilegur kaupauki fylgir með ef verslað er fyrir 6.900 krónur eða meira af Clinique vörum*




* meðan birgðir endast

**Kaupaukinn inniheldur:**

Repairwear Uplifting Firming Cream – Næturkrem (15 ml)
Repairwear Laser Focus Eye Cream - Augnkrem (5 ml)
Take The Day Off Makeup Remover – Augnfarðahreinsir (50 ml)
Liquid Facial Soap Mild - Andlitshreinsir (50 ml)

Precious Posy Blushing Blush - Kinnalitur
Almost Lipstick, Flirty Honey - Varalitur
High Impact Curling maskari - Svartur (2,5 ml)
Synthetic Blush Brush - Bursti

---



Ég ferðast mikið á milli Íslands og Spánar og framan af einkenndist húðin á mér einnig af þessum ferðalögum. Sveiflurnar í bæði hita- og rakastiginu höfðu ruglandi áhrif á jafnvægi húðarinnar, sem í mínu tilfelli er í þurrari kantinum.

Mér var sagt að CC kremið frá Clinique væri lausnin á mínum vanda og það var hverju orði sannara. CC kremið gefur mér nauðsynlegan raka og virðist henta jafnt í hita og kulda. Það jafnar húðlitinn án þess að hylja of mikið og er þess vegna fullkomið hversdags.

Mér finnst áferðin á CC kreminu alltaf koma vel út en aldrei betur en þegar ég hef notað 3-þrepa hreinsilínuna frá Clinique á undan og jafnvel Laser Focus serumið líka.

Inga Lind Karlsdóttir sjónvarpskona




**Superdefence CC Cream SPF 30**

Litað dagkrem sem leiðréttir litamisfellur í húð ásamt því að vernda húðina fyrir fyrstu merkjum öldrunar vegna umhverfisins.

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**

**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| PHILOMENA | 5:40, 7:50 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | 5:50 | L |
| CAPTAIN PHILLIPS | 6, 9 | 14 |
| ABOUT TIME | 9 | 10 |



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 FORSÝND | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:10 | 12 |
| THOR - DARK WORLD VIP 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| PRISONERS | KL. 6 - 8 - 9 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 2D | KL. 6 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| PRISONERS | KL. 8:30 - 10:10 | 16 |
| RUSH | KL. 6 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| ESCAPE PLAN | KL. 8 FORSÝND | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 | 12 |
| DISCONNECT/HEILABROTINN | KL. 5:20 - 10:30 | 12 |
| PRISONERS | KL. 8 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| DISCONNECT | KL. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| DISCONNECT/HEILABROTINN | KL. 5:20 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:10 FORSÝND | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



| SMÁRABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| THOR 2 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THOR 2 LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| FURÐUFUGLAR 3D | KL. 3.20 | L |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| INSIDIUS CHAPTER 2 | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 | 12 |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| METALLICA 3D | KL. 8 | 16 |
| PHILOMENA | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10 | 14 |
| FRANCES HA | KL. 6 | L |
| GRAVITY 3D | KL. 10.15 | 12 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 10.15 | 16 |
| MÁLMHAUS KL. 5.45 - 8 (12) / HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 | 12 |

| BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| PHILOMENA | KL. 8 - 10 | 12 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 6 | 16 |
| INSIDIUS CHAPTER 2 | KL. 10.30 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| FURÐUFUGLAR 3D | KL. 6 | L |




# Lady Gaga út í geim

**Söngkonan Lady Gaga verður fyrsti tónlistarmaðurinn til að syngja í geimnum.**

**Lafðin fer í geimferð með Virgin Galactic snemma árs 2015 og mun syngja eitt lag í geimnum á Zero G Colony-tónlistarhátíðinni.**

**„Hún þarf að vera í söngþjálfun í mánuð vegna aðstæðna í geimnum," segir heimildarmaður tímaritsins Us Weekly. Ljóst er að um einstakan viðburð í mannkynssögunni er að ræða og segir heimildarmaðurinn enn fremur að Lady Gaga sé búin að líftryggja sig fyrir fúlgu fjár vegna ferðarinnar.**



# Borðar súkkulaði á hverjum degi

**Gossip Girl-stjarnan Blake Lively hugsar ekkert um hvað hún setur ofan í sig.**

**„Ég er mjög heppin að lífsstíll minn býður upp á mikla hreyfingu. Ég er alltaf á ferðinni. Ég þarf ekki að vera með þjálfara til að fylgjast með því hvað ég borða. Ég get ekki byrjað daginn án þess að fá mér bolla af heitu súkkulaði né klárað hann án þess að fá mér nokkra súkkulaðimola. Það er gott fyrir sálina," segir Blake í viðtali við franska Vogue. Hún er gift leikaranum Ryan Reynolds en hefur verið með hjartaknúsurum á borð við Penn Badgley og Leonardo DiCaprio í gegnum tíðina.**

**„Þeir hafa allir gaman af því að borða. Fólk verður að elska mat ef það ætlar að vera í kringum mig. Ég er mikið fyrir eldamennsku akkúrat núna. Ég tala ekki um annað."**

# Tuðtíðin að hefjast

**BAKÞANKAR**
Dóra DNA



Mig dreymdi afkvæmi ljóns og krókódíls. Það lá dáið við árbakka og hrygldi í því. Ég vaknaði og vissi strax hvað var að gerast. Vetur.

**EN** góðu fréttirnar eru þær að maður getur leyft sér að tuða yfir nokkrum hlutum fram að jólum. Fyrst á maður að tuða yfir því hvað jólaskrautið fer snemma upp. Það er algjör skylda. Ég fer alveg í vont skap ef ég sé örla fyrir rauðum lit einhvers staðar fyrir fyrsta desember. Samt tek ég ekki seríurnar niður hjá mér fyrr en í fyrsta lagi í ágúst, en það er öðru vísi.

**ANNAÐ** sem fer í taugarnar á mér er aðförin að einkabílnum. Hún er ekki nógu skilvirk og róttæk. Einkabílar eru flestir mjög ljótir. Að sjá þá standa á bílastæðum borgarinnar er sjónmengun. Þetta brýtur gegn allri fagurfræði. Yfirleitt er bein tenging á milli fegurðar bíla og hvað þeir eyða miklu eldsneyti. Ljótir bílar eyða litlu, flottir miklu. Bönnum þessa helvítis kveikjara og fyllum göturnar af alvöru tryllitækjum. Sjálfur á ég amerískan jeppa sem eyðir 16 þúsund kalli að lágmarki á viku óháð því hvort ég keyri hann eða ekki og hann skítlúkkar á bílastæðum bæjarins.

**ÞAÐ** hefur lengi ekki mátt gagnrýna Útsvarið sem sýnt er á RÚV, af sömu ástæðum og maður sparkar ekki í liggjandi mann. En því miður. Hvernig er mögulegt að vera með spurningakeppni þar sem er jafn lítið í húfi og þarna? Flestir þátttakenda byrja á því að afsaka sig, það myndast aldrei snefill af spennu og öllum er nákvæmlega sama um hvort þeir sigra eða tapa. Væri ekki betra ráð að bæjarfélögin fengju að senda bara klapplið í íþróttahús að eigin vali og þau myndu garga í 30 mínútur. Eða eins og einhver tísti á mig – hafa almennileg verðlaun. Nú mætast lið Vestmannaeyja og Reykjavíkur, í verðlaun eru Flugvöllur í Vatnsmýri.

**SPURNINGAÞÁTTURINN** Vertu viss hefur göngu sína bráðum. Tíu milljónir í fyrstu verðlaun. Í DV kom fram að féð sé allt að því illa fengið. Í auglýsingunni liggja peningarnir á borðinu. Þeir eru pakkaðir í loftþéttar umbúðir. Takk fyrir.



**STÍLL Í STOFUNNI** Bjartmar er nýbúinn að gera upp íbúð á Seltjarnarnesi sem er nú til sölu.



**BJART SVEFNHERBERGI** Hér leikur Bjartmar sér aðeins með liti.

# Bjartmar bjargar löskuðum íbúðum

## Leikarinn og leikstjórinn Bjartmar Þórðarson gerir upp íbúðir hér og þar í borginni.

Leikarinn og leikstjórinn Bjartmar Þórðarson gerir upp íbúðir hér og þar í borginni.

„Ég stofnaði lítið fyrirtæki fyrir einu ári og kaupi eina og eina íbúð og geri upp. Í raun og veru er þetta björgun fasteigna í lélegu ástandi en þetta er skemmtileg aukabúgrein sem hentar vel með listinni," segir leikarinn og leikstjórinn Bjartmar Þórðarson. Hann hefur alltaf haft áhuga á innanhússhönnun og er algerlega sjálflærður í faginu.

„Ég á föður sem er ofsalega handlaginn og hefur kennt mér ýmislegt. Þetta snýst um að prófa sig áfram, vanda sig, fá réttar upplýsingar og hafa gott auga fyrir hlutunum. Ég leyfi rýminu að ráða för þegar ég hanna það og reyni að sjá hvað það kallar á í staðinn fyrir að troða einhverju þar inn sem ekki passar," segir Bjartmar. Hann finnur íbúðirnar sjálfur á fasteignavefjum landsins og nýtur sín mjög í starfinu.

„Þetta er áhugamál og ástríða. Mér finnst þetta rosalega gaman. Það er líka ánægjulegt þegar maður getur tekið vinnustimpilinn af vinnunni – þá nýtur maður hennar meira."

Leikarinn knái segir vissa hvíld fylgja hönnunarstarfinu. Hann þarf svo sannarlega á hvíldinni að halda þessa dagana. Hann og maður hans, Snorri Sigurðarson, reka hótelið Rey Apartments í miðbænum þar sem viðskiptin blómstra. Þá er Bjartmar einnig að leikstýra Verslingum í söngleiknum Með allt á hreinu sem frumsýndur verður í Austurbæ í febrúar sem og að skemmta á jólahlaðborði á Broadway. „Það er ákveðin heilahvíld að gera upp íbúðir þegar ég er búin að vera á suðupunkti að pæla í handritum. Maður notar aðrar stöðvar við hönnunina og því hvílist maður vel."

liljakatrin@frettabladid.is



**ATHAFNASAMUR** Bjartmari leiðist aldrei enda mjög uppátækjasamur.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN







Tilboðin gilda 7. - 10. nóv

# nettó

Kræsingar & kostakjör



VERÐ-SPRENGJA!

# SÚPUKJÖT

## Á FRÁBÆRU VERÐI

# 498 KR/KG

FJALLALAMB KÓPASKERI

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Grandi |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Jökull samdi við ÍBV



**FÓTBOLTI** ÍBV fékk fínan liðsstyrk í gær þegar miðjumaðurinn Jökull Elísabetarson skrifaði undir þriggja ára samning við félagið.

Hann kemur til liðsins frá Breiðabliki þar sem hann hefur verið undanfarin ár. Hann er aftur á móti uppalinn hjá KR.

„Þetta voru góðir tímar og frábær hópur, góðir þjálfarar og góð umgjörð. En það var ekkert annað í stöðunni en að yfirgefa liðið,“ sagði Jökull við fótbolta.net. Hinn nýráðni þjálfari ÍBV, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, safnar liði þessa dagana. Markvarðarmálin eru enn í óvissu en David James hefur lagt skóna á hilluna.

Samkvæmt heimildum íþróttadeildar þá setti Dejan Pesic, fyrrum markvörður Völsungs, sig í samband við ÍBV og lýsti yfir áhuga á að koma til Eyja. Eyjamenn afþökkuðu boð Pesic. **- hbg**

## Aðrir leikmenn betri en Gunnar Steinn

**HANDBOLTI** Gunnar Steinn Jónsson, leikmaður franska liðsins Nantes, hefur ekki enn fengið tækifæri með landsliðinu þó svo hann hafi staðið sig vel með félagsliði sínu. Miðjumaðurinn sagði í viðtali við Fréttablaðið í sumar að hann ætti skilið að fá tækifæri.

Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari í handknattleik, er viðmælandi vikunnar í Sportspjallinu og Guðjón Guðmundsson bar þessi ummæli undir landsliðsþjálfarann.

„Ég tel ekki svo vera að við séum að ganga fram hjá honum. Hann er aftur á móti leikmaður sem ég er að fylgjast með og gæti komið inn í framtíðinni. Hann er í erfiðri samkeppni því leikmennirnir í hans stöðu er gríðarlega sterkir,“ segir Aron en þeir sem fyrir eru á miðjunni eru þeir Snorri Steinn Guðjónsson, Aron Pálmarsson og Arnór Atlason.

„Það eru takmörk fyrir því hvað er hægt að vera með marga leikstjórnendur í hópnum. Þessir strákar sem eru þarna í dag eru einfaldlega betri en Gunnar. Þetta var kannski fulllangt gengið hjá honum.“

Sportspjallið fer í loftið á Vísi í hádeginu.

**- hbg**



**ARON KRISTJÁNSSON.**




# Veðrið ekki með mér

**Birgir Leifur var ekki langt frá því að tryggja sig á þriðja stig úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina en féll úr leik á minnsta mun. Kylfingurinn heldur nú til Bandaríkjanna á annað úrtökumót og þar eru möguleikarnir töluverðir.**

**GOLF** „Þetta er vissulega mjög súrt og töluverð vonbrigði,“ segir Birgir Leifur Hafþórsson sem lauk í gær keppni á öðru stigi úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina en leikið var í Tarragona á Spáni.

Birgir Leifur lék aðeins eina holu í gær en fresta varð keppni á þriðjudaginn vegna veðurs og þá átti Birgir aðeins eftir að leika eina holu á lokahringnum.

Samtals fór kylfingurinn hringina fjóra á þremur höggum undir pari og vantaði aðeins eitt högg til að komast í bráðabana um laust sæti á lokastigi úrtökumótsins fyrir hina vinsælu Evrópumótaröð.

„Það var nokkuð skrýtið að spila bara eina holu í dag og klára hringinn á tveimur dögum. Veðrið í dag var alltof gott og alls ekki mér í hag þar sem ég átti aðeins eina holu eftir. Ég lék síðasta hringinn í raun í virkilega slæmu veðri. Aðrir kylfingar fengu þar af leiðandi ákveðið forskot á mig í dag. Ég hefði haft mun meiri möguleika ef allir hefðu klárað síðasta hringinn við þessar aðstæður sem voru á þriðjudaginn.“

Birgir lék hringina fjóra á 281 höggi og hefði hann fengið fleiri holur við betri aðstæður í gær er spurning hvort Íslendingurinn hefði unnið upp eitt til tvö högg sem upp á vantaði.

„Spilamennska mín var nokkuð stöðug á þessu móti en mér fannst ég samt sem áður alltaf skilja eftir tvö til þrjú högg á hverjum hring. Ég átti aðeins of mikið inni að mínu mati. Það má svo lítið út af bera í svona mótum. Það eru allir svo jafnir og lítið pláss fyrir mistök.“

Núna er förinni heitið til Bandaríkjanna þar sem kylfingurinn mun reyna fyrir sér á úrtökumóti fyrir Web.com-mótaröðina.

„Ég er kominn á annað stig af þremur í þeirri forkeppni og mun taka þátt í móti í lok nóvember. Bandaríkjamenn hafa lagt niður öll úrtökumót fyrir PGA-mótaröðina og eru með aðra stóra mótaröð sem kallast Web.com-mótaröðin. Góður árangur á þeirri mótaröð gæti komið manni að lokum í PGA-mótaröðina og það er auðvitað það sem alla kylfinga dreymir um. Web.com er svakalega flott mótaröð sem er leikin útum allt í Bandaríkjunum og suður til Suður-Ameríku. Það eru miklir peningar á þessum mótum og góður stökkpallur fyrir mann.“

Birgir Leifur er mjög bjartsýnn á framhaldið og telur að stöðugur leikur sé lykillinn að góðum árangri. Leikur Íslendingsins hefur verið mjög stöðugur undanfarna mánuði.

**stefanp@frettabladid.is**



**FARINN TIL BANDARÍKJANNA** Birgir Leifur Hafþórsson heldur ótrauður áfram þrátt fyrir vonbrigði gærdagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Frækinn sigur hjá Arsenal




**SKORAR OG SKORAR** Aaron Ramsey var enn eina ferðina á skotskónum fyrir Arsenal í gær. Hann fagnar hér markinu með Mesut Özil. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Aaron Ramsey tryggði Arsenal glæsilegan 0-1 sigur á Dortmund í Meistaradeild Evrópu í gær.

Lykilsigur hjá Arsenal sem er á toppi riðilsins með níu stig. Napoli með sama stigafjölda en Dortmund með sex stig þegar tvær umferðir eru eftir af riðlakeppninni.

Chelsea er svo gott sem komið áfram eftir 3-0 sigur á Schalke þar sem Samuel Eto'o skoraði tvö mörk.

Lionel Messi skoraði tvö mörk fyrir Barcelona sem er komið í sextán liða úrslit keppninnar rétt eins og Atletico Madrid.

Kolbeinn Sigþórsson var í byrjunarliði Ajax sem lagði Celtic, 1-0, og komst fyrir vikið upp í þriðja sæti riðilsins. Ajax á enn möguleika á því að komast í sextán liða úrslit. Hollenska liðið er einu stigi á eftir ítalska liðinu AC Milan. **- hbg**

**visir.is**
Frekari umfjöllun um Meistaradeildina.

# Gæði á Dorma-verði!



FLORIDA TUNGUSÓFI
179.900
2ja sæta

FLORIDA TUNGUSÓFI
219.900
3ja sæta

Florida 2ja sæta tungusófi. Særð: 250x200x90 H:70 cm
Florida 3ja sæta tungusófi. Særð: 320x200x90 H:70 cm

HEILSURÚM
FRÁBÆRT
VERÐ

## Nature's Rest heilsurúm



Aðeins kr.
7.056
í 12 mánuði*
STÆRÐ 120X200
Dýna, botn og lappir

Nature's Bedding

AÐEINS
79.900
120x200

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir
- 320 gormar pr fm$^2$

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

## Nature's Comfort heilsurúm



Aðeins kr.
13.094
í 12 mánuði*
STÆRÐ 160X200
Dýna, botn og lappir

Nature's Bedding

AÐEINS
149.900
160x200

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Steyptar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

## Jazz hægindastóll

## Reggae svefnsófi



Jazz - hægindastóll með skemli. Fæst í koníaksbrúnu, svörtu, dökk brúnu og kremuðu leðri.

AÐEINS
95.900
DORMAVERÐ

Reggae svefnsófi. Fæst í brúnu PU áklæði. Stærð: 192x90 H 86 cm. Dýna 195x118 Þ: 21 cm. Stillanlegt bak.



AÐEINS
69.900
DORMAVERÐ

DORMA
– býður góða nótt

**Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800 • OPIÐ: Virka daga kl. 10.00–18.00 og laugardaga kl. 11.00–16.00**
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

# Verðum að passa gullmolana okkar

Efnilegustu knattspyrnustelpur landsins verða margar hverjar fyrir erfiðum meiðslum á táningsárum. Álagið á leikmennina er mikið og virðist sem hagur leikmanns sé óþarflega oft virtur að vettugi til að þjóna hagsmunum félags. Þjálfarar segjast vera í erfiðri stöðu.

Kolbeinn Tumi Daðason
kolbeinntumi@frettabladid.is





**EFNILEGAR** Leikmenn úr 17 ára landsliði Íslands sem komst í undanúrslit á Evrópumótinu sumarið 2011. MYND/ÍRIS BJÖRK EYSTEINSDÓTTIR

**FÓTBOLTI** Er eðlilegt að stelpa á fjórtánda ári spili 34 leiki með tveimur flokkum yfir sumarið? En að lykilmaður í meistaraflokksliði spili sömuleiðis 16 leiki með 2. flokki félagsins um sumarið? Hvað með að aðalframherji meistaraflokks sé látinn spila leiki með 2. flokki þegar á þarf að halda? Skiptir máli að strax daginn eftir sé leikur með meistaraflokki? Ýmsar aðstæður geta komið upp en ljóst er að heilsa og framtíðarhagur efnilegustu knattspyrnukvenna landsins er ekki hafður að leiðarljósi í fyrrnefndum dæmum.

Aldís Kara Lúðvíksdóttir, Elín Metta Jensen, Fjolla Shala, Guðrún Arnardóttir, Sigríður Lára Garðarsdóttir, Sandra María Jessen og fleiri mætti nefna. Stelpurnar tilheyra gullkynslóð úr árgöngum 1994 og 1995 sem hafa gert frábæra hluti á erlendri grundu með yngri landsliðum þjóðarinnar. Allar eru þær lykilmenn í liðum sínum í efstu deild kvenna þrátt fyrir að vera enn á táningsaldri. Þær eiga það einnig allar sameiginlegt að hafa lent í erfiðum meiðslum sem að miklu leyti má rekja til alltof mikils álags.

Hér á síðunni má sjá nokkur dæmi um efnilegar fótboltastelpur sem segja má að líði fyrir það hve góðar þær eru. Þær líða kannski ekki fyrir það í dag. En þegar ekki verður vart við framfarir og krossbönd slitna undan álagi ætti enginn að koma af fjöllum. Samantektin miðast við fjölda leikja þar sem leikmennirnir tóku þátt. Vissulega spiluðu allar stelpurnar ekki allar mínúturnar í öllum leikjum. Sem betur fer. Hverjum leik fylgir þó álag og stundum langt ferðalag. Tími sem leikmenn ættu allajafna að nota í hvíld til að safna orku fyrir næstu átök.

**Theódór Sveinjónsson,**
**annar af þjálfurum 2. og 3. flokks kvenna**

## Fjórtán ára lykilmaður í tveimur flokkum

Stórefnileg fjórtán ára stúlka spilar með Breiðabliki. Þrátt fyrir að vera gjaldgeng í 4. flokk æfir hún eingöngu með 2. og 3. flokki félagsins. Í sumar spilaði hún líka nánast alla leiki beggja flokka.

„Þótt það sé skráður á hana leikur þá spilaði hún stundum hálfleik í einum leik og annan hálfleik í þeim næsta,“ segir Theódór Sveinjónsson, annar af þjálfurum 2. og 3. flokks kvenna. Ekkert félag á Íslandi getur keppt við Breiðablik þegar kemur að iðkendafjölda. Þó virðist vanta upp í vissa árganga hjá Blikum og á það við um 2. flokk félagsins.

„Okkur reyndist erfitt að manna leikina og þurftum að leita til stelpna úr 3. flokki,“ segir Theódór. Hann segir pressu koma frá hinum og þessum stöðum um að leikmaður fái að spila sem flesta leiki. Aðspurður hvort það sé ekki aðallega frá foreldrum á Theódór erfitt með að neita því. Samstarf við foreldra hafi verið gott en þeir reyni oft og tíðum að hafa áhrif á ákvarðanir þjálfara.

„Við megum ekki halda leikmönnum niðri og þurfum að finna verkefni við hæfi,“ segir Theódór. Leikmaðurinn hafi sloppið við meiðsli í sumar þrátt fyrir mikið álag.

„Við þjálfararnir þurfum að ráða þessu og bera hag leikmannsins fyrir brjósti.

**Magnea Guðlaugsdóttir, þjálfari**
**meistaraflokks og 2. flokks Skagamanna**

## Stelpurnar urðu snarvitlausar

Kvennalið ÍA tryggði sér sæti í efstu deild eftir nokkra fjarveru í sumar. Meistaraflokkur félagins var að mestu leyti skipaður uppöldum stelpum sem margar hverjar eru enn gjaldgengar í 2. flokk félagsins. Ein þeirra, á sautjánda ári, var í algjöru lykilhlutverki á hvorum tveggja vígstöðvunum. Í júlí spilaði hún einu sinni fjóra leiki á sex dögum. Í ágúst spilaði hún leiki tvo daga í röð. Í september voru leikirnir eitt sinn þrír á fimm dögum. Magnea Guðlaugsdóttir er þjálfari meistaraflokks og 2. flokks Skagamanna.

„Þetta var rosalegt vandamál hjá bæði meistaraflokki og 2. flokki í sumar,“ segir Magnea og bendir á að fjórir til fimm leikmenn hafi spilað alltof marga leiki í sumar. Lagt hafi verið upp með að hafa mun minna álag á leikmenn en það einfaldlega ekki gengið eftir.

„Þetta var skelfilegt og ég er búin að setja svart strik yfir að þetta verði svona aftur á næsta ári.“

Magnea segir fámenni í flokkum eina ástæðu fyrir því hvernig fór. Auk þess hafi verið erfitt að koma leikmönnum í skilning um að best væri að þær spiluðu ekki.

„Við tókum þetta fyrir í einum bikarleik í sumar hjá 2. flokki. Við tókum meistaraflokksstelpurnar úr byrjunarliðinu og ætluðum að hvíla þær. Þá urðu hinar í liðinu snarvitlausar. Hvers konar vanvirðing væri það að ætla að tapa leiknum með engar drottningar inni á vellinum?“

Þá hafi einnig tekið á þegar leikmenn hafi verið teknir snemma af velli til að hvíla. Stelpurnar vilji spila alla leiki en hún hafi meðal annars reynt að benda þeim á sín eigin hné til að útskýra ákvarðanir sínar.

„Ég er með slitin krossbönd og ónýt hné báðum megin. Ég hef farið í fullt af aðgerðum. Samt voru leikirnir miklu færri þegar ég var að spila en í dag.“

**Björgvin Karl Gunnarsson,**
**þjálfari meistaraflokks kvenna hjá KR**

## Það vantar fleiri stelpur

Stórefnileg sextán ára stúlka hjá KR var í lykilhlutverki hjá meistaraflokki félagsins í 1. deild í sumar. Auk þess spilaði hún töluvert með 2. flokki félagsins og varði einnig markið hjá 3. flokki þegar mikið lá við. Við bætist að hún var í stóru hlutverki með 16 ára og 17 ára landsliðinu á árinu en landsleikirnir urðu tólf á árinu.

„Það vantar mannskap. Það er ástæða númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Björgvin Karl Gunnarsson, þjálfari meistaraflokks kvenna hjá KR. Hann segir mikilvægt að hafa í huga að þótt leikirnir séu margir þá séu fjölmargir leikir þar sem leikmaðurinn efnilegi spili ekki heilan leik. Mínútur séu að einhverju leyti betra viðmið þótt hann taki undir að um vandamál sé að ræða.

„Þess vegna var farið í sameiningu hjá KR og Gróttu í þessum erfiðu flokkum,“ segir Björgvin Karl og á við 2., 3. og 4. flokk.

Þrátt fyrir mikið álag segir hann að vegna ástandsins hafi leikmaðurinn spilað minna með meistaraflokki í sumar en hann hefði viljað. Geta hennar sé það mikil að hún ætti að óbreyttu að spila 90 mínútur í hverjum leik. Það hafi ekki verið hægt vegna aukins álags með 2. flokki þar sem stundum var erfitt að ná í ellefu manna lið.



**Helena Ólafsdóttir,**
**þjálfari meistaraflokks Vals**

## Hóuðu í þær bestu á ögurstundu

Lið Vals/ÍR í 2. flokki kvenna var í bullandi fallbaráttu þegar fjórar umferðir voru eftir af móti og góð ráð dýr.

„Við funduðum út af þessu. Við vorum komin í fallhættu og tekin sameiginleg ákvörðun um að aðstoða annan flokkinn við að halda sér uppi,“ segir Helena Ólafsdóttir, þjálfari meistaraflokks Vals.

Aðstoðin fólst í því að lykilmenn úr meistaraflokknum spiluðu með liðinu í næstu leikjum. Hildur Antonsdóttir og Svava Rós Guðmundsdóttir spiluðu í 3-1 tapi fyrir Stjörnunni/Álftanesi. Í næsta leik var markadrottningin sjálf, Elín Metta Jensen, einnig mætt til leiks og skoraði þrennu í 5-1 sigri á ÍA. Aftur skoraði Elín Metta þrennu í 3-2 lykilsigri á ÍBV í Vestmannaeyjum og sætið tryggt. Daginn eftir var Elín Metta svo í byrjunarliði meistaraflokks og skoraði tvö mörk í 6-0 sigri á HK/Víkingi. Tveir leikir á tveimur dögum auk ferðalagsins til Vestmannaeyja.

„Ég hefði alveg getað hvílt hana hefði ég viljað. Allur mannskapurinn í meistaraflokki var kominn í lag á þessum tíma eftir erfiðan fyrri hluta sumars,“ segir Helena. Elín Metta spilaði þó allan leikinn.

Helena segir að aldrei hefði komið til greina að láta leikmennina spila fyrrnefnda leiki með 2. flokki hefði meistaraflokkur átt möguleika á titlinum. Staða liðsins bauð upp á þetta en áhætta fylgdi vissulega ákvörðuninni.

„Svava tognaði meira að segja í einum leiknum með 2. flokki. Ég var ekki ánægð með það,“ segir Helena. Hún telur að breyta þurfi fyrirkomulagi 2. flokks á þann veg að eldri leikmenn megi líka spila með flokknum.

„Þegar félög eins og Breiðablik, með allan þennan fjölda, eru í vandræðum með að ná í lið er þetta orðið athyglisvert.“

**Janus Guðlaugsson, MEd-íþróttafræðingur og**
**lektor við íþrótta- og heilsubraut Háskóla Íslands**

## Maður á að fara vel með gullið sitt

„Heilsan er það dýrmætasta sem hver einstaklingur á og því þurfa bæði þjálfarar, foreldrar og stjórnarmenn félaga að hafa heilsu og velferð hvers einstaklings í huga, bæði við skipulag á mótum og æfingum – og samspili þessara þátta,“ segir Janus Guðlaugsson, MEd-íþróttafræðingur og lektor við íþrótta- og heilsubraut Háskóla Íslands.

Janus bendir á að tími til uppbyggingar á afkastagetu nái til 18-20 ára aldurs og haldi áfram í áratug. Góð þjálfun afreksmanna skili sér meðal annars í því að einstaklingar séu farnir að leika svo lengi sem raun ber vitni.

„Því þurfa langtímamarkmið að ráða för en ekki skammtímamarkmið einstakra leikja eða móta þegar börn og unglingar eiga í hlut. Knattspyrnuferill ungra leikmanna getur orðið að engu á nokkrum vikum með illa skipulögðu æfinga- og leikjaálagi.“

Janus bendir á hve vel sé staðið að þjálfun Anítu Hinriksdóttur, hlaupakonunnar stórefnilegu, hvað tíðni æfinga, æfingamagn og ákefð á æfingum snerti.

„Hvað gerir maður með gullið sitt? Fer vel með það.“

Janus segir að æskilegt væri að fleiri þjálfarar og stjórnendur tækju sér slíkt til fyrirmyndar því álag á mörg efnileg börn og unglinga sé allt of mikið. Sérstaklega hjá mörgum af efnilegustu knattspyrnukonum landsins þegar leikjaálagið er skoðað á heimasíðu KSÍ.

„Eftirlit er lítið og allt traust lagt á þjálfara að sinna hlutverkinu. Ábyrgðin er einnig á þeim sem skipuleggja mót og keppni á vegum sambanda og félaga.“

## Hvers vegna er leikjaálag svo slæmt?

- Leikmenn fá **lítinn tíma til að jafna sig** á milli leikja.
- Talað er um að fullorðnir einstaklingar þurfi **48-72 klukkustundir til að ná sér að fullu** á milli leikja.
- **Orka leikmanna fer í leiki** þar sem snerting við bolta er mun minni en á æfingum.
- **Leikmenn meiðast frekar í leikjum** þar sem ákefð er mikil.
- Spili leikmenn þreyttir **stóreykst meiðslahættan.**
- **Besti tíminn til að auka færni er á unglingsárum.** Mun betra tækifæri fæst til að vinna í sérstökum þáttum á æfingum en í leikjum sem þó þurfa að fylgja með.
- **Fái leikmenn ekki tíma til æfinga er hætt við að þeir staðni,** taki ekki framförum og efnilegir leikmenn verði aldrei að framúrskarandi leikmönnum.

# TOSHIBA FARTÖLVUTILBOÐ

## STÓRLÆKKAÐ VERÐ VEGNA MAGNKAUPA !




## SÉRSTAKT MAGNKAUPAVERÐ

# 79.990

**AÐEINS KR. 6.899 Á MÁNUÐI**
vaxtalaust í 12 mánuði. Innifalið í mánaðargreiðslum er 3,5% lántökugjald og mánaðarlegt færslugjald.

20.000 króna afsláttur. Fullt verð kr. 99.990.
Gildir í viku eða meðan birgðir endast.

## TOSHIBA TOS-L50A152

15,6” fartölva fyrir alla helstu tölvuvinnslu. Intel Dual Core örgjörvi, 8GB vinnsluminni og innbyggt Intel HD Graphics skjákort. Stór 1TB harður diskur til að geyma tónlist, ljósmyndir og bíómyndir. Vel hönnuð, sterk og meðfærileg fartölva með Windows 8 stýrikerfi.

### Toshiba gæði og lág bilanatíðni
Tölvulistinn hefur verið umboðsaðili Toshiba um árabil. Á undanförnum árum höfum við selt tugþúsundir fartölva frá Toshiba vegna þess að þær hafa reynst viðskiptavinum okkar mjög vel. Lág bilanatíðni og framúrskarandi ending.

### Rétta tölvan fyrir almenna notkun
Ef þú ert að leita af fartölvu til að nota heima, í skólanum eða á ferðalaginu, þá er þetta rétta tölvan. Hún hentar vel fyrir netið, ritvinnslu og önnur verkefni sem krefjast ekki þungrar grafískrar vinnslu, eins og frá þyngri leikjum eða myndvinnsluforritum.

### Tvöfalt meira vinnsluminni
Fartölvan hefur 8GB vinnsluminni í stað einungis 4GB eins og margar fartölvur í þessum verðflokki. Þetta auka minni skilar hraðari vinnslu og hægt að hafa fleiri glugga og forrit opin í einu.

### Þunn, létt og sterk
Úr nýju L-línunni Toshiba og kemur í glæsilegri silfraðri umgjörð. Hún er skemmtilega þunn og meðfærileg í samanburði við aðrar fartölvur í hennar verðflokki.

### Intel örgjörvi
Gæði örgjörvans skipta alltaf miklu máli og þar er Intel í fararbroddi. Þessi kemur með traustum Intel tveggja kjarna örgjörva.

### Góðir tengimöguleikar
Með tveimur USB3 tengjum sem skilar allt að tífalt hraðari gagnaflutningshraða og einu USB2 tengi. HDMI til þess að tengja við sjónvarp eða hljómtæki í bestu gæðum. Kortalesari.

**PROMENNT ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !**

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.

tl.is

TÖLVU LISTINN




**OPIÐ**
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# DAGSKRÁ



## Sjónvarpið kl. 21.25
### Stúdíó A

Íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn flytja ný lög í myndveri RÚV. Í þessum þætti koma fram Ásgeir Trausti, Kaleo, Raggi Bjarna og Markús Bjarnason. Umsjónarmaður er Ólafur Páll Gunnarsson og upptöku stjórnar Helgi Jóhannesson.

## Í KVÖLD



### Sælkeraferðin

**STÖÐ 2 KL. 20.05** Glæsilegir og skemmtilegir þættir þar sem sjónvarpskonan Vala Matt ferðast í kringum Ísland og heimsækir sælkera, veitingahúsafólk og sveitamenn og -konur sem bjóða upp á það allra besta og girnilegasta af íslenskum sælkeramat.



### 30 Rock

**SKJÁR EINN KL. 20.45** Liz Lemon og félagar í 30 Rockefeller snúa loks aftur með frábæra þáttaröð sem hlotið hefur fjölda verðlauna. Liz langar í börn og reynir að sannfæra sinn heittelskaða Criss um að eignast barn með sér.

**TV.COM** 8,7 **IMDb** 8,2



### Tekinn

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.30** Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórnar þættinum Tekinn – þætti sem er í anda Punk'd með Ashton Kutcher. Auddi hrekkir þjóðþekkta einstaklinga og tekur allt saman upp með falinni myndavél.

## Bylgjan kl. 19.20
### 90´ þátturinn Algjört möst



Þórunn Clausen stjórnar hér sínum fyrsta þætti á Bylgjunni. Þátturinn er tileinkaður vinsælli og skemmtilegri tónlist frá tíunda áratugnum eða 90's. Þráinn Steinsson er tæknistjóri þáttarins.




## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Hell's Kitchen**
**11.45 Touch**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The O.C.**
**13.55 Garfield's Pet Force**
**15.10 Hundagengið**
**15.35 Ofurhetjusérsveitin**
**16.00 Tasmanía**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Stelpurnar** *(14:20)*
**19.40 The Michael J. Fox Show** *(1:22)*
**20.05 Sælkeraferðin** *(8:8)* G
**20.25 Masterchef USA** *(18:20)*
**21.10 The Blacklist** *(7:13)*
**21.55 Person of Interest** *(13:22)*
**22.40 NCIS. Los Angeles** *(13:24)*
**23.25 Ástríður** *(8:10)*
**23.50 Spaugstofan**
**00.20 Homeland**
**01.10 Boardwalk Empire**
**02.05 Mulberry Street**
**03.25 Smiley Face**
**04.45 The Blacklist**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.45 Meistaradeild Evrópu. Chelsea - Schalke**
**11.30 Meistaradeildin Dortmund - Arsenal**
**13.15 Meistaradeildin Ajax - Celtic**
**15.00 Meistaradeildin Barcelona - AC Milan**
**16.45 Meistaradeildin Zenit - Porto**
**18.30 Meistaradeildin - meistaramörk**
**19.30 Liðið mitt**
**20.00 Tottenham - Sheriff Tiraspol** *(B)*
**22.05 Meistaradeildin Dortmund - Arsenal**
**23.50 AZ Alkmaar - Shakhter Karagandy**
**01.35 Tottenham - Sheriff Tiraspol**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Messan**
**16.40 Everton - Tottenham**
**18.20 Man. City - Norwich**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**21.25 Football League Show**
**21.55 Fulham - Man. Utd.**
**23.35 Stoke - Southampton**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

## STÖÐ 3

**16.50 The Great Escape**
**17.30 Smash**
**18.15 Super Fun Night**
**18.35 Game tíví**
**19.00 Bunheads**
**19.40 The X-Factor US** *(13:26)*
**21.05 Shameless** *(9:12)*
**21.55 Banshee** *(9:10)* Magnaðir spennuþættir um Lucas Hood sem er fyrrum fangi og afar útsmoginn þjófur.
**22.40 Hunted** *(7:10)*
**23.40 Strike back** *(8:10)*
**00.25 Bunheads**
**01.05 The X-Factor US**
**02.30 Shameless**
**03.20 Banshee**
**04.10 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Lukku láki **07.24** Ofurhundurinn Krypto **07.45** UKI **07.50** Hvellur keppnisbíll **08.00** Dóra könnuður **08.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.48** Latibær **10.00** Ævintýri Tinna **10.22** Skoppa og Skrítla **10.35** Strumparnir **11.00** Lukku láki **11.24** Ofurhundurinn Krypto **11.45** UKI **11.50** Hvellur keppnisbíll **12.00** Dóra könnuður **12.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.48** Latibær **14.00** Ævintýri Tinna **14.22** Skoppa og Skrítla **14.35** Strumparnir **15.00** Lukku láki **15.24** Ofurhundurinn Krypto **15.45** UKI **15.50** Hvellur keppnisbíll **16.00** Dóra könnuður **16.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.48** Latibær **18.00** Ævintýri Tinna **18.22** Skoppa og Skrítla **18.35** Strumparnir **19.00** Hetjur Valhallar - Þór **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men** *(9:22)*
**20.00 Auglýsingahlé Simma og Jóa** *(2:9)*
**20.30 Tekinn**
**20.55 Svínasúpan**
**21.20 The Drew Carey Show** *(14:24)*
**21.45 Curb Your Enthusiasm** *(9:10)*
**22.20 Twenty Four** *(8:24)*
**23.05 Game of Thrones** *(7:10)*
**00.05 A Touch of Frost**
**01.45 Auglýsingahlé Simma og Jóa**
**02.15 Tekinn**
**02.40 Svínasúpan**
**03.05 The Drew Carey Show**
**03.30 Curb Your Enthusiasm**
**04.05 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**12.25 Airheads**
**14.00 Her Best Move**
**15.40 All Hat**
**17.10 Airheads**
**18.45 Her Best Move**
**20.25 All Hat**
**22.00 Beyond A Reasonable Doubt**
**23.45 The Ramen Girl**
**01.30 Stir of Echoes. The Homecoming**
**03.10 Beyond A Reasonable Doubt**

## RÚV

**16.20 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10 Kóalabræður**
**17.20 Skrípin**
**17.25 Stundin okkar**
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 Kiljan**
**18.45 Íþróttir**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Gunnar á völlum - Maður í bak**
**20.10 Villt og grænt** *(2:8) (Gæs)*
**20.40 Innsæi** *(3:10) (Perception)*
**21.25 Stúdíó A** *(1:6)* Íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn flytja ný lög í myndveri RÚV. Í þessum þætti koma fram Ásgeir Trausti, Kaleo, Raggi Bjarna og Markús Bjarnason. Umsjónarmaður er Ólafur Páll Gunnarsson og upptöku stjórnar Helgi Jóhannesson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Djöflar Da Vincis** *(8:8) (Da Vinci's Demons)* Þáttaröð um snillinginn Leonardo Da Vinci og ævintýri hans þegar hann var ungur maður í Flórens á endurreisnartímanum. Meðal leikenda eru Tom Riley, Laura Haddock, Elliot Cowan, Lara Pulver, Tom Bateman og Hera Hilmarsdóttir.
**23.20 Downton Abbey** *(2:9)*
**00.10 Kynlífsráðuneytið** *(15:15) (Sex ministeriet)*
**00.40 Kastljós**
**01.05 Fréttir**
**01.15 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**14.10 The Voice**
**17.10 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**17.40 Dr. Phil**
**18.20 America's Next Top Model**
**19.05 America's Funniest Home Videos**
**19.30 Cheers**
**19.55 Solsidan** *(3:10)*
**20.20 Save Me** *(7:13)*
**20.45 30 Rock** *(7:13)*
**21.10 Happy Endings** *(11:22)*
**21.35 Parks & Recreation** *(11:22)*
**22.00 Zoolander**
**23.30 Under the Dome**
**00.20 Excused**
**00.45 In Plain Sight**
**01.35 Green Room With Paul Provenza**
**02.05 The Client List**
**02.50 Blue Bloods**
**03.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **09.10** Golfing World **10.00** World Golf Championship 2013 **14.00** World Golf Championship 2013 **17.35** Inside the PGA Tour **18.00** The McGladrey Classic 2013 **21.00** The McGladrey Classic 2013 **00.00** The McGladrey Classic 2013 **01.30** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# NÝ HUGSUN Í HLJÓÐI

**Frábær hljómgæði gegnum þráðlaust net**

SONOS®

Sonos er þráðlaust hljóðkerfi sem býður þér að streyma tónlist gegnum Wifi-net og tengir sig beint við tónlistarsafnið þitt. Þú einfaldlega setur kerfið upp eins og þér hentar um húsið þitt, íbúðina eða vinnustaðinn. Þú stjórnar síðan með snjalltækinu þínu eða tölvunni hvaða hátalarar eru virkir í það og það skiptið og hægt er að spila mismunandi tónlist í mismunandi herbergjum samtímis. Einingar Sonos eru allt frá litlum, þráðlausum hátölurum upp í heimabíólausnir og bassabox. Uppsetningin er sáraeinföld, hljómurinn er frábær og ekkert hik á netinu. Þitt eigið tónlistarsafn, allar tónlistarveitur á borð við iTunes eða Spotify, internet-útvarp eða hvað sem er, allt þetta og meira til er opið með Sonos.

- Öll tónlistin þín þráðlaust gegnum lokað Wifi-net
- Tenging við Spotify, iTunes eða hvaða tónlistarveitu sem er
- Eins margir hátalarar í eins mörgum herbergjum og þú vilt
- Allar stýringar í appi úr snjalltækinu eða tölvunni
- Uppsetning eins einföld og hugsast getur



**Sonos Play:3**
Fjölhæfur, þráðlaus hátalari.
Hljóð sem fyllir vel út í rýmið.
**74.995 kr.**

**Sonos SUB**
Fallegur, þráðlaus bassahátalari. Ný vídd í tónlistina þína.
**159.995 kr.**

**Sonos Play:5**
Öflugur, þráðlaus hátalari.
Stærra hljóð fyrir stærri rými.
**105.995 kr.**

**Sonos Bridge**
Tengist við routerinn þinn og keyrir alla hluta hljóðkerfisins þráðlaust.
**12.995 kr.**

**Sonos Playbar**
Aflangur, þráðlaus hátalari.
Hentar vel með heimabíóinu, eða einn og sér.
**179.995 kr.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 133271

Hátækni

## BESTI BITINN Í BÆNUM



**GUÐMUNDUR ARNAR GUÐMUNDSSON**
**Vinna:** Kvikmyndaleikstjóri

Á nýja kóreska staðnum K-bar er ferskt bragð sem maður hefur ekki fengið að smakka áður á Íslandi.

# Þetta er ekki gullnáma fyrir íbúðareigendur

Hildur Björgvinsdóttir leigir út íbúð til erlendra ferðamanna allt árið um kring.

Hildur Björgvinsdóttir leigir út íbúð til erlendra ferðamanna allt árið um kring. Hún segir að það borgi sig örugglega að leigja út íbúðir til erlendra ferðamanna ef það er gert allt árið um kring. Hins vegar mælir hún ekki með því að fólk leigi út íbúðirnar aðeins yfir Airwaves-hátíðina eins og sumir gera.

„Það er dýrt að fá leyfi fyrir því. Það myndi ekki endilega borga sig að gera þetta bara yfir Airwaves."

Sækja þarf hjá sýslumanni um rekstrarleyfi til þess að leigja út íbúðir. Embætti lögreglustjóra sér um að veita leyfið í Reykjavík. Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og kostar 24.000 krónur. Til þess að fá leyfi þarf að uppfylla alls kyns skilyrði.

„Það getur verið kostnaðarsamt. Til dæmis er nauðsynlegt að eiga slökkvitæki til að fá leyfi. Við þurftum að skipta um blöndunartæki vegna þess að þau voru ekki af réttri tegund."

Leigutekjur eru skattskyldar eins og aðrar tekjur. Ef meiningin er að leigja íbúðina út aðeins í fjóra eða fimm daga borgar það sig ekki endilega. Það er að segja ef sótt er um leyfi og tekjurnar gefnar upp til skatts.



**HILDUR BJÖRGVINSDÓTTIR**

Ef íbúðir eru leigðar út í lengri tíma fer framtakið þó fljótlega að svara kostnaði. Hildur segir að það fáist meiri tekjur út úr því að leigja út íbúð til ferðamanna en með því að setja íbúðina í langtímaleigu en að þeim mun meiri vinna sé fólgin í því.

„Það þarf að halda utan um bókanir, gefa fólki ráðleggingar um hvað sé áhugavert að gera í Reykjavík, svara tölvupósti og auðvitað þrífa og þvo. Þetta er brjáluð vinna."

Hildur segist ekki hafa hækkað leiguverðið í kringum Airwaves.

„Ég leiddi ekki hugann að því að því einu sinni."

# Tímakistan sett á svið

Skáldsaga Andra Snæs verður sett á svið í Borgarleikhúsinu.

„Þetta er mjög skemmtilegt og hefur í raun staðið til í einhvern tíma," segir Andri Snær Magnason rithöfundur. Saga hans Tímakistan verður sett á svið í Borgarleikhúsinu á næsta ári. Hver hreppir leikstjórahlutverkið er þó enn óljóst en það kemur í ljós á næstunni.

Andri Snær vann að bókinni í fjögur ár, auk þess sem hann hafði gengið með hugmyndina í kollinum í dágóðan tíma.

„Sagan gerist á tveimur plönum og fjallar annars vegar um konung sem þráir að sigra heiminn og tímann, og hins vegar um stúlku sem vaknar í draugabæ þar sem allir eru í felum og bíða betri tíma," útskýrir Andri Snær.

Þetta er í sjöunda sinn sem hann kemur að uppsetningu leikrits. Síðasta bók sem Andri Snær gaf út er Draumalandið sem kom út árið 2006, en hún leitaði á hvíta tjaldið.



**ANDRI Á SVIÐ** Tímakistan eftir Andra Snæ Magnason verður sett á svið í Borgarleikhúsinu.

„Það er ýmislegt í pokahorninu sem setið hefur á hakanum sökum anna," segir Andri Snær aðspurður um framhaldið. -glp






# Íslenskur tökustjóri hjá One Direction

Magni Ágústsson er kvikmyndatökustjóri í Bretlandi. Hann segir Harry Styles ljúfan og kurteisan og gaman að vinna með uppáhalds hljómsveit dætranna.

„Leikstjóri myndbandsins var svo hrifinn af myndbandi sem ég skaut með hljómsveitinni Take That, að hann bað mig um að taka þetta verkefni að mér," segir Magni Ágústsson kvikmyndatökustjóri, en hann var fenginn sem tökustjóri tónlistarmyndbands hljómsveitarinnar One Direction við lagið Story of my Life. Magni hlaut mikið lof fyrir tökur á tónlistarmyndbandi við lagið When We Were Young með hljómsveitinni Take That.

„Ég hef hlustað á One Direction vegna þess að það er uppáhaldshljómsveit dætra minna," segir Magni hógvær, en One Direction er ein vinsælasta hljómsveit heims um þessar mundir.

Magni hefur lengi starfað sem kvikmyndatökustjóri. „Ég geri mestmegnis auglýsingar en hef skotið nokkrar kvikmyndir og sjónvarpsmyndir bæði heima á Íslandi og í Bretlandi. Helst er að nefna París norðursins með Hafsteini Gunnari Sigurðsyni heima í sumar og Wallander, með leikaranum Sir Kenneth Branagh," segir Magni.

Það var mikið tilstand í kringum tökurnar á tónlistarmyndbandi One Direction. „Þetta var heljarinnar batterí. Það var gríðarlega mikil öryggisgæsla og leynd yfir verkefninu – eins og er eiginlega alltaf þegar maður vinnur með svona þekktum nöfnum," segir Magni. „Við skrifuðum undir þagnarskyldusamning eins og venjan er," segir hann.

„Þetta voru almennilegir strákar – þeir eru ungir, allir um tvítugt. Ég var í mestum samskiptum við forsprakka sveitarinnar Harry Styles og hann var rosalega kurteis. Það var einkennandi að þeir heilsuðu öllum á settinu og þökkuðu fyrir sig – það er ekki sjálfsagt í þessum bransa," segir Magni og lætur vel af sveitinni.

„Svo fær maður ýmsar séróskir uppfylltar sem tökustjóri – ég fékk til dæmis eiginhandaráritanir fyrir dæturnar," segir Magni léttur í bragði. olof@frettabladid.is



**AF SETTI** Magni Ágústsson var tökustjóri á nýju tónlistarmyndbandi One Direction. Á myndinni er Magni ásamt Harry Styles, forsprakka sveitarinnar. MYND/ÚR EINKASAFNI

## One Direction

One Direction er breskt strákaband sem sló í gegn í þættinum X-Factor árið 2010. Meðlimir hljómsveitarinnar, þeir Niall Horan, Zayn Malik, Liam Payne, Harry Styles og Louis Tomlinson, skrifuðu fyrr á árinu undir plötusamning við útgáfufyrirtækið Syco, sem er í eigu Simons Cowell og Sony.

Samkvæmt samningnum skuldbindur breska strákabandið sig til að halda áfram störfum að minnsta kosti til ársins 2016 og gefa út þrjár nýjar plötur. Talið er að strákarnir hafi fengið um það bil tvo milljarða í sinn hlut fyrir samninginn.

# Pönkarar sem öskra ljóðin sín

Hljómsveitin Kælan mikla spilar ljóðapönk.

Hljómsveitin Kælan mikla semur tónlist í kringum ljóð Sólveigar Matthildar. „Við erum með eitthvað sem heitir ljóðapönk. Þegar við semjum lög byrjum við á því að hugsa um ljóðin og búum til lög í kringum þau. Við erum svo miklir pönkarar að það endar yfirleitt á því að við öskrum ljóðin."

Ætli meðlimir Kælunnar miklu séu þá svona reiðir? Sólveig Matthildur segir svo ekki vera. „Við bara fílum þessa tjáningu."

Sólveig spilar á mörg hljóðfæri. Fyrst æfði hún á þverflautu, síðan saxófón og loks gítar. Í hljómsveitinni spilar hún þó á trommur, sem gerðist alveg óvart að hennar sögn.

Hún á ekki neinar sérstakar fyrirmyndir í skáldskapnum og játar að hafa í raun ekki byrjað að lesa ljóð fyrr en hún fór að skrifa ljóð sjálf. Upphaflega stóð ekki til hjá henni að skrifa ljóð, heldur dagbækur, en síðan fór hún að leika sér með textana og úr urðu ljóð.

Á föstudaginn spilar hljómsveitin Kælan mikla í Tjarnarbíói á Unglist, Listahátíð ungs fólks, ásamt hljómsveitinni Kjurr, RetRo Bot, Aragrúa og In the Company of Men. Viðburðurinn er skipulagður af Hinu húsinu og hefst klukkan 20.

Kælan mikla vann Ljóðaslamm Borgarbókasafnsins í febrúar á þessu ári. Hljómsveitin spilaði á off-venue Airwaves viðburði á Dillon um helgina.



**ÞRJÁR GÓÐAR** Sólveig Matthildur, Laufey Soffía Þórsdóttir og Margrét Rósa Dóru-Harrysdóttir eru meðlimir Kælunnar miklu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sólveig Matthildur Kristjánsdóttir, trommari og textahöfundur sveitarinnar, segir að tónleikarnir hafi gengið rosalega vel.

„Það mætti fullt af fólki og okkur voru boðnir stúdíótímar. Áheyrendur vildu líka taka myndir af okkur." - ue


ÁR DREKANS
Dagbók utanríkisráðherra á um
„Pólitískur þriller, ekki hægt að leggja hana frá sér.“
Heimir Már Pétursson blaðamaður.
ÁR DREKANS
Dagbók utanríkisráðherra á umbrotatímum
ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
Útgáfugleði
Verið innilega velkomin í **Eymundsson Skólavörðustíg kl. 17 í dag, fimmtudag,** að fagna með okkur útgáfu bókarinnar.
*Höfundur les upp úr verkinu og áritar.*
Léttar veitingar.
Bókin býðst á sérstöku kynningarverði.
*Í þessari hreinskilnislegu dagbók frá árinu 2012 skrifar Össur um hringiðu íslenskra stjórnmála. Hann segir frá innanflokksátökum í Samfylkingunni, uppgjöri við hrunið, glímunni við forseta Íslands, samskiptum við Jóhönnu Sigurðardóttur, ESB og mörgu fleiru.*
*Einstök heimild, allt að því nístandi opinská á köflum en full þeirrar ritgleði og húmors sem Össur er þekktur fyrir.*
sögur ÚTGÁFA
GR0512013 / grafik.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Makaleit á Mánudagsklúbbnum

Tónlistarkonan **Elín Eyþórsdóttir** og myndlistarkonan Harpa Björnsdóttir eru nýtt par. Parið kynntist fyrst á Mánudagsklúbbnum á Prikinu, sem var fastur liður í dagskrá Priksins um árabil. Þær Elín og Harpa eru ekki eina parið sem kynnst hefur á Mánudagsklúbbnum en GIF-drottningin og dansarinn Berglind Pétursdóttir kynntist Steinþóri Helga Arnsteinssyni tónlistariðnaðarmanni á Mánudagsklúbbnum. Ljóst er að mikill missir er að umræddum kvöldum í ástarlífi Reykvíkinga.



- ósk

### Kvennablaðið lítur dagsins ljós

Kvennablaðið hefur göngu sína í dag í netútgáfu. „Þetta er leikvöllur fyrir konur alls staðar á landinu," segir **Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir,** ein af ritstjórum blaðsins. „Þetta verður stútfullur fjölmiðill sem fjallar um fjölmörg málefni og í fyrsta blaðinu erum við með sjúklega spennandi einkaviðtal við skáldkonuna Isabel Allende." Meðal þrjátíu greinarhöfunda blaðsins eru Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur, **Eva Hauksdóttir,** norn og pistlahöfundur, Heimir Már Pétursson fréttamaður og Helena Ólafsdóttir, þjálfari Vals.



## Mest lesið Vísir

**1** Rollu rænt og hestur sprakk
**2** Áttu að greiða 160 þúsund fyrir flugmiða innanlands
**3** Mögulegt að Norræna hætti að sigla frá Seyðisfirði
**4** Ótrúlegt en satt: Furðulegustu dýr veraldar
**5** Ein velta í viðbót og einhver hefði dáið





